

Eiríkur Rögnvaldsson

Þættir úr sögulegri setningafræði

Reykjavík
1993

Formáli

Þessi drög eru að meginhluta til samin haustið 1993, þótt þau hafi verið lagfærð smávegis síðar. Þættirnir eru á mismunandi stigi og enginn þeirra kominn neitt nálægt lokagerð. Eftir er að bæta inn miklu af dæmum og heimildatilvísunum, lagfæra efnisskipan og orðalag, o.s.frv. Meginefni sumra kaflanna hef ég reyndar birt aukið og endurskoðað í greinum í *Íslensku máli* og víðar.

Ég ákvað að setja þessa gerð á vefinn til að menn gætu sótt þangað einhvern fróðleik, en vitaskuld stendur til að fullvinna þetta efni. Ég bið menn að vitna ekki í verkið án samráðs við mig.

Ég þakka Rannsóknasjóði Háskóla Íslands stuðning við verkið.

Eiríkur Rögnvaldsson

1. kafli: Heimildir og túlkun þeirra

1.1 Heimildir

Fyrsta vandamál þeirra sem hyggjast fást við sögulega setningafræði er val heimilda, eða öllu heldur skortur á hentugum heimildum. Þetta er auðvitað vandamál allra sem leggja stund á sögulega málfræði yfirleitt, hverju nafni sem hún nefnist; en að ýmsu leyti er vandinn þó meiri og verri viðfangs í setningafræði en öðrum greinum. Það stafar af eðli viðfangsefnisins.

Í fyrsta lagi er textamagnið aldrei nógu mikið til að við getum fullyrt hvað var tækt og hvað ekki á einhverju eldra málstigi. Hér hafa ný viðhorf í setningafræði gerbreytt myndinni. Snemma á öldinni var hægt að lýsa setningafræði fornmáls og nútímamáls á hliðstæðan hátt, eins og bækur þeirra Nygaards (1905) um setningafræði fornmálsins og Jakobs Jóh. Smára (1920) um setningafræði nútímamáls sýna; og enn í dag er hægt, með nútímaaðferðum, að komast talsvert áleiðis í því að lýsa hljóðkerfi og beygingakerfi fornmáls á hliðstæðan hátt og nútímamáls.

Það er á hinn bóginn alveg útilokað að semja slík hliðstæð rit í anda generatífrar setningafræði. Hljóð málsins og beygingar, hljóðkerfisreglur og beygingarreglur, eru nefnilega ekki fleiri en svo að í sæmilega miklu og fjölbreyttu textamagni hlýtur að vera að finna dæmi um flest sem máli skiptir að því leyti. En því er ekki að heilsa með setningafræði; hún er svo fjölbreytt, og þær formgerðir sem hugsanlegar eru svo margar, að í ritið um fornmálið hlýtur alltaf að vanta mörg mikilsverð atriði sem aldrei verður hægt að komast að.

Í öðru lagi skiptir eðli textanna miklu meira máli við setningafræðilegar athuganir en t.d. hljóðfræðilegar eða beygingarlegar. Þar skal ég í byrjun aðeins nefna tvennt. Annars vegar áhrif erlends forrits í á þýdda texta; orðaröð og önnur setningafræðileg einkenni úr frumtexta hafa iðulega áhrif á setningagerð þýðingarinnar. Hins vegar stíltegund textanna; orðaröð og ýmislegt fleira er iðulega breytilegt eftir stíl. Um þetta hvorttveggja verður fjallað nánar hér á eftir.

En lítum nú á helstu heimildir sem nota má - eða sem menn gætu ímyndað sér að nota mætti - um sögulega setningafræði íslensku:

- (1) *Heimildir:*
 - a. Rúnir
 - b. Eddukvæði
 - c. Dróttkvæði
 - d. Frásagnartextar

- e. Þýðingar
- f. Skjöl og bréf af ýmsu tagi
- g. o.s.frv.

Þetta er aðeins lausleg upptalning á því helsta sem manni kemur í hug; og notkun allra þessara flokka fylgja ýmis vandamál. Þau helstu eru nefnd hér í (2):

(2) *Vandamál:*

- a. Tímasetning
- b. Frumgerð, eftirrit, fölsun
- c. Villur og breytingar hjá skrifurum og útgefendum
- d. Orðréttar þýðingar
- e. Skáldaleyfi
- f. Munur talmáls og ritmáls
- g. o.s.frv.

Elstu setningafræðilegar heimildir um formóður íslenskunnar eru **rúnir**. Eldri rúnir hafa stundum verið notaðar til að skjóta stoðum undir þá skoðun að frumnorrena hafi haft OV-grunngerð í setningum; þ.e., andlagið á undan sögninni (sjá t.d. Antonsen 1975). Þar má nefna hið fræga Gallehus-horn frá um 500, sjá (3a). Þar fer andlagið, *horna*, á undan sögninni, *tawido*. Aðrar ristur benda þó í öfuga átt, svo sem ristan frá Tune í Noregi, sem talin er frá 5. öld, sjá (3b); þar fer andlagið, *runoR*, á eftir sögninni, *worahto*.

(3) a. *Gallehushornið* (Danmörk; um 500)

ek hlewagastiR	Eg Hlégestur
holtijaR	Hyltir
horna tawido	horn gerði

b. *Rúnasteinninn frá Tune* (Noregur; 5. öld)

ek wiwaR	Eg Vír
after woduride	eftir Óðríði
wita(n)da halaiban	brauðgjafa
worahto r(unor)	orti rúnir

Það er hins vegar vafasamt hvort hægt er að nota rúnaristur á þennan hátt. Ljóst er að þær eru formúlukenndar, og einnig eru þær mjög oft stuðlaðar að meira eða minna leyti. Þetta kemur vel fram í ristunum tveim í (3); þrjú orð í (3a) hefjast á *h* (*HlewagastiR*, *holtijaR*, *horna*), og fjögur orð í (3b) hefjast á *w* (*wiwar*, *woduride*, *witanda*, *worahto*). Augljóst er að þetta getur haft áhrif bæði á orðaval og orðaröð;

alkunna er að ákveðnar reglur gilda yfirleitt um það hvar stuðlar mega standa (þótt þær séu vissulega misjafnlega frjálsar eftir tegundum kveðskapar), og því má búast við að stundum hafi verið vikið frá eðlilegri orðaröð í rúnaristum, ekki síður en annars staðar, til að rétt stuðlun fengist.

Í sögu margra tungumála eru elstu varðveittir textar kveðskapur af einhverju tagi. Elstu íslensku handritin sem varðveist hafa eru frá síðustu áratugum 12. aldar, en elstu varðveitt kvæði eru yfirleitt talin einhverjum öldum eldri, þótt fræðimenn greini á um aldur þeirra. Mörg eddukvæði virðast standa á mjög gömlum merg, og má jafnvel rekja einstaka þætti þeirra til 4. og 5. aldar, þótt þær gerðir sem varðveist hafa séu vissulega einhverjum öldum yngri en það. Flest dróttkvæði eru á hinn bóginn talin vera frá 10. og 11. öld.

Af ýmsum ástæðum er erfitt að nýta þennan kveðskap, hvort heldur er eddukvæði eða dróttkvæði, til setningafræðilegra athugana, a.m.k. athugana á orðaröð. Þar kemur bæði til óviss aldur og misgóð varðveisla, þannig að ekki er ljóst um hvaða málstig kvæðin vitna; en ekki síður það að eðlileg orðaröð verður oft að víkja fyrir kröfum bragarháttar, hrynjandi, ríms og stuðlunar.

Í (4) er erindi úr *Völuspá*, sem venjulega er talin vera frá því um árið 1000. Ég hef skáletrað stuðla og höfuðstafi. Erfitt er að segja til um að hvaða marki orðaröðin þarna víkur frá orðaröð óbundins máls, vegna þess að engir textar í óbundnu máli eru varðveittir frá þessum tíma. En ekki er ólíklegt að stuðlunin hafi einhver áhrif á orðaröðina.

(4) *Eddukvæði (Völuspá; frá um 1000?)*

*Hljóðs bið eg allar
helgar kindir
meiri og minni
mögu Heimdallar.
Viltu að eg Valföðr
vel fyr telja
forn spjöll fira
þau er fremst um man?*

Í (5) er svo dróttkvæð vísa frá fyrri hluta 11. aldar, eftir Sighvat Þórðarson. Þar fyrir neðan er sýnd samantekt hennar í "eðlilegri" orðaröð (sbr. Bergljótu Kristjánsdóttur o.fl. 1991). Hægra megin við hverja línu vísunnar er svo sýnd röð orðanna í línunni í samantektinni fyrir neðan. Vissulega má lengi deila um hvað sé "eðlileg" orðaröð, en það er þó ljóst að útilokað er að nota dróttkvæði sem heimild um orðaröð í fornu máli.

(5) *Dróttkvæði (Sighvatur Þórðarson; 11. öld)*

Há þótti mér hlæja	3 - 2 - 1 - 6
höll, um Noreg allan	4 - 7 - 9 - 8
fyrir var eg kenndur á knörrum	15 - 14 - 13 - 16 - 17 - 18
klif, meðan Ólafr lifði.	5 - 10 - 11 - 12
Nú þykir mér miklu,	19 - 20 - 21 - 24
mitt stríð er svo, hlíðir,	29 - 28 - 27 - 26 - 22
jöfurs hylli varð eg alla	34 - 33 - 31 - 30 - 32
óblíðari síðan.	25 - 23

Mér þótti há höll klif hlæja um allan Noreg meðan Ólafr lifði. Eg var fyrir kenndur á knörrum. Nú þykir mér hlíðir síðan miklu óblíðari, svo er stríð mitt. Eg varð alla hylli jöfurs.

Það verður þó að benda á að ýmiss konar kveðskapur hefur oft verið notaður í svipuðum tilgangi í öðrum tungumálum. Þannig er t.d. með hið fræga fornenska kvæði *Bjólfskviðu* (Beowulf). Vissulega hefur því oft verið haldið fram, eins og Pintzuk (1991:192) bendir á, að "word order in Old English poetry is different from word order in Old English prose, and therefore that poetic texts cannot be used in studies of Old English syntax". Þessa afstöðu tekur t.d. van Kemenade (1987) í bók sinni um orðaröð fornensku.

Hins vegar segir Pintzuk (1991) að "*Beowulf* is a narrative poem that was intended for oral recitation, and it seems reasonable to assume that the language of the poem was easily understood by its audience." Hún vitnar einnig í Mitchell (1985), sem segir að "[i]t is an accepted commonplace that the language of Old English poetry is made up of a selection of ordinary prose patterns." Pintzuk ályktar því (1991:192) "that the word order of the language of *Beowulf* was not very different from the word order in the prose of the period".

Ég hef ekki forsendur til að meta gildi *Bjólfskviðu* að þessu leyti, en mér sýnist mjög vafasamt að nota kveðskap á þann hátt sem Pintzuk gerir (og ýmsir aðrir). Það má styðja með dæmum úr íslensku nútímamáli. Nútímaíslenska er "V2-mál" eins og alkunna er, þ.e. sögnin getur ekki verið aftar en í öðru sæti í setningum; og í sagnliðnum kemur aðeins VO til greina, aldrei OV. Þessar reglur eru hins vegar þverbrotnar í dægurlagatextum, án þess að það stingi í eyru. Dægurlagatextar eru þess eðlis að þeir verða að vera auðskiljanlegir (sbr. orð Pintzuk, "easily understood by its audience" hér að framan).

(6) *Nútíma dægurlagatextar:*

- a. Við bjóðum ykkur velkomin / þessa hátíð á.
- b. Því nú grætt ég hef meir en mér finnst nóg.

Dæmi um þetta eru sýnd í (6). Í (6a) fer forsetningin *á* á eftir andlaginu *þessa hátíð*, en í talmáli og óbundnu ritmáli fer *á* að sjálfsögðu alltaf á eftir andlagi sínu. Í (7b) er persónubeygða sögnin *hef* í fjórða sæti, á eftir tíðaratviksorði, lýsingarhætti þátíðar og nafnið (frumlaginu). Þetta er fullkomlega eðlilegt í texta af þessu tagi, enda þótt íslenska sé annars V2-mál án undantekninga, eins og áður er bent á.

Frávik af þessu tagi koma ekki fyrir í nútíma ensku; þau munu hins vegar vera algeng í þýsku. En úr því að textar með slíkum frávikum frá eðlilegri orðaröð eru bæði margir og auðskiljanlegir í nútímaíslensku, virðist ekki óeðlilegt að gera ráð fyrir að svipuð frávik hafi einnig getað verið til í fornensku.

Við val á athugunartextum er margt sem hafa þarf í huga, en hér má einkum nefna þrjú atriði sem æskilegt væri að giltu um þá (sjá t.d. Halldór Ármann Sigurðsson 1983):

- (7) a. Textinn sé frumsaminn á íslensku, ekki þýðing.
- b. Handritið sem farið er eftir sé frumrit, eða ekki miklu yngra en frumritið.
- c. Útgáfan sé traust.

Það þarf varla að skýra þessi atriði mikið. Í þýðingu má alltaf búast við einhverjum erlendum áhrifum, sem ekki endurspeglar raunverulega málnotkun Íslendinga á þessum tíma. Bent hefur verið á að gotneska biblíuþýðingin fylgi orðaröð gríska frumtextans mjög nákvæmlega, og því erfitt að draga ályktanir um orðaröð í gotnesku af henni. Eins og kunnugt er gera fræðimenn venjulega mun á tveim stíltegundum forníslensku; alþýðustíl og lærðum stíl. Í lærðum stíl gætir margs konar latneskra áhrifa, en sumir af elstu varðveittum textum á íslensku eru þýðingar úr latínu.

Dæmi um erlend áhrif í þýðingum eru sérstaklega áberandi í þýddum trúarritum frá 16. og 17. öld; hér má taka dæmi úr þýðingu Odds Gottskálkssonar á *Nýja testamentinu* 1540:

- (8) Og eg em Jóhannes sem þetta séð og heyrt hefir.

(Nýja testamentið [1540], bls. 558)

Hér er persónubeygða sögnin aftast í aukasetningunni, sem gera má ráð fyrir að séu áhrif frá þýsku forriti þýðandans. Setningar af þessu tagi eru áberandi í ritum frá 16. og 17. öld, og ekki eingöngu í þýðingum. Þær hverfa síðan; en erfitt er að gera sér grein fyrir því hvaða stöðu þær höfðu í raun og veru í málkerfinu.

Til að meta gildi tiltekins handrits sem málheimildar er nauðsynlegt að tímasetja það sem nákvæmast; en það er oft mjög erfitt. Sé handrit skrifað eftir öðru má líka alltaf reikna með einhverjum villum sem þar koma inn, og ef uppskriftin er miklu yngri en forritið, er erfitt að vita að hve miklu leyti málfarið sýnir upphaflegt

málfar forritsins og að hve miklu leyti það speglar málstig skrifarans. Vitað er að afritarar héldu oft ekki stafsetningu forritsins, heldur notuðu þá stafsetningu sem þeir voru vanir; og þeir breyttu einnig iðulega orðalagi. Við það bætast breytingar sem stafa af mislestri o.þ.h. Þá virðast afritarar oft hafa haft hliðsjón af tveim eða fleiri handritum. Í (9) má sjá dæmi um hvernig menn ímynda sér flókin tengsl varðveittra (og glataðra) gerða af *Dínus sögu drambláta* og *Viktors sögu ok Blávus*:

- (9) a. Dínus saga drambláta (Jónas Kristjánsson 19**) b. Viktors saga ok Blávus (Jónas Kristjánsson 19**)

Stjórnumerktu handritin eru ekki lengur varðveitt. Augljóst er að það er enginn leikur að átta sig á því hvort tiltekið setningafræðilegt einkenni í varðveittu handriti er komið úr frumritinu, eða hvort um er að ræða breytingu sem gerð hefur verið í hinu varðveitta handriti eða einhverjum hinna glötuðu milliliða.

Við þetta bætist að mjög margar útgáfur fornra (og nýrri) rita eru ótraustar; víkja frá handriti að einhverju leyti, blanda saman lesbrigðum úr mismunandi handritum án þess að gera nægilega grein fyrir því, o.s.frv. (sjá t.d. Halldór Ármann Sigurðsson 1983, 1985; Helle Degnbol 1985). Dæmi um þetta má sjá í (10).

(10) *Villur og breytingar gerðar af skrifurum og útgefendum* (frá Halldóri Ármanni Sigurðssyni 1985)

- a. ... ok lagði Hallgrímur í gegnum hann [í hann ok í gegnum] og svá í slána ... Gunnarr tók atgeirinn ok lagði í gegnum Hallgrím ____ [ok kvað þa visu ...]. Gunnar [ok þat efndi G.] ____ [at hann] bar atgeirinn jafnan síðan [meðan hann lifði].

(*Brennu-Njálssaga*, bls. 68; Halldór Ármann Sigurðsson 1985:16.)

- b. Síðan fekk hon honom enn scemiligsta sess ok var hann [] með konungi um vetrinn.

(*Brennu-Njálssaga*, bls. 11; Halldór Ármann Sigurðsson 1985:18.)

Þessi dæmi eru úr útgáfu Konráðs Gíslasonar á *Brennu-Njáls sögu*. Það sem er undirstrikað stendur ekki í því handriti sem útgefandi telur sig fylgja; þar stendur þess í stað það sem hér er haft innan hornklofa. Sérlega eftirtektarverð er breytingin

í (10b). Þar bætir útgefandi inn fornafninu *hann*, sem ekki stendur í handritinu. Nú er það svo að í nútímamáli er hægt að sleppa frumlaginu í hinni seinni af tveim hliðskipuðum setningum, ef það vísar til frumlags fyrri setningarinnar. Í fornu máli voru reglur um þetta aftur á móti miklu frjálsari; þá mátti sleppa frumlagi seinni setningarinnar þótt það vísaði ekki til frumlags þeirrar fyrri, heldur einhvers annars liðar í henni (sjá Þóru Björk Hjartardóttur 1987). Í (10b) vísar frumlag seinni setningarinnar augljóslega til andlags þeirrar fyrri. Það nægði til að sleppa mætti frumlagi þeirrar seinni í fornu máli, en gerir það ekki nú. Hér skýtur útgefandi inn fornafni, og verður ekki betur séð en þar með sé verið að "leiðrétt" textann til samræmis við reglur nútímamáls (sbr. Halldór Ármann Sigurðsson 1983, 1985).

Því miður uppfylla ákaflega fáir íslenskir textar öll skilyrðin í (7). Forn sögurnar eru auðvitað til í ótal útgáfum, en færstar þeirra eru nógu traustar, og auk þess eru öll varðveitt handrit iðulega miklu yngri en frumrit sagnanna hafa verið. Frá 14., 15. og 16. öld er ákaflega lítið til útgefið; helst eru það þýddar riddarasögur eða trúarrit. *Reykjahólabók* er dæmi um stórt rit (frá því um aldamótin 1500) sem fullnægir tveim skilyrðanna, þ.e. hún er frumrit, og útgáfan er traust; en hún er þýðing, og talin lítt dæmigerð fyrir almennt mál á þessum tíma.

Þegar kemur fram á 17. og 18. öld er talsvert til útgefið, og það m.a.s. af ritum sem eru frumsamin á íslensku, og frumritið til af; en þá er útgáfan í staðinn oft ótraust. Mörg slík rit eru til í ýmsum alþýðuútgáfum frá seinni hluta 19. aldar og fyrri hluta þessarar; en þar er greinargerð útgefenda fyrir breytingum sem þeir hafa gert oft ófullnægjandi. Í formálanum að *Ferðasögu Árna frá Geitastekk* (Árni Magnússon 19**) segist útgefandinn t.d. stundum hafa vikið við orðum þar sem setningin væri annars óskiljanleg. Þetta gerir útgáfuna að sjálf sögðu ónothæfa til athugana, a.m.k. á orðaröð. Kjartan Ottósson (1986) hefur einnig bent á ótraustleik útgáfna á *Ævisögu séra Jóns Steingrímssonar* (Jón Steingrímsson 19**).

Auðvitað er talsvert til af bókum sem prentaðar voru á 17. og 18. öld, en það er nær eingöngu þýdd trúarrit og því ekki heppileg. Það er ekki fyrr en kemur fram á 19. öld að úrvalið af textum fer að verða bærilegt. Þá fara að koma tímarit á íslensku; *Skírnir*, *Ármann á Alþingi*, *Fjölnir*, *Ný félagsrit* o.s.frv.; *Árbækur Espólíns*; og á seinni hluta aldarinnar blöð, skáldsögur o.m.fl.

Hér hefur ekki verið minnst á fornbréf af ýmsu tagi. Þau hafa þann kost að vera frumsamin á íslensku, a.m.k. flest, sum eru til í frumriti, og þau eru venjulega dagsett. Af hinum elstu þeirra er til ábyggileg útgáfa Stefáns Karlssonar, *Íslandske originaldiplomer indtil 1450*. Fornbréf fram undir 1600 hafa svo verið gefin út í *Íslensku fornbréfasafni*. Gallinn er hins vegar sá að þessi bréf eru mjög einhæf og stöðluð að stíl, og geta þess vegna varðveitt forna drætti; þau eru því að mestu ónothæf til setningafræðilegra athugana (sjá líka Kjartan Ottósson 1987). Þar við bætist að ýmis fornbréf eru fölsuð; yngri en þau vilja vera láta. *Alþingisbækur Íslands* eru líka til útgefna frá 1570-1780, en um þær gildir svipað; efnið er einhæft

og stíllinn. Vissulega mætti nota þetta hvort tveggja til samanburðar, en hæpið er að byggja miklar ályktanir á því einu.

Eins og áður er bent á skiptir líka máli hvers konar textar eru teknir til skoðunar. Nauðsynlegt er að gæta þess í sögulegri setningafræði að bera saman það sem sambærilegt er. Þetta er þó hægara sagt en gert. Eins og hér hefur komið fram er það mjög misjafnt hvað til er af rituðu máli frá hverjum tíma í málsögunni, og oftast en ekki verður að taka það sem býðst. Að þessu leyti eru þeir sem fást við setningafræði líka í erfiðari stöðu en rannsakendur hljóðkerfisfræði eða beygingafræði; það er sem sé ólíklegt að mikill munur sé á því hljóðkerfi og beygingakerfi sem fram kemur í mismunandi ritum frá sama tíma, eða réttara sagt: Komi slíkur munur fram er ólíklegt að hann stafi af mismunandi bókmenntategundum textanna. Auðvitað geta sést erlend áhrif í hljóðkerfi og beygingum, en þau eru sennilega miklu lúmskari í setningafræðinni.

En vandinn er ekki bara sá að við vitum lítið um talmál fyrri tíðar; við það bætist að í umræðu um setningafræðilegar breytingar hættir okkur til að bera saman málfar ritaðra texta frá fyrri öldum og talmál nútímans. Slíkur samanburður hlýtur alltaf að sýna fleiri og meiri breytingar en í raun hafa orðið. Þetta kemur t.d. greinilega fram í skrifum um orðaröð forníslensku. Varla leikur nokkur vafi á því að grundvallarorðaröð nútímamáls sé SVO; bæði er það langalgengasta orðaröðin, og einnig sú hlutlausasta. Þegar bornir eru saman forníslenskir textar og nútímamálstextar virðist einn helsti munurinn vera sá að sögnin er mjög oft í fyrsta sæti í fornu máli - margfalt oftast en í nútímamáli, virðist manni. Sumir málfræðingar hafa m.a.s. haldið því fram að VS (sögn -frumlag) hafi verið grundvallarorðaröð forn máls (Heusler 1967).

Karen Kossuth tók þetta mál til athugunar í nokkrum greinum (1978a, 1978b, 1980, 1981), og á grundvelli talninga sinna, annars vegar úr fornum sögum og hins vegar úr tveim nútímaskáldsögum (*Sjálfstæðu fólki* eftir Halldór Laxness og *Feilnótu í fimmtu sinfóníunni* eftir Jökul Jakobsson) dró hún þá ályktun að forníslenska hafi verið "SV-VS mál", þ.e. SV og VS hafi verið jafngildar raðir. Nútímaíslensku telur hún hins vegar greinilega SVO-mál; og vissulega er talsverður munur á tölum hennar fyrir þessi tvö málstig. Þó sker fyrsti kaflinn í *Sjálfstæðu fólki* sig úr; þar er mikið um að sögnin sé fremst, og Kossuth ályktar sem svo að það stafi af því að þar er verið að segja frá atburðum í fornöld, og höfundur hafi því líkt eftir stíl fornsagna.

En það sem hún nefnir ekki er hversu ólíkur stíll er á fornsögum og nútímaskáldsögum; í fornsögum er mikið um frásagnir og langar beinar ræður, en í nútímaskáldsögum miklu meira um sviðsetningar og samtöl með stuttum setningum. Frásagnarumröðun (VS-röð) virðist hafa það hlutverk að sýna samhengi eða tákna einhvers konar framhald þess sem áður er komið. Sé þetta rétt, er eðlilegt að sögnin komi sjaldnar fremst í nútímaskáldsögum, því að þar er alltaf verið að skipta um sjónarhorn. Og þegar að er gáð, er einmitt allur fyrsti kafli *Sjálfstæðs fólks* ein

samfelld frásaga, þannig að eðlilegt er að munur komi fram á honum og því sem á eftir kemur; það þarf ekki að vera af því að Laxness sé að líkja eftir stíl fornsagna.

Halldór Ármann Sigurðsson (1983) hefur rannsakað málið ítarlega, og niðurstaða hans er sú að í raun hafi ekki dregið úr tíðni frásagnarumröðunar, að því tilskildu að bornir séu saman sambærilegir textar. Frásagnarumröðun er einkennandi fyrir ákveðna tegund texta eins og áður segir, og svo vill til að flestir varðveittir forníslenskir textar eru af þeim tegundum þar sem frásagnarumröðun á við. Þó eru til kaflar í fornsögum sem eru sviðsetningar, ekki frásagnir, t.d. er Prologus *Heimskringlu* annars eðlis en aðrir hlutar sögunnar hvað þetta varðar. Það er athyglisvert sem fram kemur hjá Kossuth (1981) að í honum er hlutfallið milli VS og SV allt annað, eins og sýnt er í (11a). Þarna er því dæmi um að stíllinn virðist skipta sköpum.

(11) *Munur á frásagnartextum og annars konar textum:*

a. *Kossuth 1978, 1980:*

Prologus <i>Heimskringlu</i> :	3,9% VS
Fjórir forníslenskir frásagnartextar:	18,5% VS

b. *Halldór Ármann Sigurðsson 1983:*

Forníslenskir frásagnartextar:	24,0% VS
Frásagnartextar frá 20. öld:	37,5% VS

Til að setja undir þennan leka gætum við hugsað okkur að reyna að finna nútímamálstexta sem væru sem sambærilegastir við fornsögurnar að stíl. Þá er vissulega að finna; það er til fjöldi ýmissa sagnaþátta frá þessari öld, þar sem efnistöð og stíll eru ekki ósvipuð því sem gerist í fornsögum. Nokkra slíka texta tók Halldór Ármann Sigurðsson (1983) einmitt til athugunar, þegar hann var að skoða breytingar á orðaröð. Hann komst að þeim niðurstöðum, að ekki hefðu orðið marktækar breytingar á röð frumlags og sagnar síðan í forn máli, ef borin væru saman rit í sama stíl; þá virðist frásagnarumröðun vera jafn algeng og eðlileg í nútímamálstextum og í Íslendingasögum, eins og sýnt er í (11b).

Þetta er án efa rétt. En það má samt halda áfram að spyrja hvort þetta sé réttur samanburður. Fornsögurnar eru e.t.v. dæmigerðar fyrir það sem skrifað var í fornöld; en sagnaþættir verða tæpast taldir dæmigerðir fyrir nútímaritmál. Að minnsta kosti eru þeir ansi fjarri talmáli, en reyndar getur það hafa gilt um fornsögurnar líka á sínum tíma. Ef við lítum á þetta frá strúktúralísku sjónarmiði, þá er ljóst að þótt stíll fornsagnanna og stíll sagnaþátta 20. aldar er ekki sambærilegur, vegna þess að staðan í heildarmyndinni er ekki sú sama.

Málsögulegar athuganir verða auðvitað að byggjast á rituðum textum - á öðru er ekki völ. Þetta greinir sögulegar athuganir frá samtímalegum á tvennan hátt. Í fyrsta lagi vitum við ekki hversu góður vitnisburður ritmál tiltekins tíma er um talmál

Þess tíma. Hitt vitum við, að oft er verulegur munur á ritmáli og talmáli í tilteknu málsamfélagi. Í nútímaíslensku er "gervifrumlagið" það t.d. mjög sjaldgæft, borið saman við háa tíðni þess í talmáli. Í ritmálinu er rík tilhneiging til að nota kjarnafærslu eða stílfærslu, eða jafnvel frásagnarumröðun, í stað þess að byrja setningar á það. Þetta er sýnt í (12):

(12) *Munur talmáls og ritmáls:*

- | | |
|-----------------------------|--------------------|
| a. <i>Stílfærsla</i> : | Talið er [að ... |
| <i>Talmál:</i> | Það er sagt að ... |
| b. <i>Frásagnarumröðun:</i> | Telur fólk [að ... |
| <i>Talmál:</i> | Fólk telur [að ... |

Með þessu er m.a.s. mælt í skólum og í málfræðibókum; þannig tekur Jakob Jóh. Smári (1920:19) beinlínis fram að rétt sé að forðast þessa notkun það.

Við vitum að sjálfsögðu ekki hversu gamall þessi munur talmáls og ritmáls er; hvort hann var fyrir hendi í forn máli, eða hvaða munur var þá á talmáli og ritmáli. Það eina sem við getum verið nokkurn veginn viss um er að munurinn var einhver. Til að glöggva sig á þessu hafa málfræðingar stundum reynt að finna ritaða texta sem má ímynda sér að standi nær talmáli en aðrir, t.d. samtöl og ræður.

En þegar við berum saman setningagerðir í rituðum textum frá fyrri tíð og nútímamál notum við væntanlega ósjálfrátt talmálið til samanburðar; það stendur okkur næst, og vissulega má færa rök að því að það sé marktækast og skipti mestu máli, auk þess sem við gerum þetta sennilega ósjálfrátt af vana. En við ættum að hafa í huga að í íslensku er talsvert mikill munur á talmáli og ritmáli, jafnvel hversdagslegu ritmáli, þannig að samanburðurinn við eldra ritmál skekkir myndina alltaf eitthvað. Því miður er ekki til nein rannsókn á því að hvaða leyti ritmál sé frábrugðið talmáli setningafræðilega séð, þannig að við vitum ekki einu sinni hvað við eigum helst að varast.

1.2 Túlkun

Nú er það svo að nútíma setningafræði byggist ekki bara á dæmasöfnun úr textum; hún byggist ekki síður á málkennd rannsakandans og þeirra sem hann spyr. Til að þrengja hringinn utan um það hvað eru tækar setningar og hvað ekki þarf á vöndum setningum að halda, ekki síður en góðum. Það þarf að vera hægt að spyrja: Er hægt að segja þetta? Í bókum og greinum um setningafræði nú á tímum eru langflest dæmin yfirleitt búin til af höfundum, í stað þess að vera fengin með dæmasöfnun úr rituðu eða töluðu máli.

Í sögulegri setningafræði er þetta auðvitað ekki hægt. Þar höfum við engan

aðgang að lifandi málhöfum til að spyrja, heldur verðum við að byggja ályktanir okkar eingöngu á þeim rituðu heimildum sem til kunna að vera; og þær eru yfirleitt hvorki nógu miklar né nægilega traustar, eins og bent er á hér að framan.

Nú er það svo að margir hafa ímugust á þeirri aðferð sem nú er helst notuð í setningafræði, að athugandinn búi til dæmasetningar og dæmi síðan sjálfur um gæði þeirra. Mörgum þykir það óvísindalegt, og telja aðeins svokallaðar "raunverulegar" setningar tækar sem dæmi, þ.e. setningar sem einhver hefur sagt eða skrifað í öðrum tilgangi en þeim að vera dæmi fyrir setningafræðinga.

Ég held þó að þetta sé byggt á misskilningi. Ef við athugum eingöngu "raunverulegar" setningar erum við að fást við *parole*, **málbeitingu**, en ekki *langue*, **málhæfni**. Flest erum við alltaf að segja setningar sem við myndum ekki hika við að dæma vondar ef þær væru lagðar fyrir okkur til úrskurðar. Ef við einskorðum okkur við ritað mál, eins og við hljótum að gera í sögulegri setningafræði, eru slík dæmi vissulega mun færri; en alltaf öðru hverju rekst maður þó á prenti á setningar sem manni finnst ótrúlegt að gefi rétta mynd af málkunnáttu nokkurs manns. Ef um nútímamál er að ræða, þurfum við ekki að velkjast í vafa; við getum bara spurt viðkomandi, eða þá einhverja aðra, nú eða látið okkur nægja eigin málkennnd.

Í sögulegri setningafræði er þetta auðvitað ekki hægt. Þá getur komið upp sú staða að við kjósum að líta framhjá einhverjum setningum sem í raun finnast í textum, eða jafnvel búa til setningar sem hvergi er að finna og byggja kenningar á þeim.

Í fljótu bragði mætti halda að það væri algerlega óleyfilegt að fikta við heimildir á þennan hátt. Vissulega getum við ekki einfaldlega ákveðið að hunsa öll gagndæmi gegn greiningu okkar. En við vitum að í samtímalegri setningafræði er alvanalegt að líta framhjá gagndæmum að vissu marki. Þá ákveða menn að láta gagndæmi ekki eyðileggja kenningu sína strax, heldur halda áfram eins og ekkert hafi í skorist og sjá hversu langt þeir komast með kenninguna, og vona að einhverntíma síðar verði hægt að gera grein fyrir gagndæminu án þess að gefa kenninguna upp á bátinn. Iðulega kemur í ljós að það sem í upphafi virtist vera gagndæmi fellur í raun alveg að kenningunni; það hafði bara ekki verið rétt greint í byrjun.

Hér er verið að tala um samtímalega greiningu, þar sem hægt er að fá dóm málhafa um setningar; gagndæmin eru þá setningar sem eru dæmdar tækar hvað eftir annað og af ýmsum málhöfum, enda þótt kenningin segi að þær eigi að vera ótækar - eða öfugt. Sé hins vegar um fornan texta að ræða horfir málið öðruvísi við. Þá kemur upp sú spurning hvers eðlis gagndæmið sé; hvort það sé raunverulegt gagndæmi eins og lýst var hér að framan, eða hvort við getum leyft okkur að líta svo á að einhverjar setningar í fornum textum séu "rangar", í þeim skilningi að þær gefi ekki rétta mynd af raunverulegri málkunnáttu þess sem skrifaði.

Það er nokkuð ljóst að það hlýtur að vera talsvert af slíkum setningum í fornum

ritum; bæði vegna þess að fyrri tíma menn voru ekki óskeikulir, frekar en við, og ekki síður vegna þess eðlis flestra fornra texta að vera afskriftir af afskriftum af afskriftum o.s.frv. Við slíka endurtekna afritun hlýtur eitthvað að fara úrskeiðis, enda hafa allir gert ráð fyrir því og í raun dæmt ýmsar setningar "vondar" á þeim forsendum. Þannig segir Lightfoot (1979:5):

One must be prepared to allow a grammar to characterize a certain sentence as ill-formed, even though that sentence is actually attested in the surviving documents. The sentence might have been consciously used as an archaism, as an imitation of a foreign construction, or even as deliberately ungrammatical.

Ég býst við að flestir málfræðingar geti fallist á þessa grunnhugmynd. En spurningin er bara: Hvar á að draga mörkin? Eða öllu heldur: Er hægt að setja upp einhverjar ótvíræðar reglur um það hvaða setningar er leyfilegt að hunsa, og hverjar verður að viðurkenna sem "réttar" setningar á sínum tíma? Ekki er hægt að gefa um slíkt ótvíræðar reglur, en auðvitað er hægt að gefa ýmsar leiðbeiningar.

Það skiptir auðvitað máli hversu algengt það fyrirbæri er, sem verið er að skoða. Ef um er að ræða eitthvað mjög algengt, má segja að við séum í svipaðri stöðu og þeir sem athuga hljóðkerfis- eða beygingafræði. Eitt dæmi af gerðinni A gegn hundrað eða þúsund dæmum af gerðinni B er þá sæmilega óhætt að telja ritvillu eða þul. Þannig er t.d. með dæmi eins og (13):

(13) Og er þeir gengið höfðu um hríð ... (*Grettis saga Ásmundarsonar*, bls. 988)

Hér er persónubeygða sögnin (*höfðu*) í þriðja sæti, á eftir bæði frumlagi og lýsingarhætti þátíðar. Íslenska er þó greinilega V2-mál bæði að fornu og nýju (þótt út af því bregði í millitíðinni, sbr. hér að framan), og dæmi eins og (13) eru svo lítið hlutfall af heildarfjölda setninga að sennilega er óhætt að afgangi þau sem málfræðilega röng.

Athugið samt að þótt við ákveðum að taka ekki tillit til einhvers dæmis, getum við aldrei verið alveg viss; og við verðum að geta þessa dæmis í niðurstöðum okkar, því að annars geta aðrir ekki metið gildi þeirra. Þetta dæmi gæti líka komið öðrum að gagni. En í slíkum tilvikum má líka hafa hliðsjón af seinni tíma þróun málsins. Ef undantekningin fellur ekki að henni, gengur jafnvel í þveröfuga átt, höfum við mun sterkari rök fyrir því að líta framhjá henni. Verði slík dæmi aftur á móti algengari er tímar líða er erfiðara að hunsa þau; þá er hugsanlegt að við höfum náð í upphaf málbreytingar.

Þetta sýnir að ef við rekumst á setningar eins og (13), sem virðast vera gagndæmi gegn reglum sem annars eru undantekningarlausar, er nauðsynlegt að skoða, ef hægt er, bæði fyrri og síðari málstig til að meta hvernig eigi að líta á slík

dæmi. En auðvitað er það ekki alltaf hægt. Einn möguleiki sem ekki hefur verið nefndur er líka sá að slíkar setningar beri vott um málbreytingu sem hefur hafist en síðan (verið) snúið við. Dæmi slíks eru þekkt í ýmsum málum; eitthvert atriði byrjar að breytast, og um tíma eru tvö afbrigði í gangi samtímis, en á endanum hverfur nýja afbrigðið og það gamla verður aftur einrátt.

Eins og áður segir er væntanlega hægt að líta á (13) sem undantekningu sem ekki þurfi að taka tillit til; en erfiðara er að meta dæmi eins og (14).

(14) Það er mér sagt að þú grípir fyrir mönnum; góss sitt.

(Grettis saga Ásmundarsonar, bls. 1039)

Hér vísar afturbeygt (eignar)for nafn til nafnliðar í forsetningarlið. Vissulega er þetta ekki dæmigerð afturbeyging; en hér kemur tvennt til, sem greinir þetta dæmi frá (13). Í fyrsta lagi eru dæmi af þessu tagi hlutfallslega fleiri en dæmi á borð við (13), þótt þar muni e.t.v. ekki miklu. Í öðru lagi fer því fjarri að reglur um afturbeygingu séu jafn ákveðnar og reglur um stöðu persónubeygðrar sagnar, hvort sem litið er á formál eða nútímamál. Alkunna er að dómar manna um setningar með afturbeygingu í nútímamáli eru talsvert mismunandi. Þess vegna er erfiðara að slá því föstu að (14) hafi verið málfræðilega röng á sínum tíma en (13).

Ein forsenda fyrir því að líta framhjá einstökum dæmum getur verið sú að þau brjóti í bága við setningafræðilegt algildi. Til þess mætti t.d. vísa í sambandi við (26); sú setning virðist brjóta þá meginreglu sem venjulega er höfð í heiðri bæði að fornu og nýju, að undanfarinn verði að liðstýra afturbeygða fornafninu. Yfirleitt er gert ráð fyrir því að sú meginregla sé algild. En þetta er auðvitað vandmeðfarin röksemd eins og aðrar; þeir sem halda einhverju algildi fram gætu dæmt tiltekna setningu ógilda vegna þess að hún félli ekki að því, en aðrir gætu haldið því fram að það væri algildið sem væri ógilt vegna þess að þarna væri komið gagndæmi.

Að einhverju leyti getum við líka byggt á þeirri málkennd sem við höfum gagnvart formálinu. Hún getur oft verið töluvert mikil og nokkuð ábyggileg, a.m.k. hjá þeim sem eru komnir svo langt á námsferlinum að þeir eru farnir að fást við sögulega setningafræði á annað borð. Forníslenska er vissulega ótrúlega lík nútímamáli þrátt fyrir allt, og hafi maður lesið mikið af fornum textum fer ekki hjá því að gerð málsins síst inn í mann. Það gildir svosem líka þótt ekki sé um móðurmál manns að ræða, eins og Lightfoot bendir á (1979:6):

[W]e reject the traditional restriction that one may use only attested sentences of classical Greek, Early Modern English, etc., as evidence for one's hypothesis. Enough is known about Classical Greek for one to make a large number of generalizations, enough to allow most college curricula to include courses on prose composition, where the student composes and the teacher

corrects original and otherwise unattested Greek sentences, based on their trained intuitions about the language. [...] Thus, although one is bound to the texts, they must be used with philological skill and one must be ready to characterize certain unattested sentences as well-formed and some attested sentences as ill-formed. (Lightfoot 1979:6.)

Það kemur sér reyndar að sumu leyti illa fyrir okkur hvað málið hefur lítið breyst; það auðveldar okkur vissulega að koma okkur upp málkennd fyrir fornu máli, en það býður líka þeirri hættu heim að við ruglum tveimur "málkenndum" saman og dæmum forna málið um of á grundvelli nútímamáls - hlutur sem ekki kæmi fyrir ef við værum t.d. að fást við latínu, eða þó ekki væri nema fornensku. Og þetta getur leitt menn á glapstigu, og hefur raunar gert það; þetta er nefnilega einmitt eitt af því sem margir útgefendur íslenskra fornrita gera sig seka um, þegar þeir "leiðrétta" textana í samræmi við reglur nútímamáls að því er virðist, eins og áður er minnst á.

Í samtímalegri setningafræði beita menn oft ýmiss konar prófum við greiningu ákveðinna setningafræðilegra þátta. Þá eru búnar til setningar og þeim breytt eftir kúnstarinnar reglum, og með því móti reynt að átta sig sem best á hegðun þeirra atriða sem verið er að skoða. Meðal þekkra prófa af þessu tagi eru ýmis frumlagspróf, sem einkum hefur verið beitt á nafnliði í aukafalli til að athuga hvort þeir hagi sér eins og nefnifallsfrumlög við ýmsar aðstæður. Halldór Ármann Sigurðsson (1989) nefnir t.d. ein 11 slík próf og beitir þeim á aukafallsfrumlög í nútímamáli.

Þessi aðferð getur oft komið að mjög góðu gagni. Hins vegar er oftastnær erfitt eða útilokað að beita henni í sögulegum athugunum. Ástæðan er sú að í flestum prófum af þessu tagi þarf ekki einungis að athuga hvaða setningar eru tækar, heldur líka hvaða setningar eru ótækar; og slíkum spurningum svara textarnir yfirleitt ekki.

Tökum dæmi af aukafallsfrumlögum og orðaröð. Í einu þeirra prófa sem notuð hafa verið til að skera úr um hvort tiltekinn liður sé frumlag eða ekki er athugað hvar liðurinn getur staðið í setningu. Frumlögum er eðlilegt að standa fremst, eins og í (27a); hins vegar er hægt að færa aðra liði (s.s. andlög og forsetningarliði) fremst í setningu, eins og í (27b), og þá verður frumlagið að víkja, vegna þess að aðeins einn liður má koma á undan sögninni. Ákveðin frumlög geta hins vegar yfirleitt ekki farið aftar en næst aftur fyrir persónubeygðu sögnina, eins og sýnt er í (15c-d):

- (15) a. Jón mun lesa bókina á morgun.
- b. Á morgun mun Jón lesa bókina.
- c. *Á morgun mun lesa Jón bókina.
- d. *Á morgun mun lesa bókina Jón.

Aukafallsfrumlög með sögnum eins og t.d. *vanta*, haga sér eins og nefnifallsfrumlög

að þessu leyti:

- (16) a. Svein mun vanta peninga í vetur.
- b. Í vetur mun Svein vanta peninga.
- c. *Í vetur mun vanta Svein peninga.
- d. *Í vetur mun vanta peninga Svein.

Hér kemur fram skýr munur á hegðun þolfallsliðanna tveggja með *vanta*. Hinn liðurinn (andlagið) getur vissulega líka staðið fremst í setningu, eins og í (17a). Sé forsetningarliður færður fremst, eins og í (17b), kemur hins vegar í ljós að þessi þolfallsliður getur ekki staðið næst á eftir persónubeygðu sögninni, heldur verður að vera aftast í setningunni, eins og í (17c).

- (17) a. Peninga mun Svein vantað í vetur.
- b. *Í vetur mun peninga vanta Svein.
- c. Í vetur mun Svein vanta peninga.

Þetta próf hefur sem sagt leitt í ljós að annar þolfallsliðurinn með *vanta* hagar sér eins og frumlag, hvað orðaröð varðar, en hinn ekki. Ef við skoðum nú stöðu ákveðinna aukafallsfrumlaga í fornu máli virðist hið sama koma í ljós (sjá Eirík Rögnvaldsson 1991); ef einhver annar liður stendur fremst kemur aukafallsliðurinn alltaf næst á eftir persónubeygðu sögninni:

- (18) a. Lengi **hefir** mér það í hug verið. *(Njáls saga, bls. 125)*
- b. Góðan draum **hefir mig** enn dreymt. *(Flóamanna saga, bls. 752)*
- c. Ei **mun þig** hér mat skorta. *(Svarfdæla saga, bls. 1806)*

Að því er séð verður haga aukafallsliðirnir í (18) sér vissulega eins og frumlag en ekki eins og andlag; andlög geta ekki staðið næst á eftir persónubeygðu sögninni í slíkum setningum, eins og (17b) sýnir. En hér er þó stórt gat í vitneskju okkar. Það er sem sé hægt að hugsa sér að fleiri möguleikar en í (18) komi til greina; að aukafallsliðirnir hafi **líka** getað staðið eins og andlög. Við vitum nefnilega ekki hvort setningar eins og (19) voru tækar að fornu:

- (19) a. Lengi **hefir** það í hug **mér** verið.
- b. Góðan draum **hefir** enn dreymt **mig**.
- c. Ei **mun** hér mat skorta **þig**.

Ef þessar setningar hafa verið tækar þá hafa aukafallsliðirnir ekki hagað sér eins og nefnifallsfrumlög; þeir gátu að vísu staðið á sömu stöðum í setningu og þau, en líka

á stöðum þar sem nefnifallsfrumlög gátu ekki staðið. Þar með er orðið mun hæpnara en áður að greina slíka liði sem frumlög.

Setningar á við (19) virðast að vísu ekki koma fyrir í varðveittum textum. Það er hins vegar erfitt að fullyrða hvernig beri að túlka það. Slíkt þarf ekki endilega að þýða að þessar setningar hefðu verið ótækar. Það gæti verið tilviljun að þær koma ekki fyrir í varðveittum textum; og svo gætu einstöku slíkar setningar vissulega komið fyrir án þess að því hefði verið veitt athygli. Spurningin er hér: Hvaða ályktanir er leyfilegt að draga af þögn textanna um tiltekin atriði?

Venjulega er talið að gervifrumlagið *það* hafi ekki verið til sem slíkt í forníslensku (sjá t.d. Kristínu M. Jóhannsdóttur 1992; Faarlund 1990). Það er vissulega rétt að engin dæmi eru um *það* með veðurfarssögnum, í ópersónulegri þolmynd, eða í tilvistarsetningum í fornu máli; elsta dæmi sem ég þekki um *það* með veðurfarssögn er úr þýðingu Odds Gottskálkssonar á *Nýja testamentinu* 1540. Hins vegar mikill fjöldi dæma á við (20) í fornmáli.

(20) a. Það var eitt haust að þar var gildi fjölmennt ...

(*Egils saga Skalla-Grímssonar*, bls. 373)

b. Það var snemma spáð að eg mundi verða allra manna elstur.

(*Bandamanna saga*, bls. 43)

Í þessum dæmum er *það* í frumlagssæti, og fráfarð *að*-setning aftast í aðalsetningunni. Höskuldur Þráinsson (1979) hefur sýnt fram á að í slíkum setningum í nútímamáli hagar *það* sér yfirleitt eins og gervifrumlag (t.d. "hverfur" *það* ef einhver annar liður er færður fremst); en stundum hagar *það* sér þó eins og fornafn; getur borið áherslu, og kemur þá fram næst á eftir persónubeygðu sögninni ef einhver annar liður er færður fremst. Höskuldur færir rök að því að í slíkum dæmum sé *það* upprunnið á vinstri grein samsetts nafnliðar, og fráfarða setningin á hægri grein liðarins.

Útilokað er að beita prófum Höskuldar á forníslensku dæmin. Við höfum m.ö.o. enga möguleika á að skera úr um það hvað orðið hefði um *það* í setningunum í (20) ef einhver annar liður hefði verið færður fremst. Hitt er ljóst að *það* er allalengt í fornu máli að *það* standi næst aftan við persónubeygðu sögnina í setningum af þessu tagi, og er því tæpast gervifrumlag þar.

En meginhluti setninga með *það* gæti fallið að hvorri greiningunni sem væri. Weibelhuth (1984-85) heldur því líka fram að ekki sé ljóst hvort þýska hafi gervifrumlög; það fari eftir því hvernig *es* er greint í setningum á við (20). Mér sýnist því að enda þótt ekki sé hægt að sanna að gervifrumlög hafi verið til í forníslensku sé ekki hægt að útiloka það heldur.

Faarlund (1990) ténir til ýmsar *það*-lausar setningar í forníslensku, þar sem gervifrumlagið *det* væri notað í samsvarandi setningum í "afkomandanum"

(descendent language) nýnorsku. Hann segir (1990:17):

The fact that the expletive subject is absent even in those contexts where it is more or less obligatory in the descendent language provides rather strong evidence against its existence in Old Norse. (Faarlund 1990:17.)

Meðal þeirra dæma sem Faarlund nefnir eru setningar eins og (21). (21a) er úr *Hrafnkels sögu Freysgoða*, en (21b) er úr nýnorskri þýðingu sögunnar.

- (21) a. Bjarni hét maður. (*Hrafnkels saga Freysgoða*, bls. 1398)
b. Det var ein mann som heitte Bjarne.
c. Það var einu sinni maður sem hét Bjarni.

En hér er á það að líta að enda þótt (21c), til dæmis, sé fullgild nútímaíslenska, hefur það á sér talmálsblæ; í ritmáli væri (21a) eðlilegt enn í dag. Reyndar myndi ekkert þeirra dæma sem Faarlund nefnir (1990:105-106) hafa það í venjulegu íslensku ritmáli, enda þótt flest þeirra myndu sennilega hafa það í talmáli.

Til að bæta upp fyrir skortinn á neikvæðum gögnum, þ.e. að við vitum ekki hvaða setningar voru ótækar, hefur Faarlund (1990:88-89) stungið upp á því að beita hinu svokallaða "lögmáli glataðra tækifæra" (The principle of "missed opportunities"):

(22) *Lögmál glataðra tækifæra:*

[I]f [a certain syntactic construction] is not used [in Old Norse texts] in cases where it would be natural for a speaker of modern Norwegian to use it, or where the translations of Old Norse texts into modern Norwegian use it, we have reason to assume that it does not exist as a possibility.

Ég hef efasemdir um "lögmál" af þessu tagi yfirleitt; en sé því beitt væri a.m.k. miklu nær að bera norrænu saman við nútímaíslensku en við norsku. Vissulega er það rétt að nútíma norska er "afkomandi" norrænu; hins vegar er augljóst að tengslin við nútímaíslensku eru miklu nánari en við norsku. Ef við fyndum mikilvægan mun á forníslensku og nútímaíslensku í einhverju atriði er það líklegt til að segja okkur eitthvað, vegna þess hve lík þessi tvö málstig eru. Mun á forníslensku og nútíma norsku er á hinn bóginn mun erfiðara að túlka; hann gæti stafað af öðru, því að munur málanna yfirleitt er miklu meiri.

Reyndar má finna skýrt dæmi um það hjá Faarlund (1990) hversu varasamt er að byggja kenningar á lögmálum af þessu tagi, og draga ályktanir af "glötuðum tækifærum". Það er mjög varasamt að búa til setningar sem dæmi hafa ekki fundist um í textum og dæma þær síðan tækar eða ótækar út frá þeim almennu kenningum

sem maður byggir á. Eitt slíkt dæmi er sýnt í (23). Samkvæmt kenningu Faarlunds (1990) ættu slíkar setningar ekki að hafa getað verið til í fornu máli.

(23) ?Bárður sagðist þyrsta mjög.

(*Faarlund 1990:124*)

Faarlund heldur því fram að sú sé einmitt raunin; slíkar setningar komi ekki fyrir, og það styðji heildarkenningu hans. En hér vill einmitt svo til að dæmi finnast í textum um alveg hliðstæðar setningar, eins og t.d. (24):

(24) Auðun settist niður við árbakkann og kvaðst þyrsta.

(*Þorgils saga skarða, bls. 705*)

Þetta sýnir að það er ævinlega varasamt að fullyrða að tiltekin setningagerð "komi ekki fyrir" í textum, hvað þá að byggja kenningar á því; sjaldan getur maður leitað af sér allan grun. Og enda þótt maður gæti það er auðvitað nauðsynlegt að hafa í huga að það er tilviljanakennt hvað hefur varðveist, og tiltekin setningagerð getur vel verið til í máli þótt hún komist ekki á blað.

Hér má auðvitað spyrja hvað rétt sé að gera þegar staðreyndir og kenningar stemma ekki saman, eins og í þessu dæmi. Ef kenningin virðist að öðru leyti traust, og skýrir ýmislegt sem ella væri óskýrt, er vissulega freistandi - og oft réttmætt - að líta fram hjá setningum eins og (24), rétt eins og (13) hér að framan. En vegna þess að (24) er ekki eina dæmið af þessu tagi virðist slíkt vafasamt, einkum með tilliti til þess að kenningin sem um er að ræða er fjarri því að vera traust, og bregst í ýmsum öðrum tilvikum líka.

2. kafli: Gerð forníslensku

2.1 Mismunandi flokkun tungumála

Undanfarin 30 ár a.m.k. hefur tíðkast að skipta tungumálum í flokka eftir **grundvallarorðaröð** (basic word order). Þessi skipting er yfirleitt kennd við Greenberg (1966), þótt vissulega séu rætur hennar eldri. Hann kannaði orðaröð í nokkrum tugum tungumála og setti fram kenningar um samband milli raðar helstu setningarliða og ýmissa annarra atriða í sambandi við orðaröð.

Greenberg miðaði við röð grunneininga setninga; frumlags (S), sagnar (V) og andlags (O). Hann komst að þeirri niðurstöðu að í nær öllum málum færi frumlag á undan andlagi í grundvallarorðaröð. Tungumálum mætti því skipta í þrjár megingerðir, eins og sýnt er í (1):

(1) SVO - SOV - VSO

Því er venja að tala um SVO-mál, SOV-mál, VSO-mál o.s.frv., eftir því hver er algengasta eða "eðlilegasta" röð þessara grunneininga. Enska og danska eru dæmigerð SVO-mál; tyrkneska og japanska eru oft tekin dæmi um SOV-mál; og írska er talin VSO-mál. Enginn vafi er á því að nútímaíslenska er SVO-mál (sjá t.d. Eirík Rögnvaldsson 1990). Það leikur hins vegar meiri vafi á því hvernig staðsetja skuli fornmálið. Komið verður nánar að því hér á eftir.

Flokkaskipting Greenbergs (1966) var miðuð við yfirborðsgerð, og grundvallarorðaröð er þar skilgreind sem algengasta eða eðlilegasta orðaröðin, eins og áður segir. Í generatífri málfræði hefur hugtakið grundvallarorðaröð hins vegar aðra merkingu; þar er yfirleitt átt við baklæga (underlying) orðaröð (djúpperðarorðaröð).

Á seinustu árum er venja að tala um stjórnunarátt (directionality of government) í stað grundvallarorðaraðar. Í stað þess að segja að mál sé VO eða OV er talað um að sögnin stjórnir (fylliliðum sínum) til hægri (= VO-röð) eða vinstri (= OV-röð). Yfirleitt er gert ráð fyrir því að þetta gildi ekki bara um sögnina, heldur alla hausa (heads); þ.e. nafnorð, lýsingarorð og forsetningar, og auk þess "hlutverkahausa" (functional heads) eins og beygingu (Infl); og oft er gert ráð fyrir sérstakri færíbreytu (parameter) sem sé stillt annaðhvort á stjórnun til hægri eða stjórnun til vinstri.

Oft er talið að það sé eðlilegt eða "ómarkað" að allir hausar í tilteknu máli stjórnir í sömu átt (sjá líka Greenberg 1966). Mál þar sem sögnin stjórnar til hægri, VO-mál, hafa þannig yfirleitt forsetningar, sem stjórna líka til hægri; en mál þar sem sögnin stjórnar til vinstri, OV-mál, hafa oftast eftirsetningar, sem stjórna líka til

vinstri. Þetta þarf þó ekki að fara saman.

Stundum er málum skipt í tvo flokka; "subject-prominent" og "topic-prominent". Sameiginlegt með þessum flokkum er talið það, að grundvallarskipting setninga sé í tvo liði; viðfang og það sem um það er sagt, subject - predicate eða topic - comment. Munurinn felst fyrst og fremst í hinum málfræðilegu tengslum sem eru milli hlutanna tveggja. Í subject-prominent málum eru þau sterk og fastmótuð, en í topic-prominent málum eru þau miklu lausari í reipunum. Germönsk mál eru talin dæmigerð fyrir fyrrnefnda flokkinn, en kínverska t.d. fyrir þann síðarnefnda. Þar munu vera algengar setningar eins og t.d. *Húsið, þakið er rautt*, þar sem fyrsti liðurinn er eiginlega fyrir utan meginformgerð setningarinnar; hins vegar gegnir hann því hlutverki að skapa henni svið. Í "subject-prominent" málum er slíkur liður hins vegar órjúfanlegur hluti setningarinnar. Þetta er sýnt í (2):

(2)	<i>Gerð tungumáls</i>	<i>Meginskipting setninga</i>	<i>Dæmi</i>
a.	"subject-prominent"	subject - predicate	Þakið á húsinu er rautt.
b.	"topic-prominent"	topic - comment	Húsið, þakið er rautt.

Því hefur stundum verið haldið fram að forníslenska hafi staðið nær síðarnefnda flokknum en nútímamál geri, og gæti eitthvað verið til í því. Fátt bendir að vísu til þess í sagnatextum, en í lagatextum, t.d. Grágás, úir og grúir af setningum eins og þeim sem sýndar eru í (3). Þetta er að vísu ekki alveg hliðstætt við fyrirbærið í kínversku, en þó í áttina.

- (3) a. Ef barn er svo sjúkt að við bana sé hætt og náir eigi prestsfundi, og á þá karlmaður ólærður að skíra barn. *(Grágás, s. 3)*
- b. Ef maður biður konu svefnis, og varðar það fjörbaugsgarð. *(Grágás, s. 126)*
- c. Ef maður vegur mann, og varðar það skóggang. *(Grágás, s. 214)*
- d. Ef griðungur banar manni, og varðar slíkt þeim er hann á sem björn eða hundur bani manni. *(Grágás, s. 267)*
- e. En ef maður hellir á mann vatni, og varðar það fjörbaugsgarð. Ef maður mígur á mann, og varðar það fjörbaugsgarð, en skóggang varðar ef maður skítur á mann. *(Grágás, s. 273)*

Einnig má nefna dæmi eins og í (4), þar sem tíðaratviksliður (eða forsetningarliður) sem greinilega á við aukasetninguna stendur fyrir framan aukatenginguna. Slíkt er ekki ótítt í fornu máli, en virðist bundið við sambönd eins og *það var/er sagt ...* (sjá Aðalbjörgu Jónasdóttur 1992). Ekki er ljóst hvernig greina skuli setningar af þessu tagi, en þær benda e.t.v. til að formgerð setninga hafi í sumum tilvikum verið eitthvað lausari í reipunum en nú.

Ein grundvallarflokkun mála til viðbótar er í svokölluð "configurational" og "non-configurational" mál. Í þeim fyrrnefndu hugsa menn sér að til séu setningafræðilegar formgerðir, sem ákvarði innbyrðis vensl einstakra liða. Í þeim síðarnefndu eru vensl liðanna aftur á móti sýnd á annan hátt en með ákveðinni orðaröð, s.s. með beygingum, sérstökum for- og viðskeytum o.s.frv. Sá sem helst hefur rannsakað mál af síðarnefndu tegundinni og sett fram kenningar um mun tegundanna er Ken Hale (1982, 1983). Hann hefur sett fram lista af atriðum sem hann telur greina non-configurational mál frá configurational málum:

- (5) *Einkenni "non-configurational" mála* (úr Hale 1982):
- a. `free' word order
 - b. lack of pleonastic NPs (expletives)
 - c. extensive null anaphora (pro-drop)
 - d. syntactically discontinuous expressions
 - e. lack of NP-movement (passive, raising etc.)
 - f. use of a `rich' case system
 - g. complex verb words

Chomsky tók þessa greiningu upp í *Lectures on Government and Binding* (1981), og gerði ráð fyrir sérstakri færíbreytu, sem lýsti því hvernig venslum liða væri háttað:

- (6) *The "configurationality parameter"* (Chomsky 1981):
- a. Move a
 - b. Assume a GF [= grammatical function, ER]

Það er of langt mál að fara hér út í skýringar á þessari færíbreytu. Nægilegt er að geta þess að margir hafa tekið þessar hugmyndir upp, og ýmis mál hafa verið talin til "non-configurational" mála; þar má nefna warlpiri (Hale 1983), japönsku (Chomsky 1981), ungversku (Kiss 1987), forngrísku (Taylor 1988), þýsku (Haider 1982), og forníslensku (norrænu; Faarlund 1990, 1992). Sum þessara mála eru talin hafa breyst frá því að vera "non-configurational" í "configurational"; þar má nefna grísku. Taylor (1998:1) segir að `at some point, or over some period in its history, Greek has changed from basically non-configurational to basically configurational'. Hliðstæð kenning hefur verið sett fram um íslensku og norsku. Meginkenning Faarlunds (1990) er sú að norræna eða forníslenska hafi verið "non-configurational", en "afkomendur" hennar, nútímaíslenska og nýnorska, séu ótvírætt "configurational".

Faarlund telur að engin sérstök grundvallarorðaröð hafi verið á eftir persónubeygðu sögninni í fornu máli, og sagnliður hafi þar alls ekki verið til. Hann

setur fram eftirfarandi liðgerðarreglu fyrir setningar í forníslensku:

(7) S 6 (XP) V_[+T] XP*

XP táknar hvaða lið sem er, og sviginn utan um XP næst á eftir örinni að sá liður sé valfrjáls; geti verið með en þurfi þess ekki. V_[+T] táknar svo sögn í persónuhætti, þannig að reglan segir að á undan sögninni geti komið einn liður, en hún geti líka verið fremst. XP* á eftir sögninni táknar að þar geta komið hvaða liðir sem er í hvaða röð sem er.

Raunar telur Faarlund (1990) ekki einasta að sagnliður hafi ekki verið til í fornu máli; hann telur einnig leika vafa á því að forsetningarliður og jafnvel nafnliður hafi verið til sem setningafræðilegar eindir. Það byggir hann einkum á setningum eins og (8), þar sem forsetningin og fallorð hennar standa ekki saman í setningu; og (9), þar sem nafnliður er klofinn.

- (8) a. Barnið var að komið *dauða*. (Ólafs saga helga, s. 402)
b. ... og munum vér frá hverfa ánni. (Laxdæla saga, s. 1552)
c. ... og hafið þið vel yfir slétt *vanhyggju mína*. (Gunnlaugs saga ormstungu, s. 1169)
d. Var mikið til aflað þessar *veislu* ... (Laxdæla saga, s. 1573)
- (9) a. En *væta* var á mikil um daginn. (Ólafs saga helga, s. 348)
b. *Engi* var hann *hermaður*. (Ynglinga saga, s. 27)
c. *Hversu margar* vildir þú *kýr* eiga? (Ólafs saga helga, s. 326)
d. *Góðan* eigum vér *konung* ... (Ólafs saga helga, s. 517)

Slíkar setningar koma vissulega fyrir; en þær eru ákaflega lítill hluti af heildarfjölda setninga. Í þeim tilvikum þar sem nafnliður er klofinn er langoftast um það að ræða að einhvers konar kvantari stendur ekki með nafnorðinu sem hann á við. Slíkt er vitaskuld einnig til í nútímamáli; þótt setningar eins og í (9) séu tæpast tækar eru setningarnar í (10) eðlilegar:

- (10) a. *Strákarnir* komu *allir* heim.
b. *Þeir* voru *sumir* orðnir þreyttir.

Hér mætti því hugsa sér að breytingin fælist einkum í því að fækkað hefur í þeim hópi kvantara sem "flotið" getur frá nafnorðinu.

Það er líka augljóst að ef forsetningarliður var ekki til sem setningafræðileg eind í fornu máli verður að endurskoða regluna í (7). Setningar á við (11) eru nefnilega algengar:

- (11) a. *Og á því sama ári fæddi Þorbjörg meybarn ... (Víglundar saga, s. 1963)*
 b. *Í því nesi stendur eitt fjall. (Eyrbyggja saga, s. 539)*
 c. *Um það þótti honum gott að ræða. (Egils saga Skalla-Grímssonar, s. 414)*
 d. *Til þess fundar kom Þorvaldur eigi. (Hrafns saga Sveinbjarnarsonar, s. 240)*

Reglan í (7) segir að aðeinn einn liður (ein eind) geti farið á undan sögn í persónuhætti; en ef forsetningarliður var ekki til eru 2-4 eindir á undan sögninni í setningunum í (11). Þegar málið er skoðað kemur í ljós að í öllum slíkum tilvikum myndar það sem fer á undan sögninni greinilega einn lið í nútímamáli. Sé því hafnað að forsetningarliður hafi verið til í fornu máli verður að segja að sögnin geti venjulega ekki staðið aftur en í öðru sæti, en undantekningar komi fyrir þegar það sem á undan henni fer myndi lið á yngri stigum málsins, því að setningar eins og (12), þar sem bæði frumlag og andlag fer á undan sögninni, eru jafn ótækar í fornum máli og í nútímamáli.

(12) *Þennan mann Grettir hafði drepið.

Slík undantekning er auðvitað afar undarleg, svo að ekki sé meira sagt; og ég sé engar forsendur fyrir öðru en telja að forsetningarliður hafi verið til sem setningafræðileg eining í fornu máli.

Meginrök Faarlunds varða þó hvorki nafnlið né forsetningarlið, heldur sagnliðinn. Hann heldur því ákveðið fram eins og áður segir að sagnliður hafi ekki verið til sem setningafræðileg eind í fornu máli. Því er nauðsynlegt að rekja helstu atriði röksemdafærslu hans, og skoða hvort þau fá staðist.

Eitt þeirra prófa sem oft eru notuð til að afmarka sagnlið er það sem á ensku heitir "VP-pronominalization"; þ.e., einhvers konar forliður (á ensku yfirleitt *do so*) er látinn vísa til orðarunu í undanfarandi setningu (sjá t.d. Lakoff & Ross 1966). Yfirleitt gera menn ráð fyrir að eingöngu sé hægt að vísa til liða á þennan hátt, en ekki bara hvaða orðarunu sem er, óháð formgerð. Faarlund (1990) heldur því fram að dæmi um slíka vísun finnist ekki í fornu máli; en ég fæ ekki betur séð en hún sé greinileg í setningunum í (13):

- (19) a. *Ingólfur segir: Vann hann á Þormóði Bersasyni?*
 Gríma segir: Sjá hinn sami gerði það. (Fóstbræðra saga, s. 798)
 b. *Þórir hvarf aftur og gerði það að ráði Þorgils. (Þorsteins saga hvíta, s. 2057)*
 c. *... hann kom hér að óbyggðu landi og byggði fyrstur landið;*

Önnur tegund þolmyndarsetninga sem ekki fellur að hugmyndum Faarlunds eru setningar eins og í (16). Þar fer saman þolmynd og (andlæg) frumlagslyfting, þannig að yfirborðsfrumlag aðalsetningarinnar er djúpperðarfrumlag aukasetningarinnar, og þiggur þaðan merkingarhlutverk sitt. Slíkt er algerlega andstætt lýsingarlegri þolmynd, sem er staðbundin (local; sbr. Wasow 1977).

- (16) a. Ekki er hann sagður mikilmenni *(Reykðæla saga, s. 1743)*
b. ... jöklar eru mjög miklir sagðir á Grænlandi. *(Grænlandinga saga, s. 1098)*
c. Sá var honum sagður frændi Sörla. *(Íslendinga saga, s. 256)*

Hér má einnig benda á setningar eins og (17), þar sem um er að ræða (frumlæga) frumlagslyftingu; djúpperðarfrumlag aukasetningarinnar er gert að yfirborðsfrumlagi aðalsetningarinnar.

- (17) a. Árna kvaðst það illt þykja. *(Svínfellinga saga, s. 565)*
b. Hrafni Oddssyni kvaðst það vel líka ... *(Íslendinga saga, s. 666)*
c. Henni kvaðst harðla gott þykja hann að finna ... *(Finnboga saga ramma, s. 654)*

Hér hlýtur aukafallið á frumlaginu að vera ættað úr aukasetningunni; *kveðast* tekur annars frumlag í nefnifalli, en virðist hér vera lyftingarsögn. Útilokað virðist að greina þessar setningar öðruvísi en svo að þar sé um nafnliðarfærslu að ræða, en slíkt á ekki að geta gerst í "non-configurational" máli, eins og áður segir.

Að öllu samanlögðu sýnist mér ljóst að engar forsendur eru fyrir öðru en telja að sagnliður hafi verið til í fornu máli, rétt eins og í nútímamáli. Hitt er annað mál að ljóst er að setningarliðir yfirleitt voru eitthvað lausari í reipunum í fornu máli en nú; en það jafngildir því ekki að þeir hafi ekki verið til. Það má vissulega vel hugsa sér að forníslenska hafi verið meira í ætt við "non-configurational" mál en nútímaíslenska, og gæti það líka passað við ýmislegt annað, s.s. dvínandi merkingu fallanna. Ekki hafa þó allir látið sannfærast af kenningum Faarlunds, sbr. t.d. Platzack (1991). Ef á að skipta málum í tvo flokka, "configurational" og "non-configurational", tel ég þó ótvírætt að íslenska, bæði forn og ný, falli í fyrri flokkinn. Frekari rök fyrir því koma fram í ýmsum köflum hér á eftir.

2.3 Hlutfall orðflokka í fornu máli og nútímamáli

En víkjum nú að athugunum á orðaforða forn máls. Því er oft haldið fram að

breytingar séu að verða á íslensku, í þá átt að notkun nafnorða aukist á kostnað sagna. Iðulega er þetta kennt enskum áhrifum; menn tala um að enska sé "nafnorðamál" en íslenska "sagnamál". Sé það rétt að íslenska sé að breytast að þessu leyti mætti búast við því að hlutföll sagna og nafnorða í texta væru önnur í nútímamáli en að fornu. Svo virðist þó ekki vera, eins og eftirfarandi yfirlit sýnir (sbr. Eirík Rögnvaldsson 1990). Þar eru hlutföll einstakra orðflokka í Íslendinga sögum borin saman við tölur úr tíðnikönnun Orðabókar Háskólans, en niðurstöður hennar birtust í *Íslenskri orðtíðnibók* (1991; sjá einnig Friðrik Magnússon 1988).

(19) *Hlutföll orðflokka*

	Ísl. Orð	Ísl. Lesmálsorð	Ísl. %	ÍO %
<i>Nafnorð</i>	7292	117252	15,63	20,58
<i>Sagnorð</i>	1447	203148	27,09	20,65
<i>Lýsingarorð</i>	2851	31947	4,26	7,14
<i>Atviksorð</i>	706	173484	23,13	23,25
<i>Fornöfn</i>	52	94800	12,64	14,88
<i>Samtengingar</i>	20	113823	15,18	12,01
<i>Töluorð</i>	33	6292	0,84	1,18

Í fremsta dálknum er sýndur fjöldi orða af hverjum orðflokki í Íslendinga sögum. Heildarfjöldi orða í textunum - fyrir utan sérnöfn - er tæplega 12500. Þar af eru nafnorð langflest, eða um 7300 alls; lýsingarorðin eru næstflest, um 2850; þá koma sagnir, um 1450; og atviksorð, um 700. Hér ber þess að geta að forsetningar eru flokkaðar með atviksorðum, eins og gert er í tíðnikönnun Orðabókar Háskólans. Lokuðu orðflokkarnir, fornöfn, samtengingar og töluorð, eru svo þarna langt fyrir neðan. Nauðsynlegt er að benda á það hér að manna- og staðanöfn eru ekki með í þessum tölum, en ef þau væru með myndi hlutfall nafnorða að sjálfsgöngu hækka hér töluvert.

Í öðrum dálknum er alls staðar um lesmálsorð að ræða. Í 2. dálki og 3. dálki sést að hlutfall orðflokka í lesmálsorðum er allt annað en í orðunum. Í síðasta dálknum eru svo birtar sambærilegar hlutfallstölur úr könnun Orðabókar Háskólans á orðtíðni í nútímamáli, teknar úr *Íslenskri orðtíðnibók*.

Í næsta (3.) dálki er sýnt hlutfall lesmálsorða af hverjum flokki í textanum; þ.e., hversu oft orðmyndir sem tilheyra hverjum flokki koma fyrir. Þar er myndin öll önnur. Sagnirnar eru þar efstar, með u.þ.b 27% eða rúm 200 þúsund dæmi, og næst koma atviksorð með rúm 23% eða ríflega 170 þúsund dæmi. Rétt er að minna á að þar eru forsetningar inni í, og meginhluti dæmanna er frá þeim. Nafnorð og samtengingar eru svo á svipuðu róli; milli 110 og 120 þúsund dæmi um hvorn flokk. Fornöfnin koma ekki langt fyrir neðan, með um 95 þúsund dæmi; en sá flokkur sem

hefur næstflest mismunandi orð, lýsingarorðin, er með næstfæst dæmi í texta; rúm 30 þúsund. Töluorðin eru svo langneðst.

Mesti munurinn er á sagnorðum og lýsingarorðum. Hann skýrist þó að talsverðu leyti af því að í könnun Orðabókar Háskólans er lýsingarháttur þátíðar ýmist greindur sem lýsingarorð eða sagnmynd, eftir setningafræðilegri stöðu. Í þeim rannsóknum sem liggja að baki fornmálstölunum er hann hins vegar ævinlega greindur sem sagnmynd, ef viðeigandi sögn kemur fyrir. Ef hann væri greindur sem lýsingarorð þar sem setningafræðileg staða gefur tilefni til þess myndi hlutfall lýsingarorða hækka talsvert en hlutfall sagna lækka að sama skapi; og hvorttveggja færði tölurnar í átt til nútímamálastalnanna.

En það er ekki eingöngu innbyrðis hlutfall einstakra orðflokka sem hægt er að huga að; einnig skiptir máli hlutfall einstakra málfræðilegra formdeilda, s.s. falla, kynja, tíða, háttu o.s.frv. Í *Íslenskri orðtíðnibók* má finna tölur um þessi atriði, og við stefnum að því að kanna þau einnig í forntextunum. Það er þó langt í land með að þeirri könnun ljúki. Þó er hér hægt að segja frá þeim þáttum hennar sem varða nafnorðin. Kyn nafnorða er greint um leið og lemmað er. Þegar borinn er saman fjöldi og tíðni nafnorða í einstökum kynjum að fornu og nýju fást þær niðurstöður sem sýndar eru í 2.

Í orðabók um Íslendingasögur, sem Guðrún Ingólfssdóttir, Bergljót Kristjánsdóttir o.fl. hafa unnið að undanfarin ár, eru hvers kyns málfræðiatríði greind. Greining nafnorðaforða Íslendingasagna er þar vel á veg komin, og við höfum fengið að nota upplýsingar úr talna- og fallgreiningunni. Niðurstöður hennar má sjá hér í (20), samanborið við nútímamál.

Eins og hér má sjá er hlutfallsleg tíðni nefnifallsins nær hin sama að fornu og nýju, og frávikið er ekki mikið í eignarfallinu. Á hinn bóginn munar verulega miklu á þolfalli og þágufalli. Tíðni þeirra er mjög svipuð í nútímamáli, en í Íslendingasögum virðist þolfallið vera nær tvöfalt algengara en þágufallið.

Það er ekki augljóst hvernig beri að skýra þennan mun. Það er þó hægt að slá því föstu að hann á ekki rætur að rekja til svokallaðrar þágufallssýki; hún kemur sjaldan fram í prentuðum textum, eins og þeim sem liggja til grundvallar tíðnikönnun OH.

(20) *Hlutföll falla*

	<i>Karlkyn</i>		<i>Kvenkyn</i>	<i>Hvorugkyn</i>	<i>Alls</i>
	<i>Ísl.</i>	<i>Ísl.</i>	<i>Ísl.</i>	<i>Ísl.</i>	<i>ÍO</i>
<i>Nefnifall</i>	41,25	16,95	14,04	27,54	27,6
<i>Polfall</i>	32,87	45,63	50,74	41,13	30,9
<i>Þágufall</i>	17,72	26,38	24,40	21,71	30,2
<i>Eignarfall</i>	8,16	11,03	10,81	9,62	11,3

3. kafli: Orðaröð í upphafi setninga

3.1 Um röð frumlags og sagnar

Eins og áður segir leikur enginn vafi á því að SVO sé grundvallarorðaröð nútímamáls. Mismunandi skoðanir hafa hins vegar komið fram á því hver hafi verið grundvallarröð eða algengasta röð frumlags og sagnar í fornu máli. Setningar eins og (1), þar sem sögnin er fremst í ótengdri setningu, og (2), þar sem sögnin er fremst á eftir aðaltengingu, eru mjög algengar að fornu:

- (1) a. Fer Oddur nú utan og tekst vel hans ferð sem vandi hans var til.
Bandamanna saga, s. 4)
- b. Fór Þorkell þar utan um vorið eftir ... *(Droplaugarsona saga, s. 367)*
- c. Vill hann ganga á hólmi við Björn. *(Gísla saga Súrssonar, s. 852)*
- d. Sér Grettir þá að hann hefir ekki afl við þessum manni.
(Grettis saga Ásmundarsonar, s. 1038)
- e. Kemur nú upp öll þeirra ráðagerð, Ingjalds og Þórðar.
(Laxdæla saga, s. 1553)
- f. Tók jarl forkunnar vel við Snorra og fór hann til jarls.
(Íslendinga saga, s. 256)
- g. Sat Arnór þar um sumarið og var biskup þar í geymslum.
(Íslendinga saga, s. 257)
- h. Sér Hrafn að þrotin var von sigurs. *(Þorgils saga skarða, s. 703)*
- i. Hefir margur maður fyrir oss, sá er saklaus hefir verið, orðið að láta féið en sumir lífið með. *(Ólafs saga helga, s. 279)*
- j. Voru þar áður margir menn inni fyrir sárir mjög. Var þar að kona nokkur og batt um sár manna. *(Ólafs saga helga, s. 538)*
- (2) a. Nú finnast þeir feðgar og var Oddur þá alþúinn til hafs.
(Bandamanna saga, s. 23)
- a. Og er á leið að miðri nótt sá hann Raknar og var hann fagurbúinn.
(Bárðar saga Snæfellsáss, s. 72)
- b. Ólafur konungur gaf Þórði viðarfarm á skip og fór Þórður út hingað og heim til bús síns. *(Bjarnar saga Hítðælakappa, s. 85)*
- c. Hann mun enn hafa vanda sinn að blóta á laun og hefir hann líkneski Þórs í pungu sínum af tönn gert ... *(Hallfreðar saga vandræðaskálds, s. 1205)*
- d. Í þann tíma var Hákon jarl yfir Noregi og fór Sölmundur til hans og mat jarl hann mikils. *(Ljósvetninga saga, s. 1718)*
- e. Eiríkur jarl fór þá til Upplanda og svo austur í ríki sitt og fór Vagn Ákason

með honum.

(*Ólafs saga Tryggvasonar, s. 192*)

Í kandiðatsritgerð Halldórs Ármanns Sigurðssonar (1994) er að finna mjög ítarlegt yfirlit um skrif fræðimanna um þetta efni, og vísast þangað um frekari fróðleik. Halldór vitnar í ýmsa fræðimenn sem hafa haldið því fram að VS, þ.e. sögn - frumlag, hafi verið grundvallarorðaröð fornmáls; þeirra þekktastur er Heusler (1987):

Der Aussagesatz gibt dem Verbum nicht nur da die Spitze, wo es, zumal in Reden, lebhaft hervorspringt ..., sondern auch im *ruhigen Fluss der Erzählung oder Darlegung*, und zwar so häufig, dass man darin die aisl. Normalstellung des Verbuns sehen konnte. (Heusler 1967:173)

Svipuð skoðun kemur fram hjá Mogk (1894), Braune (1894) o.fl.; og hún er enn uppi hjá sumum á seinni hluta 20. aldar, sbr. eftirfarandi tilvitnun í Haiman (1974):

Icelandic has undergone two changes in 850 years: first, from being a prominently verb-initial language, it has become a verb-second language ... (Haiman 1974:99)

Kossuth (1978) telur líka að grundvallarorðaröð forníslensku hafi verið SV-VS, þ.e. báðar raðirnar hafi verið jafngildar:

The subject was allowed to either precede or follow the finite verb ... The basic Old Icelandic word order was thus:

(T) V_{fin} X V_{non-fin} Y

where T or X could be the subject, but not Y. (Kossuth 1978:45)

En allt frá því á 19. öld hafa einnig margir fræðimenn haldið því fram að grundvallarorðaröð fornmáls hafi verið SV. Þar skal fyrstan nefna Lund (1862):

Den simpleste ordstilling i sætningen er den, når grundordet stilles først med hvad dertil hører, derpå omsagnet med de dertil nøje hørende bibestemmelser, derpå hensynet, endelig genstanden. (Lund 1862:447)

Aðrir sem settu fram svipaðar skoðanir kringum síðustu aldamót voru t.d. Bernstein (1897) og Nygaard (1900):

In accordance with the Germanic and Indo-European methods, the predominant mode of expressing the relation between agency and action, stripped of any

modifiers, is in the simple affirmative clause: Subject + Predicate, which, for sake of convenience, may be styled the "*Normal order*". (Bernstein 1897:1)

... i den store flerhed af hovedsætninger, nemlig *udsagnssætninger*, *indtager subjektet første plads*, hvor sprogbrugen ikke i visse tilfælde af særlige hensyn har fastslaaet en anden stilling ... Der skal intet særligt til forat bringe subjektet paa første plads, men der kræves noget særligt, forat det skal vige denne plads ..., og hvis der kunde opgjøres en paalidelig statistik, vilde det kanske vise sig, at *verbet* findes foran subjektet ligesaa ofte, som *subjektet* foran *verbet*. Men det kan ikke hindre, at den sidste stilling er den *normale*, der indtræder uvilkaarlig, naar ledene saaatsige grupperer sig i ro efter sin naturlige vegt og betydning. (Nygaard 1900:215)

Rieger (1968) leggur áherslu á að stílfraeðilegar forsendur ráði miklu um það hvaða orðaröð er notuð:

Kennzeichen der erzählenden isländischen Sagaprosa ist die wahlfreie Besetzung der ersten Stelle im Aussagesatz. Es ist dem ästhetischen Empfinden des Erzählers überlassen, wie er die erste Stelle im Satz besetzen will. Wichtig ist dabei, wie jeder Satz in den Handlungsablauf eingeordnet wird. Das erste Satzglied ist im Nacheinander des Handlungsablaufes das Verknüpfungsglied. (Rieger 1968:89)

Margir hafa gert ráð fyrir því að VS-röð sé einkum notuð til að tákna einhvers konar framhald. Kossuth (1981) hefur t.d. haldið því fram að sú röð kæmi oftast nær ekki fram fyrr en í þriðju setningunni í einhvers konar samfellu. Þótt út af þessu geti brugðið er a.m.k. er ljóst að ekki er hægt að hefja frásögn, taka upp nýtt efni, með sögn fremst. Því hefur þessi orðaröð á undanförunum árum yfirleitt verið nefnd **frásagnarumröðun** (e. Narrative Inversion).

3.2 Fyrri talningar

Þeir sem settu fram kenningar um röð frumlags og sagnar á 19. öld og fyrri hluta þeirrar 20. virðast yfirleitt hafa byggt kenningar sínar á tilfinningu frekar en talningum; a.m.k. birta þeir engar tölur um hlutfallslega tíðni mismunandi orðaraða. Á undanförunum áratugum hafa hins vegar birst niðurstöðum úr nokkrum talningum á þessu sviði. Langviðamesta könnunin sem þar er um að ræða er sú sem Peter Hallberg gerði (1965). Hún var reyndar ekki gerð í setningafræðilegum tilgangi, heldur í tengslum við kenningar Hallbergs um höfunda ýmissa fornsagna. Eigi að

síður hefur hún mikið setningafræðilegt gildi, þar eð efniviður höfundar er svo mikill.

(3) *Heildarniðurstöður úr athugun Hallbergs (1965):*

	SV	V(X)S	Samtals	V(X)S/SV+V(X)S
Sturlunga	5.875	3.346	9.221	36.3%
Heimskringla	11.174	4.733	15.907	29.8%
Íslendingasögur	10.138	3.658	13.796	26.5%

ALLS	27.187	11.737	38.924	30.2%

V(X)S táknar hér setningar þar sem frumlag fer á eftir sögn, en hugsanlega einhver liður á milli, einkum atviksorð eins og *nú* og *þá*. Hér er sleppt öðrum setningum en þeim sem innihalda bæði frumlag og sögn; hlutfallstalan í aftasta dálknum er því reiknuð af summu fyrstu dálkana tveggja, en ekki af heildarfjölda setninga.

Hér kemur ótvírætt í ljós að sé miðað við tíðni hlýtur grundvallarorðaröð formáls að teljast SV frekar en VS; hlutföllin eru u.þ.b. 7 á móti 3. Það er hins vegar athyglisvert hversu mikill munur er á milli texta hvað þetta varðar. Hér er textum Hallbergs aðeins skipt í þrjá flokka, en í grein hans kemur fram að munurinn innan hvers flokks getur verið mjög mikill.

Á 8. áratugnum gerði Karen Kossuth ýmsar athuganir á orðaröð formáls, og birtust niðurstöður talninga hennar í nokkrum greinum, einkum (1978a) og (1978b). Hún skipti setningunum í mun fleiri flokka en Hallberg. Sú flokkun er sýnd hér á eftir (skýringar og dæmi eru frá Halldóri Ármanni Sigurðssyni (1983):

(4) *Flokkun Kossuth:*

- SV**; ótengd setning sem hefst á frumlagi; t.d. *Hann fór (þá)*
- VS**; ótengd setning sem hefst á sögn í persónuhætti; frumlagið getur verið aftar en næst á eftir sögninni (Kossuth 1978a:446; 1978b:46); t.d. *Fór hann (þá á braut)*
- CSV**; tengd setning með frumlagi í 1. sæti, þ.e. næst á eftir tengingunni; t.d. *en hann fór (á braut)* eða *at hann fór (á braut)*
- CVS**; tengd setning með sögn í persónuhætti í 1. sæti; sama gildir um stöðu frumlags og í b; t.d. *ok fór hann (á braut)*, eða *færi hann (á braut)*
- TVX**; ótengd setning þar sem beitt hefur verið kjarnafærslu; X getur verið frumlag og gildir þá sama um stöðu þess miðað við sögn í persónuhætti og í b og d; t.d. *þá fór hann (á braut)*, *er hann fór sagði hann ...* þar sem aukasetningin *er hann fór* er "kjarni" eða T í heilu lagi en er auk þess talin sérstaklega sem dæmi um CSV (tilvísunarorðin *er* og *sem* eru talin tengingar, sbr. Kossuth 1978a:446)
- CTVX**; tengd setning sem beitt hefur verið kjarnafærslu í; sama gildir um

frumlag og í e; t.d. *ok þá fór hann (á braut), en er hann fór sagði hann ...*
 þar sem sama gildir um *er hann fór* og í e

g. **AÐRAR**

Í annarri af megingreinum Kossuth um þetta efni (1978b) eru auk þess tveir flokkar sem ekki eru nefndir hér að framan; "Gapped", sem eru setningar þar sem sögn og/eða frumlag vantar, og "IMP", sem eru boðháttarsetningar. Vegna þess að þessum flokkum er sleppt í hinni greininni (1978a) eru hlutfallstölur annarra flokka mismunandi í greinunum, þótt fjöldi setninga í hverjum flokki sé hinn sami. (Hlutfallstölurnar í töflunni hér á eftir eru reyndar frá Halldóri Ármanni Sigurðssyni (1983), sem bendir á að tölur Kossuth séu stundum rangar.)

(5) *Heildarniðurstöður úr orðaraðatalningu Kossuth (1978a, b) í 4 fornmálstextum:*

	1978a		1978b	
	<i>Fjöldi setn.</i>	<i>Hlutf. %</i>	<i>Fjöldi setn.</i>	<i>Hlutf. %</i>
SV	1556	21	1556	18
VS	745	10	745	8.5
CSV	2129	28.5	2129	24.5
CVS	632	8.5	632	7
TVX	1284	17	1284	14.5
CTVX	556	7.5	556	6.5
Gapped	---		1261	14.5
IMP	---		516	6
AÐRAR	570	7.5	54	0.5

ALLS	7472	100	8733	100%

Á grundvelli talninga sinna, annars vegar úr fornum sögum og hins vegar úr tveim nútímaskáldsögum (*Sjálfstæðu fólki* eftir Halldór Laxness og *Feilnótu í fimmtu sinfóníunni* eftir Jökul Jakobsson) dregur Kossuth þá ályktun sem áður er nefnd; að forníslenska hafi verið SV-VS mál, þ.e. á einhverju millistigi milli VSO og SVO. Nútímaíslensku telur hún hins vegar greinilega SVO-mál.

Halldór Ármann Sigurðsson (1983) hefur gert ýmsar athugasemdir við niðurstöður Kossuth. Hann bendir á að frásagnarumröðun sé einkenni á fullyrðingarsetningum og því beri að einskorða athugunina við þær; í *já/nei*-spurningum t.d. sé sögnin sjálfkrafa í fyrsta sæti, og þar komi því ekkert val til greina. Kossuth taki hins vegar slíkar setningar (og ýmsar fleiri) með í tölum um VS-setningar, og því verði þær tölur óhjákvæmilega of háar.

Það er hins vegar efamál að þessi gagnrýni sé réttmæt. Ef Kossuth væri

beinlínis að skoða frásagnarumröðun er enginn vafi á því að Halldór hefði rétt fyrir sér í því að hún tæki með setningar sem ekki ættu að vera með. En nú er Kossuth að skoða orðaröð yfirleitt; og það er ekki sjálfgefið að grundvallarorðaröð, í þeim skilningi sem Kossuth virðist leggja í það hugtak, eigi eingöngu að miðast við fullyrðingarsetningar.

3.3 Talningar Halldórs Ármanns Sigurðssonar (1983)

Halldór Ármann Sigurðsson (1983) hefur gert vandaða rannsókn á röð frumlags og sagnar í fornu máli, og borið saman við nútímamál. Meginniðurstöður hans um tíðni helstu orðaraða eru birtar í eftirfarandi töflu:

(6) *Fjöldi og tíðni helstu orðaraða í köflum úr 7 fornum ritum*

		<i>Fmr</i>	<i>Hom</i>	<i>Mork</i>	<i>Óh</i>	<i>St</i>	<i>Nj</i>	<i>Áb</i>	<i>ALLS</i>
SV	Fjöldi setn.	36	163	160	269	397	495	78	1598
	Hlutfall	7%	12%	9.5%	14%	18.5%	26%	9.5%	15.5%
V(X)S	Fjöldi setn.	12	12	43	145	187	50	58	507
	Hlutfall	2.5%	1%	2.5%	7.5%	8.5%	2.5%	7%	5%
CSV	Fjöldi setn.	155	482	444	457	506	324	253	2621
	Hlutfall	31%	35%	25.5%	23.5%	23.5%	17%	31%	25%
CV(X)S	Fjöldi setn.	25	38	131	110	134	143	29	610
	Hlutfall	5%	3%	7.5%	5.5%	6%	7.5%	3.5%	6%
TV(X)S	Fjöldi setn.	55	190	147	247	227	321	89	1276
	Hlutfall	11%	14%	8.5%	12.5%	10.5%	16.5%	11%	12%
CTV(X)S	Fjöldi setn.	60	115	211	146	125	77	64	798
	Hlutfall	12%	8.5%	12%	7.5%	6%	4%	8%	7.5%
AÐRAR	Fjöldi setn.	159	370	591	576	596	511	246	3049
	Hlutfall	31.5%	27%	34%	29.5%	27.5%	26.5%	30%	29%

SAMTALS	Fjöldi setn.	502	1370	1727	1950	2172	1921	817	10459
	Hlutfall	100%	100%	100%	100%	100%	100%	100%	100%
V(X)S	Hlutfallið -----	25%	7%	21%	35%	32%	9%	42.5%	24%
	SV+V(X)S								

"Fmr" er hér *Fyrsta málfræðiritgerðin*, "Hom" *Íslenska hómilíubókin*, "Mork" er *Morkinskinna*, "Óh" *Ólafs saga helga*, "St" er *Sturlu saga*, "Nj" *Brennu-Njáls saga*, og "Áb" *Árna saga biskups*.

Halldór dregur meginniðurstöður sínar saman á þennan hátt:

- (7) a. Einungis (tæp) **5%** af heildarfjölda setninga í talningartextunum falla í flokkinn V(X)S. Þar á móti eru SV-setningar **15.5%** eða liðlega þrisvar sinnum fleiri.

- b. Hlutur V(X)S-setninga fer niður í (tæpt) **1%** í einum af talningartextunum, Hom, og væri þar reyndar aðeins **0.44%** ef ekki væri tekið tillit til "óskháttarsetninga".
- c. Aðeins (tæp) **6%** af heildarfjölda setninga í talningartextunum falla í flokkinn CV(X)S. Þar á móti eru CSV-setningar **25%** eða liðlega **fjórum** sinnum fleiri.
- d. Af samanlögðum fjölda V(X)S- og SV-setninga eru V(X)S-setningar aðeins **24%** (= hlutfallið V(X)S/SV+V(X)S). (Á sama hátt er hlutfallið CV(X)S/CSV+CV(X)S aðeins tæp 19%).

Til að auðveldara sé að fá yfirlit yfir meginniðurstöðurnar setur Halldór þær upp í aðra og minni töflu, þar sem tengdum og ótengdum setningum er steipt saman og flokknum "AÐRAR" sleppt:

(8) *Meginatriði athugunar á tíðni orðaraða í köflum úr 7 fornum ritum*

	<i>Ótengdar setningar</i>	<i>Tengdar setningar</i>	<i>Samtals</i>
(C)SV	1.598 = 47.5%	2.621 = 65%	4.219 = 57%
(C)V(X)S	507 = 15%	610 = 15%	1.117 = 15%
(C)TV(X)S	1.276 = 37.5%	798 = 20%	2.074 = 28%

Samtals	3.381 = 100%	4.029 = 100%	7.410 = 100%

Í töflunum hér að framan stendur "C" bæði fyrir aðal- og aukatengingar. Í rannsókn Halldórs kom hins vegar skýrt fram að orðaröð á eftir tengingum er mjög mismunandi. Til að draga þetta fram setur Halldór upp eftirfarandi töflu:

(9) *Niðurstöður úr sérstakri athugun á tíðni og dreifingu SV- og V(X)S- í tengdum setningum í köflum úr 9 fornum ritum. Niðurstöðurnar eru sundurliðaðar eftir þeim samtengingum sem tengja setningarnar. Í táknað orðaröðina CSV og II röðina CV(X)S*

	<i>Fmr</i>	<i>Hom</i>	<i>Mork</i>	<i>Óh</i>	<i>Eg</i>	<i>Hák</i>	<i>St</i>	<i>Nj</i>	<i>Áb</i>	<i>Alls</i>
Aðalt.:	I II	I II	I II	I II	I II	I II	I II	I II	I II HI	
<i>enda</i>	0 7	0 1	0 1	0 1	0 0	0 0	0 1	0 4	0 0	0 15 100%
<i>heldr</i>	0 3	0 7	0 0	0 1	0 0	0 0	0 0	0 0	0 1	0 12 100%
<i>ok</i>	6 10	4 26	15 128	8 95	10 66	15 84	13 129	3 138	10 23	84 699 90%
<i>eða</i>	0 1	1 0	0 1	1 4	0 1	0 0	0 0	0 0	0 0	2 7 78%
<i>en</i>	12 0	25 0	76 0	49 0	60 0	58 0	98 1	35 1	13 0	426 2 0.5%

Samt.	18 21	30 34	91 130	58 101	70 67	73 84	111 131	38 143	23 24	512 735 59%

Aukat.:

<i>at(sk)</i>	7 1	53 1	145 1	126 0	142 1	121 0	134 0	105 0	74 1	907 5 0.5%
---------------	-----	------	-------	-------	-------	-------	-------	-------	------	------------

<i>er</i> (tilv)	25	0	83	1	36	1	71	4	54	1	21	0	35	1	22	0	48	0	395	8	2%
<i>er</i> (tíð)	17	0	69	1	57	0	83	1	97	0	60	0	55	1	33	0	22	0	493	3	0.6%
<i>sem</i> (sam)	16	2	35	0	17	0	13	0	15	0	4	0	17	0	10	0	8	1	135	3	2%
aðrar	75	0	200	1	98	0	122	0	128	0	86	0	142	1	118	0	66	2	1035	4	0.4%

Samt.	140	3	440	4	353	2	415	5	436	2	292	0	383	3	288	0	218	4	2965	23	0.8%

ALLS	158	24	470	38	444	132	473	106	506	69	365	84	494	134	326	143	241	28	3477	758	18%
ALLS	182		508		576		579		575		449		628		469		269		4235		

Hér kemur greinilega fram að aðaltengingarnar *enda* og *heldur* krefjast umröðunar, en *en* leyfir umröðun varla. Þetta er eins og í nútímamáli, en hér er tvennt einkum athyglisvert. Annars vegar er hin mikla tíðni umröðunar á eftir *og* (90%), og hins vegar það hve umröðun er sjaldgæf í aukasetningum; kemur raunar vart fyrir.

Í ritgerð sinni leitast Halldór við að setja fram skýringar á þessu. Hann bendir á að skyldubundna umröðun á eftir *enda* og *heldur* megi skýra á þann hátt að hér sé um e.k. atviksorð að ræða; umröðun á eftir þeim tengingum sé því ekki raunveruleg frásagnarumröðun. Skort á umröðun á eftir *en* vill hann skýra með tilvísun til merkingar tengingarinnar; það sem fer á eftir henni séu í einhverjum skilningi "óviðbúna" upplýsingar, og því eigi frásagnarumröðun ekki við, þar sem henni sé því aðeins beitt að um beint og eðlilegt framhald sé að ræða.

Hina lágu tíðni frásagnarumröðunar í aukasetningum vill Halldór aftur á móti skýra með því að frásagnarumröðun sé **rótarummyndun** (Root Transformation); þ.e., setningafræðilegt ferli sem sé bundið við aðalsetningar (rótasetningar). Síðar (1985, 1990) hefur Halldór sett fram ítarlegri skýringar á þessu. Hann telur að frásagnarumröðun felist í færslu persónubeygðu sagnarinnar í C(omp). Slík færsla er hins vegar aðeins möguleg í aðalsetningum, vegna þess að í aukasetningum situr aukatenging venjulega í þessum bás. Eiríkur Rögnvaldsson og Höskuldur Þráinsson (1990) tengja hins vegar lága tíðni frásagnarumröðunar í aukasetningum við hlutverk umröðunarinnar en ekki við mismunandi stöðu sagnar.

Eins og áður hefur komið fram hefur það lengi verið almenn skoðun að VS-röð væri algengari í fornu máli en nú. Hitt mönnum þó ljóst nú orðið, að frásagnarumröðun hefur ákveðið hlutverk, sem leiðir til þess að hún á betur við í þeim textum sem helst eru varðveittir frá fyrri öldum en í dæmigerðum nútímamálstextum. Til að setja undir þennan leka má reyna að finna nútímamálstexta sem eru sem sambærilegastir við fornsögurnar að stíl. Þá er vissulega að finna; það er til aragrúi ýmissa sagnaþátta frá þessari öld, þar sem efnistöð og stíll eru ekki ósvipuð því sem gerist í fornsögum. Nokkra slíka texta tók Halldór Ármann (1983) einmitt til athugunar, þegar hann var að skoða breytingar á orðaröð. Hann komst að þeim niðurstöðum, að hvað varðar röð frumlags og sagnar hefðu ekki orðið marktækar breytingar síðan í forn máli, ef borin væru saman rit í sama stíl. Meginniðurstöður Halldórs úr athugun á nútímamálstextum eru sýndar hér á eftir:

(10) *Fjöldi og tíðni helstu orðaraða í 3 nútímamálstextum; talning HÁS (1983):*

	<i>TÁP</i>	<i>ÚbB</i>	<i>Folda</i>	<i>Samtals</i>
SV	166 = 15%	103 = 11.5%	19 = 5%	288 = 12%
V(X)S	55 = 5%	86 = 9.5%	32 = 9.5%	173 = 7.5%
CSV	271 = 24.5%	183 = 20.5%	54 = 14.5%	508 = 21.5%
CV(X)S	85 = 7.5%	37 = 4%	28 = 7.5%	150 = 6.5%
AÐRAR	533 = 48%	494 = 54.5%	240 = 64.5%	1267 = 53%

Samtals	1110 = 100%	903 = 100%	373 = 100%	2386 = 100%
V(X)S/SV+V(X)S	25%	45%	62.5%	37.5%

Engin ástæða er til að draga í efa niðurstöður Halldórs hvað þetta varðar; en það má samt halda áfram að spyrja hvort þetta sé réttur samanburður. Fornögurnar eru kannski dæmigerðar fyrir það sem skrifað var í fornöld; en sagnapættir verða tæpast taldir dæmigerðir fyrir nútímaritmál. Að minnsta kosti eru þeir ansi fjarri talmáli, en reyndar getur það hafa gilt um fornögurnar líka á sínum tíma. Ef við lítum á þetta frá strúktúralísku sjónarmiði, þá er ljóst að þótt stíll fornagnanna og stíll sagnapáttanna 20. aldar er ekki sambærilegur, vegna þess að staðan í heildarmyndinni er ekki sú sama. En þegar við berum saman setningagerðir í rituðum textum frá fyrri tíð og nútímamál notum við væntanlega ósjálfrátt talmálið til samanburðar; það stendur okkur næst, og vissulega má færa rök að því að það sé marktækast og skipti mestu máli, auk þess sem við gerum þetta sennilega ósjálfrátt af vana. En við ættum að hafa í huga að í íslensku er talsvert mikill munur á talmáli og ritmáli, jafnvel hversdagslegu ritmáli, þannig að samanburðurinn við eldra ritmál skekkir myndina alltaf eitthvað. Því miður er ekki til nein rannsókn á því að hvaða leyti ritmál sé frábrugðið talmáli setningafræðilega séð, þannig að við vitum ekki einu sinni hvað við eigum helst að varast.

3.4 Niðurstöður Halldórs Ármanns Sigurðssonar

Meginniðurstöður sínar dregur Halldór Ármann Sigurðsson (1983) saman á þennan hátt:

[...] meginmarkmið mitt með þessari umfjöllun hefur verið að skera úr um hvor hafi verið í samræmi við grundvallarorðaröð forn máls, orðaröðin V(X)S (þ.e. frásagnarumröðun) eða SV. [Í] þessu augnamiði [hefur] verið stuðst við 3 almenn viðmið um grundvallarorðaröð, tíðni, ummyndanaleg rök og hlutleysi - auk samanburðar við nútímaíslensku.

Almennu viðmiðin þrjú benda öll mjög eindregið til þess að grundvallarorðaröð forn máls hafi verið SV en ekki V(X)S. [...] SV hefur miklu meiri tíðni í fornritum heldur en V(X)S. [Einnig] voru leidd rök að því að ekki sé unnt að skýra dreifingu frásagnarumröðunar, þ.e. hversu fátíð hún er í aukasetningum, nema gert sé ráð fyrir að hún sé rótarummyndun. Þessi ummyndanalegu rök þýða augljóslega að orðaröðin V(X)S getur ekki hafa verið í samræmi við grundvallarorðaröð forn málsins. [...]

[Í samanburði við nútímamál] kom í ljós að í öllum höfuðatriðum virðist frásagnarumröðun vera notuð með mjög svipuðum hætti í nútímamáli og var að fornu. Þar eð nútímaíslenska er SVO-mál bendir þetta óneitanlega fremur en ekki til að SV-röð hafi einnig verið í samræmi við grundvallarorðaröð forn máls. Að öðrum kosti væri þess að vænta að umtalsverðar og augljósar breytingar hefðu átt sér stað á notkun frásagnarumröðunar, einkum tíðni hennar.

Meginniðurstaða ritgerðarinnar er því einhlít og augljós: Öll tiltæk rök benda til þess að grundvallarorðaröð hafi verið SV- í forníslensku, eins og er í nútímamáli. Önnur meginniðurstaða ritgerðarinnar er að ekki séu rök til þess að frásagnarumröðun og notkun hennar hafi breyst að nokkru umtalsverðu leyti frá fornu fari til nútíma, þótt auðsætt sé að smávægilegar breytingar á henni hafa átt sér stað.

Christer Platzack (1985) hefur sett fram nokkra gagnrýni á niðurstöður Halldórs. Hann bendir á að þegar Halldór reiknar hlutfallið milli VS- og SV-raða taki hann tillit til bæði aðal- og aukasetninga. Eins og Halldór hefur sjálfur sýnt fram á kemur frásagnarumröðun hins vegar tæpast fyrir í aukasetningum. Það þýðir að málnotendur eiga ekkert val í aukasetningunum, frekar en t.d. í *já/nei*-spurningum sem Halldór gagnrýndi Kossuth fyrir að taka með. Í útreikningum á hlutfalli frásagnarumröðunar telur Platzack því eðlilegt að reikna aðeins með þeim aðalsetningum þar sem um raunverulegt val er að ræða.

Platzack gerði síðan könnun á textabútum úr þremur fornum textum samkvæmt þessum reglum. Niðurstaða hans varð sú að frásagnarumröðun kæmi fyrir í 22-31% þeirra setninga þar sem hún væri á annað borð hugsanleg í þessum þremur textum. Það er mun hærri tíðni en bæði hjá Kossuth og Halldóri Ármanni.

Í grein Platzacks (1985) er þeirri spurningu velt upp hvort frásagnarumröðun sé mistíð eftir sögnum. Ekki koma neinar skýrar niðurstöður út úr smákönnun sem hann gerir á því, nema helst að frásagnarumröðun virðist tiltölulega sjaldgæf með sögnunum *kveða*, *segja*, *mæla* og *svara*. Ég hef kannað þetta nokkuð, og mér virðist ljóst að verulegur munur sé á sögnum hvað þetta varðar, þótt að svo stöddu sé ekki hægt að setja fram neinar tölur þar um.

3.5 Umröðun á eftir aðaltengingum

Eins og áður er bent á fann Halldór Ármann Sigurðsson (1983) aðeins tvö dæmi um umröðun á eftir aðaltengingunni *en*, í alls 428 *en*-setningum sem hann skoðaði. Það er vissulega rétt að slík dæmi eru mjög fátíð; en þau virðast þó ekki vera tilviljanakennd, heldur bundnar við tilteknar sagnir, eða e.t.v. fremur sagnir af tilteknum merkingarflokki. Eftir því sem best verður séð eru það helst sagnir þar sem frumlagið er ekki gerandi; helst skynjandi eða reynandi (experiencer). Nokkur dæmi um það eru sýnd hér:

- (11) a. ... en uggir mig ... að þú megir varla í kyrrðum sitja
(*Grettis saga Ásmundarsonar*, s. 1019)
- b. "... En líkar mér," segir hann, "kvonfangið ..."
(*Reykðæla saga*, s. 1753)
- c. ... en vil eg segja yður hvað eg vil af yður
(*Bárðar saga Snæfellsáss*, s. 69)
- d. En veit eg hvað þú munt þér ætla
(*Brennu-Njáls saga*, s. 323)
- e. ... en veit eg hverjir gert hafa
(*Hallfreðar saga vandræðaskálds*, s. 1222)
- f. En mæla það sumir menn að við séum nokkuð skaplíkir ...
(*Bandamanna saga*, s. 36)
- g. En vita það allir menn að mig og mitt fólk skortir aldrei mat ...
(*Bandamanna saga*, s. 21)

Ef gert er ráð fyrir því að þau yfirborðsfrumlög sem ekki eru gerendur séu upprunnin í andlagssæti er hér strangt tekið ekki um umröðun að ræða, heldur frekar það að viðkomandi liður er aldrei færður í frumlagssætið. Hvernig skýra skuli það er ekki ljóst að svo stöddu. Setningar af þessu tagi virðast alveg horfnar úr málinu, og er ekki heldur ljóst hvernig skýra beri það.

Halldór Ármann Sigurðsson (1983) bendir líka á að í meirihluta fullkominna setninga sem tengdar eru með *eða*, 7 af 9, er umröðun:

- (12) a. enda er þá eigi övænt að þeygi lesi eg vel eða minn maki ef sá finnst eða ráði eg vel að líkindum ...
(*Fyrsta málfræðiritgerðin*, 214,4; frá HÁS)
- b. ... eg mun fara á fund Svíakonungs ... nema mér banni Hel eða sé eg heftur
(*Óh 131,3; frá HÁS*)
- c. Ólafur konungur svarar að hann vill sjá fyrst hvert ráð jarl tæki, hvort þeir héldu saman flokkinum eða skildist liðið við hann
(*Óh 97,11; frá HÁS*)

Slíkar setningar eru líka horfnar úr málinu, og er sem fyrr óljóst hvernig megi skýra

það.

3.6 Stílfærsla

Hér hefur eingöngu verið fjallað um stöðu frumlags og sagnar. En það eru auðvitað fleiri liðir sem geta staðið fremst í setningu. Hægt er að færa ýmsar tegundir forsetningarliða, atviksliða og nafnliða fremst með kjarnafærslu, rétt eins og í nútímamáli. Dæmi um slíkt eru auðvitað mýmörg:

(13) *Forsetningarliður fremst í setningu:*

- a. Í öndugi sat Bárður Snæfellsás en utar frá Guðlaugur úr Guðlaugshöfða en innar frá Gestur Bárðarson, þá Kálfur og Þorkell skinnvefja.
(*Bárðar saga Snæfellsáss, s. 61*)
- b. Í brynju var hann og hafði hjálm á höfði og sverð í hendi.
(*Bárðar saga Snæfellsáss, s. 72*)
- c. Á einum kvistinum var gullslitur.
(*Bárðar saga Snæfellsáss, s. 47*)
- d. Um veturinn komu tröll og óvættir ofan í Eiríksfjörð ...
(*Bárðar saga Snæfellsáss, s. 51*)
- e. Um kveldið sat hún hjá bónda sínum og skipaði Þjóstólfi hið næsta sér innar frá.
(*Brennu-Njáls saga, s. 137*)
- f. Í þeirri búð voru engir menn.
(*Egils saga Skallagrímssonar, s. 509*)
- g. Á skálanum eru og tvennar dyr.
(*Hávarðar saga Ísfirðings, s. 1319*)
- h. Við það varð Þórður Sturluson svo reiður að hann bað ganga að þeim.
(*Íslendinga saga, s. 184*)
- i. En um haustið komu þeir fram norður með Háreki í Þjóttu.
(*Ólafs saga Tryggvasonar, s. 216*)
- j. Á Orminum langa voru fjögur rúm og þrír tigur.
(*Ólafs saga Tryggvasonar, s. 227*)

(14) *Atviksorð fremst í setningu:*

- a. Nú finnast þeir feðgar og var Oddur þá albúinn til hafs.
(*Bandamanna saga, s. 23*)
- b. Nú líkar Sturlu illa og þótti Þorvarður hafa falsað sig.
(*Sturlu saga, s. 83*)
- c. Þá spyr Kjartan Bolla ef hann vilji freista sunds við bæjarmanninn.
(*Laxdæla saga, s. 1594*)
- d. Þá tók af byrinn og lágu þar nokkurar nætur.
(*Bandamanna saga, s. 44*)
- e. Oft töluðu menn um það að eigi þóttust vita hver þessi kona var.
(*Bárðar saga Snæfellsáss, s. 54*)
- f. Oft heyrðu menn úti dunur miklar um nætur í Hvammi.
(*Eyrbyggja saga, s. 579*)

- g. Oft var þá skorin yxnishúðin til skæða.
(*Harðar saga og Hólmverja*, s. 1279)
- h. Þar færði Oddur Breiðfirðingur drápu sem hann hafði ort um Hjalta.
(*Bárðar saga Snæfellsáss*, s. 74)
- i. Áður hafði Glúmur Geirason stefnt Oddi um ányt til Þorskafjarðarþings.
(*Bárðar saga Snæfellsáss*, s. 74)
- j. Áður hafði Gunnar særða átta menn en vegið þá tvo.
(*Brennu-Njáls saga*, s. 213)

(15) *Andlag fremst í setningu:*

- a. Hana átti Þorbjörn Vífilsson. (*Bárðar saga Snæfellsáss*, s. 53)
- b. Þórði gaf hann sverð, góðan grip, að kvæðislaunum.
(*Bjarnar saga Hítælakappa*, s. 78)
- c. Honum bauð Hallgerður til boðs síns og sendi Þjóstólf eftir honum.
(*Brennu-Njáls saga*, s. 137)
- d. Honum gaf Auður Vífilsdal og bjó hann þar. (*Eiríks saga rauða*, s. 519)
- e. Þann hring skyldi hofgoði hafa á hendi sér til allra mannfunda.
(*Eyrbyggja saga*, s. 539)
- f. Þann svein gaf Þorsteinn Þór og kvað vera skyldu hofgoða og kallar hann Þorgrím.
(*Eyrbyggja saga*, s. 543)
- g. Þann mann hafði Flosi vega látið. (*Droplaugarsona saga*, s. 355)
- h. Hana lagði Ögmundur í rekkju hjá sér um veturinn ...
(*Guðmundar saga dýra*, s. 140)
- i. Hana gifti hann Skopta Skagasyni bróður Þóru.
(*Ólafs saga Tryggvasonar*, s. 165)
- j. Það kallaði hann Orm hinn langa en hinn Orm hinn skamma.
(*Ólafs saga Tryggvasonar*, s. 227)

Þetta gildir um aðalsetningar. Í aukasetningum er röð liða í upphafi setningar miklu takmarkaðri, eins og í nútímamáli; sjaldgæft er að andlag sé fært þar fremst, en talsvert um atviks- og forsetningarliði:

- (16) a. Þess er getið að um haustið fara menn á fjall ... (*Bandamanna saga*, s. 5)
- b. Helgi segir til sín og sagði að í móti voru þeir Grjótgarður og Snækólfur.
(*Brennu-Njáls saga*, s. 220)
- c. Ef þú fylgir Kára illa þá skalt þú það vita að aldrei skalt þú koma í mína rekkju sinn síðan.
(*Brennu-Njáls saga*, s. 329)
- d. og í því sló Finnbogi hann með steini í höfuðið svo að í smán mola lamdist hausinn og fékk hann bráðan bana. (*Finnboga saga ramma*, s. 658)
- e. því að þeir nenntu eigi til kirkju að færa líkin ... (*Fóstbræðra saga*, s. 815)

- f. Gísli tekur þá klæðin af þeim annarri hendi en með annarri leggur hann í gegnum Þorgrím með Grásíðu svo að í beðinum nam stað.
(*Gísla saga Súrssonar*, s. 869)
- g. og munum við lemjast allir ef á okkur kemur slíkt grjót.
(*Gísla saga Súrssonar*, s. 26:944)
- h. En svo var sem hann sagði að þá skutu þeir staurum ...
(*Magúss saga Haraldssonar*, s. 758)

Einstöku dæmi eru um það í aukasetningum að atviks- eða forsetningarliður virðist færður fram fyrir aukatengingu; hins vegar virðast engin dæmi um að andlög standi á þennan hátt framan við aukatengingu.

- (17) a. Frá því er sagt eitthvert sinn um veturinn að menn sátu í heimilishúsi þar í Brattahlíð ...
(*Flóamanna saga*, s. 755)
- b. Nú er þar til máls að taka um vorið að Börkur fer til Þorskafjarðarþings með fjölmenni og ætlar að hitta vini sína.
(*Gísla saga Súrssonar*, s. 885)
- c. Það var sagt um haustið að Illugi reið heiman af Gilsbakka með þrjá tigu manna og kom til Mosfells snemma morguns.
(*Gunnlaugs saga ormstungu*, s. 1192)
- d. Það er sagt um sumarið að Ólafur er óslyngur við allt sem hann átti að gera enda þiggur Már illa.
(*Þorgils saga og Hafliða*, s. 10)

Í nútímamáli er venja að gera mun á tveimur reglum sem færa orð eða liði fremst í setningu. Annars vegar er **kjarnafærsla** (topicalization), en hins vegar **stílfærsla** (stylistic inversion). Mikið hefur verið skrifað um þessar reglur og einkenni hvorrar um sig (sjá t.d. Maling 1980, Eirík Rögnvaldsson 1990, Eirík Rögnvaldsson og Höskuld Þráinsson 1990, Jóhannes Gísla Jónsson 1991, Poole 1992 o.fl.). Hér skulu nefnd tvö atriði sem einkum eru talin greina á milli. Annars vegar er það að kjarnafærsla færi nafnliði (t.d. andlög), atviksliði og forsetningarliði, en stílfærsla einkum fallhætti sagna (lýsingarhætti og nafnhætti) og agnir. Hins vegar er venjulega gert ráð fyrir því að stílfærslu sé aðeins hægt að beita í setningum með **frumlagseyðu** (subject gap); þ.e., setningum sem annaðhvort hafa ekkert (yfirborðs)frumlag eða þar sem frumlagið er óákveðið. Kjarnafærsla þarfnast hins vegar enngar slíkrar eyðu.

Í fornu máli er hins vegar hægt að færa fallhætti og agnir fremst í setningu þótt ákveðið frumlag sé til staðar. Þetta sést vel í eftirfarandi setningum:

(18) *Nafnháttur fremst í setningu:*

- a. Vita skyldir þú fyrst hvað þú vildir
(*Gunnlaugs saga ormstungu*, s. 1172)

- b. Vita þóttist hún æði þess greifa ... (*Haralds saga Sigurðarsonar*, s. 648)
- c. Vera varð eg nokkur. (*Grettis saga Ásmundarsonar*, s. 1034)
- d. Vita þykist eg að Grettir mundi hefna ef hann mætti sér við koma ...
(*Grettis saga Ásmundarsonar*, s. 1052)
- e. Hafa skal eg ráð Ólafs konungs.
(*Hallfreðar saga vandræðaskálds*, s. 1217)
- f. Fara skaltu í sumar út til Íslands því að eg sé að hugir þínir standa til þess mjög. (*Laxdæla saga*, s. 1565)
- g. Vita þóttist hann að þar mundi vera Þorgerður dóttir Egils.
(*Laxdæla saga*, s. 1568)
- h. Hafa á hann hross þar til drottinsdagsins í haga ... (*Grágás*, s. 355)
- i. Geta skal þess ef sú er sök er hann lýsti fyrra sumar. (*Grágás*, s. 385)

(19) *Lýsingarháttur þátíðar fremst í setningu:*

- a. Komið hefi eg nú eldi á Þverárland ... (*Víga-Glúms saga*, s. 1945)
- b. Sagt hefi eg það er eg mun segja (*Svarfdæla saga*, s. 1812)
- c. Átt hefir Hrútur hina þriðju konu ... (*Laxdæla saga*, s. 1559)
- d. Látið hefi eg nú meira (*Ólafs saga helga*, s. 537)
- e. Kominn var Ófeigur til þings ... (*Ljósvefninga saga*, s. 1658)

(20) *Ögn fremst í setningu:*

- a. Til mun eg ráða ef þú kemur honum í málið (*Bandamanna saga*, s. 40)
- b. Upp mun eg og gefa þér sakir þær er þú hefir gert á hendur þér í björgum við Þórólf (*Laxdæla saga*, s. 1551)
- c. Upp stendur hann og kenndi að hann var laus
(*Magnússona saga*, s. 744)
- d. Niður hefi eg lagt sund ... (*Kormáks saga*, s. 1487)
- e. Til mun eg vinna það er eg má ... (*Eyrbyggja saga*, s. 569)

(21) *Forsetning fremst í setningu:*

- a. Á mun eg gera kosti að þér séuð hér til fjórða dags jóla ...
(*Bjarnar saga Hítðælakappa*, s. 110)
- b. Á höfðu þeir unnið fleirum mönnum (*Þórðar saga kakala*, s. 496)
- c. Við hefir Steingrímur enn leitað að þvo af sér svívirðinguna ...
(*Reykðæla saga*, s. 1757)
- d. Við mun eg leita ef þér viljið herra ...
(*Hallfreðar saga vandræðaskálds*, s. 1235)
- e. Þeir Þorgils og Þorvarður kváðust á mundu hætta að berjast ...
(*Þorgils saga skarða*, s. 699)

Ekki skal hér fullyrt í hverju munur fornmáls og nútímamáls felist. Í fljótu bragði er hægt að hugsa sér tvennt; annars vegar að kjarnafærsla hafi tekið til fleiri tegunda liða (eða orða) í fornu máli en nú; hins vegar má hugsa sér að verkaskipting reglnanna hafi verið sú sama, en skilyrðið um frumlagseyðu hafi ekki gilt í fornu máli.

3.7 Boðháttur

Í nútímamáli er það alveg fast að sögn í boðhætti stendur fremst í setningu; enginn möguleiki er að hafa frumlagið á undan henni:

- (22) a. Far þú burt!
b. *Þú far burt!

Í fornu máli er meginreglan vissulega hin sama; en samt sem áður er nokkuð um boðháttarsetningar þar sem frumlagið fer á undan sögninni. Nokkur slík dæmi fara hér á eftir:

- (23) a. ... en þú tak við eftirmálum um þræla mína ... (*Eyrbyggja saga*, s. 575)
b. ... en þú mæl eftir þræla mína ... (*Eyrbyggja saga*, s. 575)
c. En þú lát sem þú vitir eigi (*Íslendinga saga*, s. 247)
d. Þenna grip vil eg hafa til míns bús en þú haf annað fé í móti
(*Þorsteins saga Síðu-Hallssonar*, s. 2063)
e. En þú kom til mín Hrafn þá er þér líkar og tími er til
(*Hrafns saga Sveinbjarnarsonar*, s. 2160)

Það er athyglisvert að í öllum þeim dæmum þar sem frumlag fer á undan boðháttarsögn fer tengingin *en* á undan (sjá Margréti Pálsdóttur 1993); og reyndar er meirihluti þeirra boðháttarsetninga sem hefjast á *en* á annað borð með sögnina í fyrsta sæti. Hér að framan var bent á að venjulega er SV-röð á eftir *en*, og það var tengt því að það sem fer á eftir *en* eru venjulega "óviðbúnar upplýsingar" í einhverjum skilningi. Í öllum þeim setningum þar sem frumlag fer næst á eftir *en* í boðháttarsetningu er það frumlag annað en í setningunni á undan. Því má e.t.v. segja sem svo að hér togist á tvær tilhneigingar; annars vegar tilhneiging til að hafa "óviðbúið" frumlag fremst, og hins vegar sú að hafa boðháttarsögn fremst. Annaðhvort frumlagið eða sögnin verður að víkja, og e.t.v. má hugsa sér að hlutfallslegur styrkur þessara tilhneiginga hafi breyst frá því í fornu máli. En þetta þarfnast nánari rannsóknar.

Annar munur á stöðu boðháttarsagna í forníslensku og nútímamáli felst í því að

boðháttarsagnir koma fyrir í aukasetningum í fornu máli, en engin dæmi slíks eru í nútímamáli:

- (24) a. ... að þú far sem bráðast frá skipi ... (Brennu-Njáls saga, s. 223)
b. ... að þú finn Helga Ásbjarnarson ... (Droplaugarsona saga, s. 356)
c. ... að þú seg mér til Gísla ... (Gísla saga Súrssonar, s. 890)
d. ... að þú gakk á hólmi við mig á morgun ... (Kjalnesinga saga, s. 1450)
e. ... að þú ver með mér þar til er lýkur málum þessum á nokkurn hátt
(Eyrbyggja saga, s. 557)

Vegna þess að í samsvarandi nútímamálssetningum væri yfirleitt notaður viðtengingarháttur mætti láta sér detta í hug að hér væri í raun um einhvers konar "afbrigðilegan" viðtengingarhátt að ræða, en alls ekki boðhátt. Sögnin *vera* hefur hins vegar annan stofn í boðhætti en viðtengingarhætti, ein sagna; og í (24e) er greinilegt að boðháttarstofninn er notaður, en ekki viðtengingarháttarstofninn (*sé*).

Í öllum dæmum um boðhátt í aukasetningum er frumlagið á undan sögninni, öfugt við það sem ævinlega er í boðhætti í nútímamáli; að þessu leyti svipar þessu til boðháttar á eftir *en*, sem rætt var um hér að framan. E.t.v. má tengja þetta tvennt saman. Væntanlega má gera ráð fyrir að þegar boðháttarsögn er í fyrsta sæti sitji hún í C(omp). Ef við hugsum okkur að SV-röðin á eftir *en* sýni að í fornu máli hafi boðháttarsögn ekki gert skýlausa kröfu um færslu í C, þá verður skiljanlegt að boðháttur er hugsanlegur í aukasetningum - en aðeins með SV-röð, því að aukatengingin situr í C svo að sögnin getur ekki færst þangað. Þegar boðháttarsögnin fer svo að krefjast færslu í C (en óvíst er hvenær það var) hverfur boðháttur í aukasetningum sjálfkrafa, því að færsla í C er þar útilokuð, eins og áður segir.

slík tilvik orðið algengari, og það hafi komið róti á grundvallarorðaröðina. Hins vegar er margt óljóst um þessa þróun, og ekki heldur beint viðfangsefni hér. Það er þó ljóst að setningin sjálf (IP) er algerlega orðin VO á tíma elstu varðveittra texta. Hins vegar er óljóst hvað segja skuli um sagnliðinn (VP). Gera mætti grein fyrir tilbrigðum þar á þrennan hátt (sbr. Halldór Ármann Sigurðsson 1988):

- (7) a. Með OV-grunnröð í sagnlið, og færslum (nafnliða og sagna í fallháttum) til hægri.
 b. Með VO-grunnröð í sagnlið, og færslum (fornafna og sagna í fallháttum) til vinstri.
 c. Með því að gera ráð fyrir tveimur grunnröðum í sagnlið; vali milli OV og VO.

Stungið hefur verið upp á (7c). Kossuth (1978) gerði ráð fyrir að forníslenska hefði haft "blandaða" grundvallarorðaröð í sagnliðnum, en það er ekki alveg ljóst hvernig má yfirfæra greiningu hennar í gildandi hugmyndir. Halldór Ármann Sigurðsson (1983) varpaði líka fram þeirri tilgátu að í fornu máli hefði verið val milli tveggja liðgerðarreglna fyrir sagnliðinn; önnur hefði gefið VO-röð, en hin OV-röð, eins og sýnt er í (8):

- (8) *OV/VO*
 a. SI -> so NI/SI
 b. SI -> NI/SI so

Hina möguleikana tvo mætti setja upp (mjög gróft) á þennan hátt í "hefðbundinni" táknum:

- (9) *OV með ummyndunum (=7a)*
 a. SI -> NI/SI so
 b. X - so
 1 - 2 ==> 2 - 1

- (10) *VO með ummyndunum (=7b)*
 a. SI -> so NI/SI
 b. so - X
 1 - 2 ==> 2 - 1

Áður en reynt er að velja milli þessara möguleika er nauðsynlegt að skoða betur hvaða orðaraðir koma fyrir í sagnliðnum í fornu máli og hverjar ekki.

4.2 Setningagerðir í sagnliðnum í fornu máli

Í fljótu bragði gæti manni virst að allar hugsanlegar orðaraðir kæmu fyrir í sagnliðnum í fornu máli. Hér á eftir eru sýnd dæmi um þær orðaraðir sem ég hef fundið dæmi um í fornum textum. Enginn munur virðist vera á orðaröð aðal- og aukasetninga í fornu máli, og því eru dæmi hér tekin úr báðum tegundum án þess að greint sé sérstaklega á milli. Athugið að hér er aðeins tekið tillit til sagna og andlaga; en auk þess geta ýmiss konar atviksliðir og forsetningarliðir (og fleira) staðið á ýmsum stöðum milli þessara liða. Auk þess eru dæmi um ýmsar tegundir "klofinna" liða (sjá Faarlund 1990).

(11) *Setningar með einni sögn í fallhætti og einu andlagi:*

- a. Eg mun þiggja hrossin. *(Víga-Glúms saga, s. 1927)*
- b. Faðir minn mun því ráða. *(Víglundar saga, s. 1976)*

(12) *Setningar með einni sögn í fallhætti og tveim andlögum:*

- a. Jarlinn hafði gefið honum skipið. *(Íslendinga saga, s. 263)*
- b. ... og muntu henni gefa moturinn ... *(Laxdæla saga, s. 1602)*
- c. ... að hann hefir líf gefið barninu. *(Harðar saga og Hólmverja, s. 1259)*
- d. ... því að þú hefir mér líf gefið ... *(Gísla saga Súrssonar, s. 938)*

(13) *Setningar með tveim sögnum í fallhætti og einu andlagi:*

- a. ... að sárið mundi hafa grandað honum. *(Bandamanna saga, s. 25)*
- b. Nú munu þær eigi hafa því unað ... *(Piðranda þáttur, s. 2255)*
- c. ... og hann mundi tekið hafa hross þeirra. *(Vatnsdæla saga, s. 1903)*
- d. ... og kvaðst það hafa gert til yfirbóta við hana
(Bjarnar saga Hítdælakappa, s. 88)
- e. ... og kvaðst enginn maður þetta gera vilja.
(Hrafnkels saga Freysgoða, s. 1407)

(14) *Setningar með tveim sögnum í fallhætti og tveim andlögum:*

- a. ... en Eyjólfur kvaðst hafa gefið Bjarna sauðina. *(Reykðæla saga, s. 1769)*
- b. ... en kveðst segja honum mundu fyrstum tíðindin.
(Brennu-Njáls saga, s. 339)
- c. Gísli kveðst aldrei mundu Kolbeini eiða sverja.
(Þórðar saga kakala, s. 460)
- d. Ófeigur ... kveðst ekki mundu mikla tillögu veita honum.
(Bandamanna saga, s. 26)
- e. ... en hann mundi fengið hafa henni mikinn áverka.

- f. Ásbjörn lést honum mundu gefa fé til. *(Grettis saga Ásmundarsonar, s. 1006)*
- g. ... hví Bolli mun sér hafa þar svo staðar leitað ... *(Laxdæla saga, s. 1613)*
- h. Hallbjörn ... kveðst enn hverjum manni veitt hafa búðarrúm ... *(Gísla saga Súrssonar, s. 940)*
- i. Bárður kvaðst honum engi mundu segja. *(Króka-Refs saga, s. 1528)*
- j. ... að þessi maður mundi honum sanna hluti sagt hafa. *(Ólafs saga Tryggvasonar, s. 179)*
- k. Þykist eg nú það hafa launað þér. *(Grettis saga Ásmundarsonar, s. 1042)*
- l. Hann kveðst fyrir löngu það hafa honum spáð ... *(Finnboga saga ramma, s. 634)*

4.3 Munstur sem fyrir koma

Til að hægt sé að glöggva sig betur á þessu hef ég sett upp eftirfarandi mynstur til að tákna hugsanlegar orðaraðir í sagnlið; þau mynstur sem ég hef ekki fundið dæmi um eru stjörnumerkt.

(15) Setningar með einni sögn í fallhætti og einu andlagi

- a. (XI) - $S_{O_{ph}}$ - $S_{O_{aðal}}$ - $N_{I_{ba}}$
- b. (XI) - $S_{O_{ph}}$ - $N_{I_{ba}}$ - $S_{O_{aðal}}$

(16) Setningar með einni sögn í fallhætti og tveim andlögum

- a. (XI) - $S_{O_{ph}}$ - $S_{O_{aðal}}$ - $N_{I_{óa}}$ - $N_{I_{ba}}$
- b. (XI) - $S_{O_{ph}}$ - $N_{I_{óa}}$ - $S_{O_{aðal}}$ - $N_{I_{ba}}$
- c. (XI) - $S_{O_{ph}}$ - $N_{I_{ba}}$ - $S_{O_{aðal}}$ - $N_{I_{óa}}$
- d. (XI) - $S_{O_{ph}}$ - $N_{I_{óa}}$ - $N_{I_{ba}}$ - $S_{O_{aðal}}$

(17) Setningar með tveim sögnum í fallhætti og einu andlagi

- a. (XI) - $S_{O_{ph}}$ - $S_{O_{hj}}$ - $S_{O_{aðal}}$ - $N_{I_{ba}}$
- b. (XI) - $S_{O_{ph}}$ - $S_{O_{hj}}$ - $N_{I_{ba}}$ - $S_{O_{aðal}}$
- c. (XI) - $S_{O_{ph}}$ - $S_{O_{aðal}}$ - $S_{O_{hj}}$ - $N_{I_{ba}}$
- d. (XI) - $S_{O_{ph}}$ - $N_{I_{ba}}$ - $S_{O_{hj}}$ - $S_{O_{aðal}}$
- e. (XI) - $S_{O_{ph}}$ - $N_{I_{ba}}$ - $S_{O_{aðal}}$ - $S_{O_{hj}}$
- f. * (XI) - $S_{O_{ph}}$ - $S_{O_{aðal}}$ - $N_{I_{ba}}$ - $S_{O_{hj}}$

(18) Setningar með tveim sögnum í fallhætti og tveim andlögum

- a. (XI) - $S_{O_{ph}}$ - $S_{O_{hj}}$ - $S_{O_{aðal}}$ - $N_{I_{óa}}$ - $N_{I_{ba}}$

b.	(XI)	-	So _{ph}	-	So _{hj}	-	Nl _{óá}	-	So _{aðal}	-	Nl _{ba}	
c.	(XI)	-	So _{ph}	-	So _{hj}	-	Nl _{óá}	-	Nl _{ba}	-	So _{aðal}	
d.	(XI)	-	So _{ph}	-	So _{hj}	-	Nl _{ba}	-	So _{aðal}	-	Nl _{óá}	
e.	(XI)	-	So _{ph}	-	So _{aðal}	-	So _{hj}	-	Nl _{óá}	-	Nl _{ba}	
f.	(XI)	-	So _{ph}	-	Nl _{óá}	-	So _{hj}	-	So _{aðal}	-	Nl _{ba}	
g.	(XI)	-	So _{ph}	-	Nl _{óá}	-	So _{hj}	-	Nl _{ba}	-	So _{aðal}	
h.	(XI)	-	So _{ph}	-	Nl _{óá}	-	So _{aðal}	-	So _{hj}	-	Nl _{ba}	
i.	(XI)	-	So _{ph}	-	Nl _{óá}	-	Nl _{ba}	-	So _{hj}	-	So _{aðal}	
j.	(XI)	-	So _{ph}	-	Nl _{óá}	-	Nl _{ba}	-	So _{aðal}	-	So _{hj}	
k.	(XI)	-	So _{ph}	-	Nl _{ba}	-	So _{hj}	-	So _{aðal}	-	Nl _{óá}	
l.	(XI)	-	So _{ph}	-	Nl _{ba}	-	So _{hj}	-	Nl _{óá}	-	So _{aðal}	
m.	*	(XI)	-	So _{ph}	-	Nl _{ba}	-	So _{aðal}	-	So _{hj}	-	Nl _{óá}
n.	*	(XI)	-	So _{ph}	-	So _{aðal}	-	Nl _{óá}	-	So _{hj}	-	Nl _{ba}
o.	*	(XI)	-	So _{ph}	-	So _{aðal}	-	Nl _{óá}	-	Nl _{ba}	-	So _{hj}
p.	*	(XI)	-	So _{ph}	-	So _{aðal}	-	Nl _{ba}	-	So _{hj}	-	Nl _{óá}
q.	*	(XI)	-	So _{ph}	-	Nl _{óá}	-	So _{aðal}	-	Nl _{ba}	-	So _{hj}
r.	*	(XI)	-	So _{ph}	-	Nl _{ba}	-	So _{aðal}	-	Nl _{óá}	-	So _{hj}

V = sögn; O = fylliliðir sagnar; So_{ph} = sögn í persónuhætti; So_{hj} = hjálparsögn (í nh. eða lh.pt.); So_{aðal} = aðalsögn (í nh. eða lh.pt.); Nl_{ba} = (beint) andlag; Nl_{ób} = óbeint andlag.


Eins og þessi dæmi sýna koma flest hugsanleg mynstur fyrir, þótt vissulega séu þau misáberandi; sum eru mjög algeng, en önnur afar sjaldgæf.

Augljóslega er ekki einfalt mál að setja fram heildstæða greiningu á þessum fjölbreytileik. Tvær nýlegar greiningar, mjög ólíkar, eru til; greining Faarlunds (1990) og greining Halldórs Ármanns Sigurðssonar (1988). Eins og áður er komið fram telur Faarlund að engin sérstök grundvallarorðaröð hafi verið á eftir persónubeygðu sögninni í fornu máli, og sagnliður hafi þar alls ekki verið til (forníslenska hafi verið "non-configurational").

4.4 Grunnröð í sagnlið: OV, VO, eða hvorttveggja?

Eins og áður var nefnt er venjulega talið að frumnorræna hafi verið OV-mál. Halldór Ármann Sigurðsson (1988) fellst á það, en gerir ráð fyrir að einhvern tíma í málsögunni, a.m.k. fyrir ritunartíma elstu varðveittra handrita íslenskra, hafi þetta breyst; vegna fjölda VO-setninga á yfirborði hafi grunngerðin verið **endurtúlkuð** sem VO. **Endurtúlkun** er hér lykilhugtak, sem nauðsynlegt er að átta sig vel á. Í umfjöllun um setningafræðilegar breytingar innan ramma generatífrar málfræði er

oft miðað við þetta líkan (sjá t.d. Falk 1993):



Þetta á að sýna að hver ný kynslóð verður að "koma sér upp" málfræði móðurmálsins út frá **máli** foreldranna. Málfræðin sjálf, málkerfið, verður ekki yfirfært beint. Eitt grundvallaratriði generatífrar málfræði er að málkerfið sé að verulegu leyti meðfætt, en ytra áreiti sem barn á máltökuskeiði verður fyrir, þ.e. málið sem það heyrir í kringum sig, ákvarði málkerfið síðan í smáatriðum; ráði því hvort barnið lærir að tala íslensku, ensku, tagalog, kínversku o.s.frv.

Máltakan eða málnámið felst sem sagt í því að barnið greinir mál foreldranna ("Mál 1" í (24a) hér að framan) og byggir upp sína eigin málfræði ("Málfræði 2" í (24b)) út frá því. Það þýðir að röklega er ekkert því til fyrirstöðu að málfræði barnsins verði talsvert ólík málfræði foreldranna, ef hægt er að greina Mál 1 á mismunandi vegu, sem "afurð" tveggja mismunandi málkerfa. Dæmi um þetta er sýnt í (25). Hugsum okkur að **málkerfi** "eldri kynslóðarinnar" sé OV, eins og sýnt er í (25a). **Mál** þessarar kynslóðar er hins vegar ýmist OV eða VO, vegna þess að málkerfið leyfir að ýmsum hlutum setningar sé frestað (færðir til hægri). Þess vegna kæmu bæði (25a) og (25b) fyrir í máli þessarar kynslóðar.

(25) a.	Sl		b.	Sl
	Sl	so		Sl so
	Nl	so		Nl so
	(mun) hana	séð hafa		(mun) t t hafa séð hana

"Yngri kynslóðin" hefur hins vegar enga hugmynd um hvernig málkerfi þeirrar eldri lítur út; hún hefur bara aðgang að **málinu** sjálfu, og heyrir bæði setningar eins og (25a) og (25b). Þess vegna getur vel komið til greina að hún fari þveröfugt að; leggi (25b) til grundvallar, og komi sér þannig upp VO-málkerfi, en leiði setningar eins og (25a) út með því að færa setningarhluta til vinstri. Þetta er sýnt í (26).

(26) a.	Sl		b.	Sl
	so	Sl		so Sl
		so NI		so NI
	(mun) hafa séð hana		(mun) hana séð hafa t t	

Hér hefur **málkerfið** gerbreyst, vegna þess að "yngri kynslóðin" greindi mál þeirrar "eldri" á nýjan hátt; en **málið** sjálft þarf ekki að hafa breyst neitt, því að bæði málkerfin búa yfir aðferðum til að "framleiða" báðar tegundir setninga.

"Endurtúlkun" á borð við þá sem hér var lýst gegnir lykilhlutverki í einu fyrsta riti sem skrifað var um setningafræðilegar breytingar innan ramma generatífrar málfræði; bók Lightfoots *Principles of Diachronic Syntax* (1979). Hugtökin **gangsæi** (transparency) og **ógangsæi** (opacity) skiptu meginmáli hjá Lightfoot; hann taldi að þegar börn væru að koma sér upp málkerfi veldu þau það kerfi sem væri "gagsæjast". Endurtúlkun yrði því þegar hægt væri að greina mál "eldri kynslóðarinnar" sem afurð einfaldara málkerfis en þess sem þær setningar eru leiddar af. Hugsum okkur t.d. að málkerfi "eldri kynslóðarinnar" væri eins og í (25a), en í meginhluta allra setninga væru liðir færðir til hægri, þannig að flestar setningar sem "yngri kynslóðin" heyrði væru eins og (25b). Þá mætti búast við því að sú kynslóð túlkaði mál þeirrar eldri þannig að (25b) væri grunngerðin.

Halldór Ármann Sigurðsson (1988) beitti þessari hugmynd á sagnliðinn í fornu máli. Hann gerði ráð fyrir að einhvern tíma (fyrir ritunartíma elstu varðveittra handrita) hefði orðið endurtúlkun, þannig að í stað hinnar eldri málfræði A hafi komið málfræði B:

(27) <i>Málfræði A:</i>	<i>Málfræði B:</i>
OV-grunngerð	VO-grunngerð
+ VO með ummyndunum	+ OV með ummyndunum
(sagnarfærslu í hjálparbás	(færslum "O" til vinstri)
og færslum "O" til hægri)	

Grundvallarbreytingin felst sem sagt í því að gildi færíbreytunnar sem ræður því í hvaða átt sögnin stjórnar breytist, eins og sýnt er í (28).

(28) <i>Málfræði A:</i>	<i>Málfræði B:</i>
V stjórnar til vinstri: Já	V stjórnar til vinstri: Nei

En þetta er ekki eina breytingin. Ef svo væri, hyrfu allar OV-raðir úr málinu um leið,

Því að ekki væri lengur nein leið til að leiða þær út frá hinni nýju grunngerð. Þar með væri orðinn gífurlegur munur á máli þeirra sem enn hefðu eldri málfræðina, og notuðu bæði OV- og VO-raðir, og þeirra sem hefðu nýrri málfræðina, og notuðu eingöngu VO-raðir. Halldór bendir á að skyndilegri endurtúlkun eins og þessari eru þröng takmörk sett; hún má ekki leiða til þess að verulegur munur verði á málfari eldri kynslóðarinnar (sem hefur málfræði A) og þeirrar yngri (sem hefur málfræði B). Þess vegna verður að vera hægt að leiða u.þ.b. sömu yfirborðsgerðir út frá málfræði B og málfræði A; en afleiðslan verður augljóslega gerólík. Í stað færslna til hægri, sem OV-málfræðin notaði til að leiða út VO-setningar, verða að koma færslur til vinstri, þannig að VO-málfræðin geti leitt út OV-setningar. Þetta er sýnt í (29) og (30):

- (29) a. OV-grunnur (Málfræði A): Eg mun [_{VP} manninn séð hafa]
 b. Afleitt: Eg mun [_{VP} t_i t_j hafa séð_j manninn_i]
- (30) a. VO-grunnur (Málfræði B): Eg mun [_{VP} hafa séð hana]
 b. Afleitt: Eg mun [_{VP} hana_i séð_j hafa t_j t_i]

Það er auðvitað ljóst að breytingar á gildi einstakra færribreyta, eins og dæmi er sýnt um í (28), mega ekki leiða til þess að fólk sem hefur mismunandi gildi á viðkomandi færribreytu og lifir í sama málsamfélagi á sama tíma hætti að skilja hvert annað. Hins vegar er ekki víst að krafan um gagnkvæman skilning standi undir því sem á hana er lagt í þessari greiningu. Athugið að ef gildi færribreytunnar snýst við, án þess að nokkrar nýjar vinstri færslur komi til, "framleiðir" málfræði B hlutmengi af þeim setningum sem málfræði A gat "framleitt"; þ.e., VO-raðirnar. Eldri kynslóðin á því ekki í neinum vandræðum með að skilja þá yngri; yngri kynslóðin gæti hins vegar átt í erfiðleikum með þann hluta af setningu eldri kynslóðarinnar sem ekki samræmast málfræði B, þ.e. OV-raðirnar. Hugmyndin er því sú að til að fást við þær komi yngri kynslóðin sér upp mýjum vinstri færslum, eins og áður segir.

En athugum nú að þótt það sé vissulega nauðsynlegt fyrir yngri kynslóðina að **skilja** OV-setningar þeirrar eldri, þá er ekki eins víst að nauðsynlegt sé fyrir hana að geta **notað** slíkar setningar. Það er augljóst og alkunna að munur er á "virkri" og "óvirkri" málkunnáttu; við getum skilið fjölda orða og setninga sem við notum ekki sjálf. Nútímaíslendingar þurfa t.d. ekki mikla þjálfun til að skilja þær setningar með OV-röð (eða blandaðri röð) sem teknar hafa verið sem dæmi hér að framan, þótt enginn nútímamaður noti slíkar setningar í eigin máli.

Ef skyndileg endurtúlkun hefði átt sér stað, hefði yngri kynslóðin auðvitað orðið að koma sér upp "óvirkum" skilningi á OV-röðum; en engin sérstök ástæða er til að ætla að hún hefði komið sér upp aðferðum til að nota slíkar setningar sjálf. A.m.k. hefði mátt búast við að slíkum setningum fækkaði ört og hyrfu úr málinu á

skömmum tíma. Nýjar kenningar í setningafræði byggjast mjög á þeirri hugmynd að leitast sé við að hafa afleiðslur sem stýstar og "hagkvæmaster", og liðir séu ekki færðir nema nauðsyn beri til (sbr. Chomsky 1992).

Í þessu ljósi er athyglisvert að OV- og VO-raðir virðast hafa verið til í málinu hlið við hlið í a.m.k. sex aldir. Í upphafi 19. aldar eru OV-raðir enn notaðar í u.þ.b. fjórðungi tilvika þar sem þær koma til greina (þ.e. í setningum með fleiri en eina sögn), skv. athugun Þorsteins G. Indriðasonar (1987). Það er hæpið að OV-grundvallarorðaröð, sem hefði horfið á 12. öld eða fyrr, hefði enn verið svo algeng ef um snögga endurtúlkun hefði verið að ræða.

Það má auðvitað halda því fram að tíðni OV-raða á seinni öldum sýni ekki raunverulegt mál landsmanna á þeim tíma, heldur sé þar um að ræða ritmálseinkenni sem hafi haldist vegna áhrifa fornsagna. Þetta er vissulega hugsanlegt, og án efa rétt að einhverju leyti. En þetta svarar því samt ekki hvers vegna þessi áhrif hverfa á fyrri hluta 19. aldar. Að þessu leyti er OV-röð gerólík frásagnarumröðun, sem enn er fullkomlega tæk í þeim stíltegundum þar sem hún á við.

Annar möguleiki er sá að grunngerð málsins hafi verið OV langt fram eftir öldum, og VO-setningar hafi verið leiddar út með færslum allan þann tíma; gildi færíbreytunnar hafi ekki breyst fyrr en undir það að OV-setningar hverfa úr málinu, e.t.v. kringum 1800. Þetta er líka hugsanlegt; og að einu leyti sennilegt. Svo virðist sem "núll" frumlög og andlög hverfi úr málinu á sama tíma (sbr. Þóru Björk Hjartardóttur 1987). Sú kenning hefur verið sett fram (Adams 1987) að sagnir leyfi núllliði sömu megin við sig og þær stjórna.

Halldór Ármann Sigurðsson (1988) ræðir hann þann möguleika að forníslenska hafi verið OV í baklægri gerð, og VO-raðir leiddar af baklægri OV-röð með hægri færslum andlaga og annarra hluta sagnliðarins. Halldór hafnar þó þessum möguleika, einkum vegna tilvistar setninga eins og (31a), þar sem fornafn er aftast í sagnliðnum; fleiri dæmi eru um slíkt:

- (31) a. ... hvort hún vill eiga hann. *(Brennu-Njáls saga, s. 142)*
b. Þeir kváðust fyrir víst hafa séð hann.
(Grettis saga Ásmundarsonar, s. 1089)
c. ... hann trúði þér vel en þú hefir nú svikið hann. *(Reykðæla saga, s. 1779)*

Halldór virðist telja að ef allar setningar væru OV í grunngerð yrðu setningar eins og (31a) að vera leiddar út með færslu andlagsins, *hann*, til hægri; og það sé ótrúlegt, vegna þess að hægri færslur taki venjulega ekki til fornafna. ('I do not know of a single established case of a postposing process applying to pronominal objects' segir Halldór (1988:31).) Það er rétt, en hins vegar er alveg eins hægt að hugsa sér að (31a) sé leidd af OV-grunngerð (*hvort hún vill hann eiga*) með færslu aðalsagnarinnar *eiga* til vinstri, yfir andlagið. Halldór verður hvort eð er að gera ráð

fyrir slíkum vinstri færslum í setningum eins og (32).

(32) ... eða þættist séð hafa hann fyrr. (*Haralds saga Sigurðarsonar*, s. 661)

Það væri e.t.v. mögulegt að leiða setningar með aðeins eina fallháttarsögn, eins og (31a), af OV-grunni með vinstri færslu aðalsagnarinnar. Fyrir slíkri færslu eru þó engin sérstök rök; og í setningum með tveim fallháttarsögnum, eins og (31b-c), dugir þetta ekki einu sinni. Í þeim setningum þyrfti ekki aðeins að færa aðalsögnina til vinstri, heldur einnig hjálparsögnina. Þar að auki yrðu þessar tvær færslur að vera á einhvern hátt tengdar; það má ekki láta nægja að færa aðalsögnina og skilja hjálparsögnina eftir, því að út úr slíku kæmi munstur sem ekki er til í fornu máli. Hinn möguleikinn, hjálparsögn - fornafnsandlag - aðalsögn, kemur fyrir, en er mjög sjaldgæfur.

Einnig má benda á að hafi grunngerðin verið OV þá er hægt að finna "skýringar" á ýmsum þeim færslum sem á þyrfti að halda til að leiða þær VO-raðir sem fyrir koma út frá þessari OV-grunngerð. Frestun þungra nafnliða er t.d. færsla sem gera verður ráð fyrir hvort eð er, einnig í nútímamáli (sjá Eirík Rögnvaldsson 1990); frumlögum er t.d. oft frestað:

(33) a. Guðný var systir hans er átti *Vermundur mjóvi*. (*Eyrbyggja saga*, s. 547)

b. ... svo sem verið hafði *Egill* eða *Þórólfur* á hans aldri.

(*Egils saga Skalla-Grímssonar*, s. 489)

Hins vegar yrði, að því er mér sýnist, erfiðara að finna "skýringar" á þeim vinstri færslum sem gera þyrfti ráð fyrir til að leiða þær OV-raðir sem fyrir koma út frá VO-grunngerð. Niðurstaðan er því sú að ekki sé fýsilegt að gera ráð fyrir hreinum OV-grunni í forníslensku, og rökin fyrir hreinum VO-grunni virðast einnig veik.

Ef forníslenska hefði haft hreinan VO-grunn hefði þurft að leiða út setningar með hreinni OV-yfirborðsröð og tveimur fallháttarsögnum, eina og (2b), með tveimur vinstri færslum; færslu aðalsagnarinnar og (sennilega) viðhengingu við hjálparsögn í fallhætti, og auk þess með færslu andlagsins og (sennilega) viðhengingu við (efri) sagnliðinn. Ljóst er að þessar tvær færslur eru óháðar hvor annarri og þurfa ekki endilega að fara saman; við höfum mörg dæmi um "blandaðar" raðir þar sem annaðhvort aðalsögnin (eins og í (2c) t.d.) eða andlagið (eins og í (2d) t.d.) færist til vinstri (ef miðað er við VO-grunn). Í flestum slíkum "blönduðum" röðum er reyndar aðeins um að ræða færslu aðalsagnarinnar til vinstri (miðað við VO-grunn); setningar með röðinni andlag - hjálparsögn - aðalsögn eru sjaldgæfar.

Sé gengið út frá VO-grunni verður því að gera ráð fyrir að færsla aðalsagnar til hægri, án nokkurrar færslu andlagsins, sé mjög algeng. Hins vegar kemur röðin aðalsögn - hjálparsögn - andlag aðeins fyrir ef andlagið er "fullkominn" nafnliður,

en ekki ef það er fornafn (um það hef ég aðeins fundið eitt dæmi, (32)). Athugið að skýringin getur ekki verið sú að fornafnaandlög verði að færast með sögninni (þannig að við fáum V'-færslu í stað V-færslu); orðaröðin aðalsögn - andlag - hjálparsögn kemur ekki fyrir. Ef við viljum halda því fram að forníslenska hafi haft hreinan VO-grunn verðum við að koma með einhverja skýringu á þessu.

Sé hins vegar gert ráð fyrir OV-grunni gengur allt upp. Þá þarf ekki að gera ráð fyrir neinni vinstri færslu aðalsagnarinnar. Setningar með hreinni OV-röð, þar sem gera þyrfti ráð fyrir tveimur færslum miðað við VO-grunn, eru þá einfaldlega grunnmyndaðar sem slíkar, og engrar færslu er þörf. Setningar með "blandaðri" orðaröð, af gerðinni aðalsögn - hjálparsögn - "fullkominn" nafnliður - sem er langsamlega algengasta "blandaða" röðin - má þá greina sem OV í grunngerð, með frestuðu andlagi. Athugið að það þarf hvort eð er að gera ráð fyrir slíkum frestunum til að gera grein fyrir stöðu frumlagsins í setningum eins og (33) (sbr. líka Pintzuk 1991:161-162).

Með þessu móti er auðvelt að skýra það að setningar með röðinni aðalsögn - hjálparsögn - fornafnsandlag skuli vart koma fyrir; slíkar setningar yrði að leiða út með hægri færslu fornafnsandlagsins, og slíkar færslur koma yfirleitt ekki fyrir, eins og fram kom hér á undan.

Setningar með röðinni andlag - hjálparsögn - aðalsögn mætti hugsa sér að leiða annaðhvort af OV-grunni með sagnarlyftingu (verb raising) og viðhengingu hægra megin á hjálparsögnina (sjá Haegeman & van Riemsdijk 1986, van Kemenade 1987, Pintzuk 1991) eða af VO-grunni með færslu andlagsins til hægri (sbr. Halldór Ármann Sigurðsson 1988). Ég held að bæði fræðileg rök og reynslurök mæli með fyrri kostinum.

Í fyrsta lagi má nefna að slík vinstri færsla andlagsins minnir mjög á andlagsvíxl (Object Shift, sjá Holmberg 1986, Jonas & Bobaljik 1993); en andlagsvígslum er aðeins hægt að beita ef aðalsögnin hefur verið færð út úr sagnliðnum, og því er augljóslega ekki til að dreifa í þessum dæmum. Vissulega er hugsanlegt að forníslenska hafi búið yfir vinstri færslu sem hafi verið svipuð andlagsvígslum nútímamáls, en ekki gert kröfu um færslu aðalsagnar út úr sagnlið; en af fræðilegum ástæðum er það heldur ósennilegt. Í öðru lagi eru andlögin sem hér um ræðir stundum óákveðin, en óákveðin andlög eru yfirleitt ekki færð til vinstri (sjá t.d. Jonas & Bobaljik 1993).

Við þetta bætist að ef gert er ráð fyrir því að allar setningar hafi sama grunn (hvort sem það er VO eða OV) vantar skýringu á mismunandi tíðni mynstranna í (15)-(18), og einnig á því að sum hugsanleg mynstur virðast ekki koma fyrir. Þegar mynstrin eru skoðuð nánar kemur í ljós að það virðist ekki tilviljanakennt hver koma ekki fyrir. Öll mynstur þar sem hjálparsögn fer á undan aðalsögn (annaðhvort næst á undan, eða með eitt eða tvö andlög á milli) koma fyrir. Öðru máli gegnir hins vegar um mynstur þar sem aðalsögnin fer á undan hjálparsögninni. Þetta er sýnt í (34)-

(35):

(34) *Mynstur sem fyrir koma með aðalsögn á undan hjálparsögn*

- a. (= (17c)) $So_{aðal} - So_{hj} - NI_{ba}$
b. (= (17e)) $NI_{ba} - So_{aðal} - So_{hj}$
c. (= (18e)) $So_{aðal} - So_{hj} - NI_{óá} - NI_{ba}$
d. (= (18h)) $NI_{óá} - So_{aðal} - So_{hj} - NI_{ba}$
e. (= (18j)) $NI_{óá} - NI_{ba} - So_{aðal} - So_{hj}$

(35) *Mynstur sem ekki koma fyrir með aðalsögn á undan hjálparsögn*

- a. (= (17f)) $So_{aðal} - NI_{ba} - So_{hj}$
b. (= (17n)) $So_{aðal} - NI_{óá} - So_{hj} - NI_{ba}$
c. (= (18o)) $So_{aðal} - NI_{óá} - NI_{ba} - So_{hj}$
d. (= (18p)) $So_{aðal} - NI_{ba} - So_{hj} - NI_{óá}$
e. (= (18q)) $NI_{óá} - So_{aðal} - NI_{ba} - So_{hj}$
f. (= (18r)) $NI_{ba} - So_{aðal} - NI_{óá} - So_{hj}$
g. (= (18m)) $NI_{ba} - So_{aðal} - So_{hj} - NI_{óá}$

Það er ekki erfitt að koma auga á muninn á mynstrunum sem koma fyrir, í (34), og þeim sem ekki koma fyrir, í (35); í þeim fyrrnefndu eru fallháttarsagnirnar tvær grannstæðar, en í öllum mynstrunum (nema einu; (35g)) í (35) stendur annað andlagið eða bæði á milli sagnanna. Mynstrin í (36) eru því leyfileg í forníslensku, en (37) ekki ($NP_0^2 =$ tveir, einn eða enginn nafnliður):

- (36) a. $NI_0^2 - So_{hj} - NI_0^2 - So_{aðal} - NI_0^2$
b. $NI_0^2 - So_{aðal} - So_{hj} - NI_0^2$

- (37) * $So_{aðal} - NI - So_{hj}$

Þetta er athyglisvert, ekki síst í ljósi þess að (37) kemur ekki heldur fyrir í fornensku (sbr. Pintzuk 1991:166-167). Það bendir til þess að sams konar greining eigi við forníslensku og fornensku að þessu leyti; og þar eð Pintzuk (1991, 1992) hefur fært sterk rök fyrir því að fornenska hafi haft bæði OV- og VO-grunn, benda þessi líkindi enn frekar til þess að forníslenska hafi einnig haft slíkan tvenns konar grunn í sagnlið.

Þau mynstur sem koma fyrir með agnarsögnum styðja þetta enn frekar:

(38) *Setningar með sögn í fallhætti, ögn og einu eða tveimur andlögum*

- a. Nú hafði einn þeirra Skrælingja tekið upp öxi eina.

(*Grænlinga saga*, s. 1106)

- b. Þar mundi eg hafa *gefið* þér *upp* eina sök. (Hrafnkels saga Freysgoða, s. 1400)
- c. Hvenær skaltu *upp taka* slíkan ágætisgrip? (Laxdæla saga, s. 1608)
- d. Þeir kváðust aldrei vilja sína eigu *upp gefa*. (Sturlu saga, s. 97)

(39) *Setningar með sögn í fallhætti, ögn og einu eða tveimur andlögum*

- a. (XI) - S_{o_{ph}} - S_{o_{aðal}} - ÖGN - N_{l_{ba}}
- b. (XI) - S_{o_{ph}} - S_{o_{aðal}} - N_{l_{ba}} - ÖGN
- c. (XI) - S_{o_{ph}} - ÖGN - S_{o_{aðal}} - N_{l_{ba}}
- d. (XI) - S_{o_{ph}} - N_{l_{ba}} - ÖGN - S_{o_{aðal}}
- e. * (XI) - S_{o_{ph}} - ÖGN - N_{l_{ba}} - S_{o_{aðal}}
- f. * (XI) - S_{o_{ph}} - N_{l_{ba}} - S_{o_{aðal}} - ÖGN

Mynstrin í (39a), (39c) og (39d) eru öll mjög algeng; (39b) er mjög sjaldgæft, og (39e-f) virðast ekki koma fyrir. Ef göngum út frá þeirri venjulegu greiningu að sögnin og ögnin séu grunnmyndaðar grannstætt, og röðin sé sögn - ögn við VO-grunn en ögn - sögn við OV-grunn, þá sýnir (39a) hreina VO-röð, og (39d) hreina OV-röð. (39c) mætti greina sem OV-grunn með frestun andlagsins, sbr. hér að framan.

Óháð því hvorum grunninum við gerum ráð fyrir er eðlilegt að (39e) skuli ekki koma fyrir. Í VO-grunni yrði að leiða (39e) út annaðhvort með því að færa aðalsögnina til hægri yfir ögnina og andlagið, eða með því að færa bæði andlagið og ögnina til vinstri yfir aðalsögnina; hvorugt er fýsilegt. Í OV-grunni erði að leiða (39e) út með því að færa ögnina til vinstri yfir andlagið, sem er ekki fýsilegt heldur.

Á hinn bóginn er það óvænt, sé miðað við VO-grunn, að (39f) skuli ekki koma fyrir. Sé talið að forníslenska hafi eingöngu haft VO-grunn verður að gera ráð fyrir vinstri færslu andlags til að leiða út hið algenga mynstur í (39d). En ef andlagið er fært til vinstri í (39d) er óljóst hvers vegna ekki er líka hægt að færa það til vinstri í (39f). Reyndar mætti þá búast við að (39f) væri algengara en (39d), vegna þess að í afleiðslu (39f) þyrfti aðeins eina færslu, en í (31d) þyrfti að færa bæði andlagið og ögnina.

Önnur hugsanleg afleiðsla (39d), miðað við VO-grunn, væri að gera ráð fyrir að bæði sögnin og ögnin væru færðar til hægri, yfir andlagið. En ef slíkar færslur væru mögulegar hefðum við ekki neina skýringu á því að (39e) kemur ekki fyrir. Við gætum þá m.a.s. búist við að (39e) væri algengari en (39d), þar sem í (39e) þyrfti bara eina færslu, en í (39d) þyrfti enn að færa bæði sögnina og ögnina.

Mér sýnist því að dreifing aðalsagna, agna og fornafnaandlaga bendi sterklega til þess að bæði OV og VO hafi verið mögulegar grunngerðir í sagnliðnum í forníslensku. Með því er verið að segja að grundvallarorðaröð málsins hafi hvorki verið OV né VO, heldur hvorugt - eða hvorttveggja, eftir því hvernig liðið er á málið.

En er hægt að segja það? Því velti Halldór Ármann Sigurðsson fyrir sér (1988) og svaraði neitandi:

[...] it is at least pre-theoretically possible that it had no basic order of constituents within the VP [...]. This is equivalent with saying that verbs were able to govern bidirectionally in Old Icelandic (or Old Scandinavian). I do not find the idea feasible. It is not compatible with the parametric approach to government directionality and basic word order change [...]. Also, it raises the question why verbs should have been able to govern bidirectionally in Old Icelandic as opposed to Modern Icelandic [...]. In short, I believe this solution raises more problems than it solves [...].

Á seinustu árum hafa hins vegar verið settar fram hugmyndir sem ganga þvert á þetta. Þær hugmyndir ganga undir nafninu **tvígrunnstilgátan** (the Double Base Hypothesis), og eru kenndar við Anthony S. Kroch. Hann hefur hafnað því að allar setningafræðilegar breytingar gerist við skyndilega endurtúlkun, heldur felist a.m.k. sumar þeirra í samtímalegri samkeppni (synchronic competition) milli mismunandi möguleika.

[...] speakers learning a language in the course of a gradual change learn two sets of well-formedness principles for certain grammatical subsystems [...] over historic time pressures associated with usage (presumably processing or discourse function based) drive out one of the alternatives (Kroch 1989:349).

Þessari hugmynd hefur á síðustu árum verið beitt í umfjöllun um sögu nokkurra mála, s.s. jiddísku (Santorini 1989), forngrísku (Taylor 1990) og fornensku (Pintzuk 1991). Pintzuk segir um hana (1991:9-11):

Under this approach, the gradualness of change and the variation exhibited by individual speakers are not superficial effects or problems to be explained away. Rather, they form an integral part of the theory of syntactic change.

Consider [...] the change from OV to VO base word order in the history of English. [...] Let us assume that the earliest stage of Old English had uniformly OV phrase structure. At some point during the Old English period, VO phrase structure became an option and was used initially at a low frequency. The two base word orders were in competition during the Late Old English period and much of the Middle English period, with VO increasing in frequency at the expense of OV, until the change reached completion towards the end of the Middle English period.

Í þessu sambandi má benda á það hversu langan tíma OV- og VO-raðir virðast vera til hlið við hlið í málinu, skv. athugun Þorsteins G. Indriðasonar (1987) sem áður er vitnað til:

(40) Hlutfall OV-raða í sagnlið skv. könnun Þorsteins G. Indriðasonar:

öld	% OV	lægsta	hæsta	
13.	45,6	40,6	50,6	
14.	42,1	37,8	46,4	
15.	56,2	42,1	70,4	
16.	48,1	21,1	77,9	45,2
17.	37,1	25,2	34,1	52
18.	32,3	15,1	33,3	48,5
19.	24,8	13,6	26,8	34,4

En hvað merkir það í raun og veru að tala um "samfélagslega samkeppni"? Eins og áður var nefnt er venjulega gert ráð fyrir því að muninn á OV- og VO-málum megi skýra með mismunandi gildi hausfæribreytunnar. Ef við höldum því fram að sumar setningar í forníslensku verði að leiða af OV-grunni, en aðrar af VO-grunni, virðumst við vera í vanda. Hvernig getur tvígild færíbreyta haft tvö mismunandi gildi í einu og sama málinu; verið bæði plús og mínus. Athugið að einn og sami málnotandinn hlýtur að hafa haft bæði OV- og VO-raðir á valdi sínu; en ef við höldum því fram að tvígild færíbreyta geti haft bæði gildin í málkerfi eins og sama málnotandans virðist það jafngilda því að afneita færíbreytunni algerlega.

Mér virðist að eðlilegasta og einfaldasta lausnin sé sú að segja að hausfæribreytan hafi vissulega ekki haft tvö ólík gildi í forn máli; þess í stað hafi hún verið án gildis (unspecified). Hægt er að líkja þessu við hljóðfræðilega þætti. Í íslensku eru /f/ og /v/ aðgreinandi í framstöðu, en í innstöðu eru þau í fyllidreifingu; [v] kemur fram á undan rödduðum hljóðum en [f] á undan órödduðum. Það hljóð sem við fáum er því annaðhvort raddað eða óraddað, en í raun og veru er engin þörf á að velta því fyrir sér hvort fónemið sé [+raddað] eða [-raddað] í baklægri gerð. Miklu eðlilegra er að segja einfaldlega að baklægt sé fónemið tannvaramælt önghljóð, með röddun ótilgreinda; en vegna þess að málhljóð (andstætt baklægu fónemi) verður að vera annaðhvort raddað eða óraddað lagar hljóðið sem við framleiðum og heyrum sig að umhverfinu hvað varðar röddun.

Ég sé ekkert sem mælir gegn því að setningafræðilegar færíbreytur séu líka án gildis í einstökum tilvikum. Grundvallaratriði í hugmyndum um færíbreytur er að þær séu í einhverjum skilningi "til" þegar börn fæðast; máltakan felist svo í því, m.a., að gefa þessum færíbreytum gildi út frá því máláreiti sem barnið verður fyrir. Oft er talið að börn nýti sér aðeins "positive evidence" í máltökunni, en ekki "negative evidence". Það þýðir að barnið getur aðeins ályktað út frá því sem það heyrir, en

ekki út frá því sem það heyrir ekki.

Ef þær setningar sem börn á máltökuskeiði heyrðu í raun og veru fyrir á öldum voru jafn fjölbreyttar og þær sem textar frá þessum öldum hafa að geyma, þá er við því að búast að börnin hafi átt í erfiðleikum með því að gefa færíbreytunni gildi. Sumar setningar benda til að sagnir stjórnri til vinstri, en aðrar virðast sýna að þær stjórnri til hægri. Ein hugsanleg niðurstaða er sú að barnið gefist upp við að gefa færíbreytunni gildi. Það þýðir að bæði OV- og VO-setningar eru í samræmi við hana (eða e.t.v. frekar að hvorki OV- né VO-setningar eru í ósamræmi við hana). Þess vegna er það tilviljanakennt hvora röðina menn nota í máli sínu, og ræðst ekki síst af pragmatískum reglum sem gera verður ráð fyrir hvort eð er. Hér má nefna dæmi sem sýna hversu erfitt það hefur verið að gefa færíbreytunni ákveðið gildi:

(41) *Tíðni nokkurra orðasambanda í Íslendinga sögum, Sturlungu, Heimskringlu, Landnámu og Grágás*

<i>VO-raðir</i>		<i>OV-raðir</i>	
hafa verið	72	verið hafa	136
hafa + lh.þt.	357	lh.þt. + hafa	403
verið + lh.þt.	26	lh.þt. + verið	47

Há tíðni stílfærslu getur líka hafa gert börnum erfiðara um vik að gefa hausfæríbreytunni gildi. Enda þótt stílfærsla sé vissulega algeng og fullkomlega tæk í nútímamáli er henni ekki líkt því alltaf beitt þar sem skilyrði væru fyrir hendi. Í fornu máli virðist hins vegar sem stílfærslu sé nær alltaf beitt ef hægt er, og það leiðir til mjög hárrar tíðni OV-raða á yfirborði, einkum í tilvísunarsetningum eins og (42) (sbr. líka Kossuth 1978b):

- (42) a. Hann ... sagði Ásbirni þau tíðindi sem *orðið höfðu*.
(*Finnboga saga ramma*, s. 650)
- b. sveinninn ... heilsar þeim vel er *komnir voru*.
(*Hænsna-Þóris saga*, s. 1420)
- c. Sá fór er *sendur var* ...
(*Króka-Refs saga*, s. 1518)

Niðurstaða mín er því sú að bæði reynslurök og fræðileg rök mæli með því að taka tvígrunnskenninguna fram yfir kenningar um einn og sama grunn í öllum setningum (hvort sem það væri OV eða VO). Meginniðurstöðurnar má draga saman á þennan hátt:

- (43) a. Flestar hugsanlegar raðir liða á eftir sögn í persónuhætti virðast koma fyrir í forníslensku.
- b. Samt sem áður leikur enginn vafi á því að sagnliður var til sem heild í fornu

máli.

- c. Vegna þess að bæði OV- og VO-orðaröð helst í málinu um margar aldir er ekki eðlilegt að gera ráð fyrir skyndilegri endurtúlkun grunngerðarinnar.
- d. Margar þeirra færslureglna sem gera þyrfti ráð fyrir til að leiða setningar með OV-röð af grunngerð með VO-röð eru ekki "eðlilegar".
- e. Einfaldast virðist að gera grein fyrir þeirri fjölbreytni sem fram kemur í fornu máli með því að gera ráð fyrir tveimur grunngerðum.
- f. Ef gert er ráð fyrir að OV/VO færíbreytan hafi ekki haft neitt gildi í fornu máli má gera grein fyrir flestum tilbrigðum án þess að færa nokkuð til innan sagnliðar.
- g. Vegna frjálstrar orðaraðar og fjölda "eyðna" í fornu máli er ekki ólíklegt að börn á máltökuskeiði hafi átt í erfiðleikum með að gefa OV/VO færíbreytunni gildi.

5. kafli: Núlliðir

5.1 Frumlagseyður

Alkunna er að í fornu máli er miklu meira um ýmiss konar "eyður" eða "núlliði", þ.e. nafniði án hljóðforms (*pro*) í setningum en nú. Í nútímamáli er hægt að hafa slíkan lið í frumlagssæti hinnar síðari af tveim hliðskipuðum setningum, ef hann er sammerktur við frumlag fyrri setningarinnar (hefur sömu tilvísun og það):

- (1) a. Jón_i var þreyttur og ____i fór því heim.
b. Þær_i mættu Jóni og ____i hlógu að honum.

Sumir málnotendur geta einnig haft núllið í andlagssæti, ef hann hefur sömu tilvísun og andlag undanfarandi hliðskipaðrar setningar. Slíkir andlagsnúlliðir hafa þó miklu takmarkaðri dreifingu en núlliðir í frumlagssæti, og eru háðir ýmsum skilyrðum; m.a. þeim að þá er því aðeins hægt að nota að einnig sé núlliður í frumlagssætinu (sjá Eirík Rögnvaldsson 1990):

- (2) a. Hann_i þreif blaðið_j og ____i reif ____j í tætlur
b. Ég_i tók blaðið_j og ____i braut ____j saman
c. Jón_i tók bók_j úr hillunni og ____i gaf mér ____j
d. Hann_i misþyrmdi henni_j og ____i myrti ____j síðan
e. Hann_i ýmist lofaði mig_j eða ____i lastaði ____j

Aftur á móti er aldrei hægt í nútímamáli að hafa núllið í frumlagssæti sem vísar til andlags í undanfarandi hliðskipaðri setningu; né heldur núllið í andlagssæti sem vísar til frumlags í undanfarandi setningu:

- (3) a. *Þær_i mættu Jóni_j og ____j hló að þeim.
b. *Ég_i hitti Jón og (hann) hjálpaði ____i

Það virðist vera ófrávíkjanleg krafa í nútímamáli að liðurinn sem vísað er til hafi sömu setningafræðilegu stöðu og núlliðurinn; og liðurinn sem vísað er til verður að vera í hliðskipaðri setningu. Ekki er t.d. hægt að nota núllið í frumlagssæti aukasetningar þótt vísað sé til frumlags aðalsetningar:

- (4) a. *Jón_i segir að ____i hafi lesið þessa bók.
b. *Jón_i man ekki hvort ____i hefur lesið þessa bók.
c. *Ég_i mætti Jóni þegar ____i var að koma heim.

d. *Ég_i kem á morgun ef _____i get.

Eins og þessar setningar sýna gegnir hér sama máli um fallsetningar og atvikssetningar; útilokað er að nota núllliði.

Í fornu máli er mikið af dæmum um núllliði af þeim tegundum sem nefndar hafa verið hér að framan, og ýmsum fleiri tegundum líka. Hér á eftir verða sýnd dæmi um ýmsar þessara tegunda; mörg þeirra eru tekin úr ritgerð Þóru Bjarkar Hjartardóttur (1987). Fyrst eru dæmi um frumlagnúllliði með mismunandi undanfara.

(5) *Frumlagnúllliðir í aðalsetningum með frumlag sem undanfara:*

a. Hann_i reið hesti og _____i hafði annan í togi.

(*Bjarnar saga Hítðælakappa*, s. 88)

b. Þorsteinn_i hafði bolöxi í hendi í hávu skafti og biturlega en _____i var sjálfur léttbúinn að klæðum.

(*Bjarnar saga Hítðælakappa*, s. 101)

c. Gunnar_i ríður til þings og _____i sá að eigi var gott orðum við hana að koma.

(*Brennu-Njáls saga*, s. 164)

d. Skalla-Grímur_i ruddi framstafninn og _____i drap Sigtrygg.

(*Egils saga Skallagrímssonar*, s. 400)

e. Þá gengur Helgi_i inn í hofið og _____i sér að þar er ljóst svo að hvergi ber skugga á.

(*Fljótsdæla saga*, s. 726)

f. En Eyjólfur_i reið leið sína og _____i sér eigi er maðurinn rennur eftir honum.

(*Fóstbræðra saga*, s. 817)

g. Og nú sér hann_i hesta marga en _____i vissi ekki von mannaferða ...

(*Reykðæla saga*, s. 1750)

h. En Kolbeinn_i safnaði mönnum þegar og _____i fór norður of leið.

(*Guðmundar saga dýra*, s. 162)

i. Fór jarl_i í víking og _____i kom aftur að hausti.

(*Ólafs saga helga*, s. 365)

j. Veitti hann_i Knúti konungi orðafullting allt það er hann kunni en _____i var hinn mesti óvinur Ólafs konungs.

(*Ólafs saga helga*, s. 523)

(6) *Frumlagnúllliðir í aðalsetningum með andlag sem undanfara:*

a. það Finnbofi þá_i ríða og kvað af sér hefja. Ríða _____i út á fellið og koma undir einn stein mikinn

(Finn. 18:24)

b. þá hljóp Egill að Grími og rak exina_i í höfuð honum svo að þegar stóð _____i í heila

(z-br. 327:29)

(7) *Frumlagnúllliðir í aðalsetningum með eignarfallseinkunn sem undanfara:*

a. og greiðist vel þeirra_i ferð og komu _____i við Grikkland

(Finn. 39:2)

b. Og er þeir vissu ætt hans_i góða en _____i var vinsæll sjálfur þá hætta þeir til

þess að eiga að honum.

(*Bandamanna saga, s. 1*)

- (8) *Frumlagsnúlliðir í fallsetningum með frumlag sem undanfara:*
- var blánaður annar eggteinninn, og sögðum við Bárður, að ____i dignað myndi hafa (Nygaard 1966:12)
 - heyrði eg það mæla alla alþýðu, að ____i gjarna vildi þjóna hans syni (Nygaard 1917:3)
 - vill Magnús konungur nú hitta Harald konungi og forvitnast hvað ____i vill (Nygaard 1917:3)
- (9) *Frumlagsnúlliðir í atvikssetningum með frumlag sem undanfara:*
- Skeggið var svo sítt að ____i lá í knjám honum (Ól. 163:8)
 - gaf hann, að fáum hlutum gaum utan ____i fór með leik sínum bæði nætur og daga (Finn. 14:15)
 - það var hinum meira bróður, til lista gefið að hverjar sóttir sullir eður vámein sem voru þá batnaði þegar sem ____i á tók og yfir söng (Vikt.a 42:1)

Eins og þessi dæmi sýna er dreifing frumlagnúlliða mjög fjölbreytileg. Þóra Björk Hjartardóttir, sem ítarlegast hefur kannað þetta efni, kemst að eftirfarandi niðurstöðu:

- (10) Núlliðir fyrir frumlög eru alltaf leyfilegir ef þeir eiga sér samvísandi undanfara og skiptir þá setningaleg staða hans ekki máli.

5.2 Eyður án undanfara

Það er þó ekki svo að allir núlliðir í fornu máli eigi sér samvísandi undanfara. Hægt er að greina sundur tvær tegundir núlliða þar sem svo er ekki. Annars vegar eru núlliðir sem eiga sér alls engan samvísandi undanfara í textanum, heldur verður að ráða í merkingu þeirra út frá samhenginu. Hins vegar eru núlliðir sem eiga sér undanfara í textanum, en vísa þó ekki til neins eins nafnliðar. Lítum fyrst á dæmi um fyrri tegundina:

- (11) *Núlliðir án eins einstaks undanfara:*
- Eitthvert sinn þá er Ólafur konungur hafði stefnu við lið sitt og við bændur og réðu ____ landráðum (Ól. 125:9)
 - Philact(emia) var sett í einn gulligan vagn og slíkt sama hennar þjónustukonur og halda ____ svo í veg til Egiptalands (Dín. 87.10)

Hér er sögn seinni hliðskipuðu setningarinnar í fleirtölu í báðum tilvikum, þótt í (11a) sé enginn fleirtöluliður í undanfarandi hliðskipaðri setningu. Í (11b) er að vísu fleirtöluliður í undanfarandi setningu (*hennar þjónustukonur*), en í báðum tilvikum er samt ljóst að núllfrumlag seinni setningarinnar vísar til tveggja liða; *Ólafur konungur* og *lið sitt* í (11a), *Philactemia* og *hennar þjónustukonur* í (11b).

Setningarnar í (12) eru nokkuð annars eðlis, enda þótt munurinn sé e.t.v. ekki stórvægilegur:

(12) *Núlliðir með undanfara að hluta:*

- a. þá sigldi hann í haf og fengu ___ veður stór og voru ___ litla stund í hafi
(z-br. 325:21)
- b. hann þrífur hornin sinni hendi hvort og eigast ___ við lengi svo hart
(Finn. 14:8)
- c. Kastar An(achorita) yfir sig klæði nokkru og ganga ___ svo til herbergis
(Dín. 41:8)

Hér er sögnin í seinni setningunni einnig alltaf í fleirtölu, en enginn fleirtöluliður í fyrri setningunni; og ekki er neinn annar liður í fyrri setningunni sem réttlætir fleirtölu sagnarinnar í þeirri seinni, ef svo má segja. Frumlag fyrri setningarinnar felst þó í núllfrumlagi þeirrar seinni, og gegnir því hlutverki að negla vísun hennar niður; fleirtöluna verður svo að túlka út frá undanfarandi texta.

Það er athyglisvert að núlliðir af þessu tagi virðast aðeins koma fyrir í aðalsetningum skv. könnun Þóru Bjarkar Hjartardóttur (1987); engin dæmi finnast um þá í aukasetningum.

5.3 Andlagseyður

Lítum nú á dæmi um núlliði í andlagssæti. Langoftast er slíka liði að finna í hliðskipuðum setningum þar sem þeir vísa til andlags undanfarandi setningar, en fleira er til, eins og fram kemur hér:

(13) *Andlagsnúlliðir í hliðskipuðum setningum með andlag sem undanfara:*

- a. jók hann ríki_i Svía en varði ____i harðhendliga (Ól. 168:13)
- b. Í þann tíma ól Gunnhildur son_i, og jós Haraldur konungur ____i vatni, og gaf ____i nafn sitt (Eg. 198:5)
- c. og þar til er hann finnur barnið_i þrífur ____i upp síðan og sýnist ____i allfagurt. Hann kastar ____i í stakkblað sitt (Finn. 5:21)
- d. en Viktor reiðir þá hart og ótt sverðið_i Di(mus)naut og höggur til

- Ran(dvers). Kemur ____i í miðjan skjöldinn og klýfur að endilöngu. Þar fylgdi höndin hægri af Ran(dver) því að hann hélt sjálfur skildinum og renndi ____i niður með rifjunum og svo á fótinn (Vikt.a 24:21)
- e. hann fékk henni_i og í hendur .XV. C. mórend og .XV. vararfeldi_j og sendi ____i ____j Bárði á Grænmó (Finn. 67:13)
- f. þar fundu þeir tötrabagga_i einn, er verið hafði í örkinni, og fengu ____i Þrándi (Nygaard 1966:16)
- g. og er Egill sá skipið_i, þá kenndi hann ____i þegar (Eg. 207:1)
- h. hann kv[aðst fundið hafa barn_i] nýfætt. Og hefi eg ekki [séð jafnfagurt ____i. Syrpa bað hann] sýna sér (Finn. 6:2)
- i. hann girnist til þess að halda Noregs veldi_i undir sig en engi Svíakonungur hefir ____i fyrr ágirnst. (Ól. 169:3)
- j. hann brá við skjaldarbrotinu_i og drepur ____i undir höggið. (Finn. 49:7)

(14) *Andlagsnúllliðir í fallsetningum með andlag sem undanfara:*

- a. Em eg nú kominn að vitja fjár þessi_i, landa og lausaaura, og krefja þig, að þú látir ____i laust og greiðir ____i mér í hendur. (Eg. 241:7)
- b. þá frétti Þorgeir Þorgerði hversu langt frá því væri er hún fæddi barn_i. Hún kvað liðið hafa .XII. vetur. Hann spyr hvort hún léti ____i út bera (Finn. 12:14)

(15) *Andlagsnúllliðir í atvikssetningum með andlag sem undanfara:*

- a. og unni eg svo mikið sveininum_i, að eg vildi ____i gjarna hafa upp fætt. (Finn. 12:19)
- b. að eg skyldi [eigi fleiri börn_i upp ala til þess að þú] gæfir ____i í brott (Finn. 4:16)
- c. hann mælti: Viljið þér gefa mér fiskinn_i ef eg fæ ____i upp dregið. (Finn. 8:17)

(16) *Andlagsnúllliðir í aukasetningum með annan undanfara en andlag:*

- a. þeir biðja dóttur Eyjólfss til handa Finnboga. Hann svarar þeim málum vel því að hann vissi hvert afbragð hann var annarra manna og hverja sæmdarför hann_i hafði farið til Hákonar jarls og fengið hina ágætustu hans frændkonu. Tekur hann þessu glaðliga og heitir ____i konunni. (Finn. 53:12)
- b. mánuði fyrir jól sigla þeir_i undir þær eyjar er liggja út undan Kalldia landi. Þær hefir kóngurinn gefið ____i til þess að þeir friði land hans fyrir víkingum (Vikt.a 13:6)
- c. hún_i var svo stór að akurkarl einn mundi eigi lyft ____i fá af jörðu (Sig. 208:13)

- d. og kom í skjöldinn_i og klýfur ____i allan að endilöngu (Vikt.a 26:14)
- e. hann hleypur út í lárnar ok bregður í fiskinn_i öðrum enda á snærinu.
...gengur honum betur og betur þar til er hann fær ____i upp dregið
(Finn. 9:1)
- f. var sem Bárður gat að mestur þorri var á land rekinn fjárins_i. Lét Bárður
____i allt heim færa (Finn. 23:7)

Andlagsnúlliðir eru því mjög fjölbreyttir í fornu máli eins og frumlagsnúlliðir; virðast raunar geta átt undanfara í hvaða stöðu sem er, skv. niðurstöðu Þóru Bjarkar Hjartardóttur (1987):

- (17) Andlagsnúlliðir eru leyfilegir ef þeir hafa samvísandi undanfara og skiptir þá ekki máli í hvernig setningagerð núlliðinn er að finna né heldur er það skilyrði að núlliðurinn og undanfarinn hafi sömu setningalegu stöðu.

Á hinn bóginn eru þess engin dæmi að andlagsnúlliðir séu án samvísandi undanfara. Að því leyti greinast þeir frá frumlagsnúlliðum, eins og áður er komið fram.

5.4 Forsetningaeyður

Fjöldi dæma er einnig um núlliði á eftir forsetningum. Eins og í dæmunum hér að framan getur undanfarinn haft mismunandi setningarlega stöðu:

- (18) *Núlliðir á eftir forsetningum með undanfara í forsetningarlið:*
- a. og það að Svartur stóð með reidda rekuna_i og var búinn að slá hann með ____i (Finn. 60:26)
 - b. Urðarköttur var í skinnstakki og söluvoðarbrókum_i og allt af ____i neðan (Finn. 8:19)
 - c. þá lagði Jökull til Gunnbjarnar í skjöldinn_i, en hann var svo harður að ekki bítur á ____i (Finn. 74:11)
 - d. en Egill kippti að sér sverðinu hart og hjó til Önundar_i og af ____i nær höfuðið. (Eg. 205:2)
- (19) *Núlliðir á eftir forsetningum með undanfara í andlagssæti:*
- a. hann sér hvar björninn liggur og hefir drepíð sauð_i undir sig og sýgur úr ____i blóðið (Finn. 24:13)
 - b. þá tekur hann þenna litla kníf_i og sker af Rauði höfuðið með ____i. (Finn. 68:20)
 - c. sögðu það báðir sem satt var að hvorumtveggjum Víkverjum og Gautum_i

var en mesta landsæra er eigi skyldi kaupfriður vera í milli _____i
(Ól. 123:14)

(20) *Núlliðir á eftir forsetningum með undanfara í frumlagssæti:*

- a. Nú mun eg_i, segir hann, eiga þann á baugi að láta þann verða fund okkarn jarls er um skipti með oss. En þann kost annan að fara lengra í brott þannig að ekki sé hans vald yfir _____i (Ól. 238:12)
- b. og varð hún_i eigi manni gefin meðan faðir hennar og móðir átti fyrir _____i að sjá. (Sig. 101:7)

(21) *Núlliðir á eftir forsetningum með eignarfallseinkunn að undanfara:*

Jökull lagði þegar til hans í skjöldinn, en skjöldur hans_i var öruggur svo að ekki gekk á _____i (Finn. 73:25)

Hér sést að sama gildir og um forsetningar- og andlagsnúlliðina, að þeir geta átt undanfara í ýmsum setningafræðilegum stöðum; en þeir virðast þurfa samvísandi undanfara, rétt eins og andlagsnúlliðirnir.

5.5 Niðurstöður Þóru Bjarkar Hjartardóttur (1987) um dreifingu núlliða

Þóra Björk Hjartardóttir (1987) bendir á líkingu forníslensku við ýmis mál sem hafa mikið af núlliðum, og segir:

Í þeim málum skiptir textinn og samhengið í honum oft meira máli en einhver bein setningaleg atriði. Þau eru sögð vera **textavísandi** (discourse-oriented) en ekki **setningavísandi** (sentence-oriented) (sbr. Huang 1984:549). Í þessu felst m.a. að reglum sem varða setningagerð má frekar finna stað í textasamhenginu, textareglur, en innan eða í gerð setningarinnar sjálfar.

Eftir að hafa skoðað dreifingu núlliða í forníslensku frá þessu sjónarmiði segir Þóra (1987):

Það sem er hins vegar afgerandi þáttur fyrir núlliði er upplýsingagildi. Ef upplýsingar í nafnið eru "gefna" eru núlliðir leyfilegir. Þessar upplýsingar koma síðan að haldi við túlkun núlliða og eru þeir ýmist túlkaðir í samræmi við mállegan undanfara eða út frá textasamhenginu og þá er sagnasamræmi einnig nauðsynlegt svo slík túlkun sé möguleg.

Gerð núlliða og hve þeir voru tíðir er vísbending um að íslenska á eldri málstigum hafi verið mun meira textavísandi en nútímamál. Því er ekki fráleitt að ætla að textasamhengið ráði mestu um hvort núlliðir eru mögulegir eða ekki. Niðurstaðan var sú að upplýsingagildi NI væri afgerandi þáttur fyrir leyfilega núlliði; ef NI innihéldi "gefna" upplýsingar, þ.e. þær væru komnar fram í undanfarandi texta, þá og einungis þá væri núlliður leyfilegur. Í þessu felst einnig að núlliðir eru þekkjalegir en það er forsenda þess að þá sé hægt að túlka. ýmist þekkjast þeir af mállegum undanfara eða textasamhenginu. Textasamhengið eitt sér er hins vegar ekki nægjanlegt fyrir túlkun núlliða án undanfara. Sagnasamræmi þarf einnig að koma þar til hjálpar. Án þess eru núlliðir ekki leyfilegir án undanfara.

Meginniðurstöður sínar dregur Þóra svo saman á þennan hátt:

- (22) a. Núlliði er að finna í stöðu frumlags, andlags með sögnum og andlags með forsetningum.
- b. Núlliðir geta staðið hvort sem er í aðal- eða aukasetningum, en þó voru dæmi um þá í fallsetningum fremur fátíð.
- c. Núlliðir eru ekki bundnir því að mállegur undanfari þeirra gegni sama setningalega hlutverki og þeir.
- d. Núlliðir í frumlagsstöðu eru mögulegir án nokkurs mállegs undanfara
- e. Útbreiðsla og gerð núlliða bendir til þess að reglum um mál- eða textasamhengi hafi verið öðruvísi háttað í eldra máli en í nútímamáli.
- f. Núlliðir án undanfara virðast hafa verið leyfilegir í málinu fram undir 1700; einungis örfá stök dæmi fundust um slíka liði eftir þann tíma.
- g. Reglan um núlliði er að öðru leyti að mestu leyti óbreytt fram á 18. öld og í sumum atriðum, sem ekki leyfast í nútímamáli nema sem stílafbrigði, jafnvel fram um 1800 og eitthvað fram á 19. öld.

5.6 Skilyrði fyrir notkun núlliða

Mikil umræða hefur verið um það innan generatífrar setningafræði á síðari árum hvaða skilyrðum núlliðir af því tagi sem hér um ræðir, *pro*, séu háðir. Þessi umræða hófst með Chomsky (1982) og Rizzi (1982). Meginkenning þeirra var að slíka liði mætti því aðeins nota að þeim væri stjórnað af þættinum [+AGR], en þessi þáttur er hluti af hjálparliðnum, I(NFL). Þetta þýðir að *pro* er bundið við frumlagssæti persónuháttarsetninga, því að þátturinn [+AGR] getur ekki stjórnað t.d. andlagssæti, og er ekki til staðar í nafnháttarsetningum.

Fljótlega komu þó fram ýmsar athugasemdir við þessa greiningu, og Rizzi

(1986) setti fram endurskoðun á henni. Samkvæmt þeim hugmyndum geta núlliðir einnig komið fyrir í andlagsstöðu undir vissum kringumstæðum (ef þeim er stjórnað af tilteknum sögnum í tilteknum tungumálum), en þeir fá þá almenna og óákveðna túlkun ("interpreted as a generic arbitrary pronoun").

Í meginatriðum má segja að hugmyndir Chomskys og Rizzis séu þær sem helst er vitað til enn í dag, þótt ýmsar aðrar skýringar hafi verið settar fram. Þóra Björk Hjartardóttir (1987) fjallar nokkuð um núlliði í forníslensku í ljósi þessara kenninga, og finnur ýmsa vankanta á þeim.

(23) *Það sem mælir á móti kenningu Chomskys/Rizzis (Þóra Björk Hjartardóttir 1987):*

- a. Núlliði án undanfara er ekki að finna í aukasetningum.
- b. Núlliðir geta staðið með sögnum sem taka aukafallsfrumlög.
- c. Auk frumlagnúlliða eru til andlagsnúlliðir og núlliðir á eftir forsetningum.
- d. Núlliðir eru ekki mögulegir án einhverra vísbendinga um þá frammar í textanum.

Samkvæmt kenningu Chomskys og Rizzis er þátturinn [+AGR] nægilegur til að leyfa frumlagnúlliði. Það er venjulega túlkað svo að samræmisbeyging sagnar þurfi að vera veruleg; nægilega mikil til að hún gefi góða vísbendingu um hver persóna og tala núllfrumlagsins sé. Hins vegar er sagnbeyging auðvitað engu minni í aukasetningum en aðalsetningum, og því ættu núlliðir án undanfara eins að geta staðið þar.

Eins og vitað er samræmast sagnir aldrei aukafallsfrumlögum í persónu eða tölu, heldur standa alltaf í 3. persónu eintölu. Eigi að síður er fjöldi dæma um það í fornu máli, eins og í nútímamáli, að núlliðir standi með sögnum sem taka aukafallsfrumlög:

- (24) a.
b.

Hér er augljóst að sagnbeygingin gefur enga vísbendingu um persónu og tölu frumlagsins.

Eins og áður segir ættu núlliðir aðeins að geta komið fyrir í frumlagssæti samkvæmt upphaflegri kenningu Chomskys (1982) og Rizzis (1982). Að vísu er nokkuð slakað á þessu hjá Rizzi (1986), eins og áður segir; en hann gerir þó ráð fyrir að andlagsnúlliðir verði að hafa almenna vísun. Svo er hins vegar alls ekki um andlagsnúlliði í forníslensku; og núlliðir á eftir forsetningum ættu ekki heldur að geta verið til. Cole (1987) hefur líka fært að því rök að til séu mál sem hafi vísandi

andlagsnúlliði.

Að lokum bendir Þóra á að allir núlliðir í fornu máli virðast á einhvern hátt háðir undanfarandi texta um túlkun. Þannig er því hins vegar ekki varið um núlliði í málum eins og t.d. ítölsku og spænsku, sem kenning Chomskys og Rizzis miðaðist upphaflega við.

Þóra telur því að kenning Chomskys og Rizzis dugi ekki til að gera grein fyrir dreifingu núlliða í fornu máli. Hún telur þó að þessi kenning (með smábreytingu í samræmi við hugmyndir Platzacks (198**) og Halldórs Ármanns Sigurðssonar (198**) um setningagerð íslensku) geti skýrt það hvers vegna núlliðir án undanfara koma aðeins fyrir í frumlagssæti aðalsetningar. Þóra gerir því ráð fyrir að forníslenska hafi notað tvær mismunandi aðferðir við að þekkja (identify) núlliði (sbr. líka Halldór Ármann Sigurðsson 1993):

- (25) a. Vísandi (referential) liðir þekkjast vegna samvísunar við undanfarandi röklið; setningafræðileg hlutverk núlliðarins og hins samvísandi liðar skipta ekki máli.
- b. Vísandi liðir þekkjast einnig af SAMR [+AGR], og þá er samvísandi undanfari ekki nauðsynlegur. Skilyrði þessa er að núlliðnum sé stjórnað af SAMR í C(omp).

Sú staða sem nefnd er í (25b) getur aðeins komið upp í aðalsetningum, vegna þess að þar er sögnin flutt í þennan bás skv. áður nefndum hugmyndum Platzacks (198**) og Halldórs Ármanns (198**); í aukasetningum situr aukatengingin hins vegar þar.

Halldór Ármann Sigurðsson (1983) hefur tekið niðurstöður Þóru um dreifingu núlliða til endurskoðunar. Það er einkum (25b) sem honum þykir hæpið. Hann bendir m.a. á að aðgreindum beygingarmyndum sagna hafi síður en svo fækkað frá því í fornu máli; ef [+AGR] hafi haft einhverju hlutverki að gegna í sambandi við núlliði þá væri við því að búast að núlliðir af þessu tagi væru enn mögulegir.

Halldór vitnar til hugmynda Huangs (1984) um mun á "*pro-drop*" og "*topic-drop*". "*pro-drop*" er þá skilgreint svo að núlliður sé einfaldlega notaður í stað yfirborðsnafnliðar. "*topic-drop*" er hins vegar talið felast í því að núlliðurinn sé ekki *pro*, heldur breyta (variable), bundin af "null-operator" í ákvarðarabás setningar ([Spec-CP]). Þetta þýðir það að "*topic-drop*" getur aðeins orðið í aðalsetningum, vegna þess að ekki virðist vera hægt að hafa neitt í [Spec-CP] í aukasetningum. Þar að auki er "*topic-drop*" bundið við þær aðalsetningar þar sem sögnin er í fyrsta sæti. Ástæðan er sú að ef einhver liður er á undan sögninni hlýtur hann að standa í [Spec-CP]; og þá getur "null-operator" ekki setið þar.

Þessu til stuðnings bendir Halldór á að hægt sé að sleppa liðunum sem eru innan sviga í (26a-b), þ.e. frumlaginu í (26a) og andlaginu í (26b); en þá því aðeins að sögnin standi fremst að svigaliðnum slepptum, eins og (26c-e) sýna.

- (26) a. (Ég) þekki það ekki.
 b. (Það) þekki ég ekki.
 c. *Ég þekki (það) ekki.
 d. *Núna þekki (ég) það ekki.
 e. *Núna þekki ég (það) ekki.

Halldór telur að gerð tæku setninganna, (26a-b), sé eins og sýnt er í (27a-b). Þar tákna *O* "null-operator" og *e* breytuna sem hann bindur; í frumlagssætinu í (27a) og í andlagssætinu í (27b).

- (27) a. [_{CP} O_i [_{C'} þekki [_{IP} e_i það ekki]]]
 b. [_{CP} O_i [_{C'} þekki [_{IP} ég e_i ekki]]]

Halldór bendir nú á að í öllum forníslenskum dæmum af tegundinni (26b) er um að ræða aðalsetningar með sögn í fyrsta sæti þar sem enginn yfirborðsliður situr í [Spec-CP]. Þau megi því greina sem um "topic-drop", ekki "*pro*-drop". Öfugt við Þóru telur Halldór því að [+AGR] hafi aldrei skipt neinu máli fyrir dreifingu núlliða.

Halldór að auk dæma af tegundinni (25b) megi sennilega skýra ýmis dæmi af tegundinni (25a) á þennan hátt, þ.e. sem "topic-drop". Hann bendir þó á að ekki sé hægt að losna alveg við "*pro*-drop" í fornu máli. Ástæða þess eru dæmi eins og (28), þar sem núlliðir koma fyrir enda þótt sögnin sé ekki í fyrsta sæti; slíka liði verður að greina sem *pro*.

- (28) a.
 b.

Munurinn á skýringum Þóru og Halldórs felst því einkum í tvennu. Annars vegar að Þóra gerir ráð fyrir að allir núlliðir í fornu máli séu af sömu tegund, og þar sé um "*pro*-drop" að ræða; Halldór telur hins vegar að gera verði ráð fyrir bæði "*pro*-drop" og "topic-drop". Hins vegar telur Þóra að [+AGR] hafi "borið ábyrgð á" nafnliðum án undanfara; Halldór telur aftur á móti að slíkir liðir séu í raun breytur bundnar af "null-operator". Þau eru á hinn bóginn sammála um að ýmsir núlliðir í fornu máli séu textavísandi (háðir "free discourse indexing", segir Halldór).

5.7 Niðurstöður Halldórs Ármanns Sigurðssonar (1993):

Niðurstöður sínar dregur Halldór Ármann Sigurðsson (1983) saman á þennan hátt m.a.:

(29) First, being nonpronominal, Icelandic Agr never took any part in identifying *pro*. Second, genuine subject and object *pro* in Old Icelandic was identified under free coindexing with an NP in preceding discourse (much like Old Icelandic null-topics, which could, however, also be identified under free coindexing with a constructed discourse topic). Third, the loss of Icelandic genuine *pro*-drop was the result of the loss of free discourse indexing as an identification strategy for null-arguments. This approach accounts for the following facts:

- (i) Free discourse indexing applies to objects as well as subjects; hence, Old Icelandic genuine *pro*-drop did not exhibit any subject-object asymmetry, in contrast with genuine *pro*-drop in languages that have different identification strategies.
- (ii) The properties of Old Icelandic argument-drop were crucially different from the properties of *pro*-drop in languages such as Italian: it could not initiate discourse and the dropped argument had to have narrative discourse topicality. In particular, both genuine subject and object *pro* had to have an NP antecedent in preceding discourse.

5.8 Efasemdir um "topic-drop"

Ég er ekki sannfærður um að tvískipting Halldórs í "*pro*-drop" og "topic-drop" eigi rétt á sér. Mér sýnist að oft sé hægt að sleppa framan af setningum, að því tilskildu að augljóst sé hverju er sleppt; það er ekki bundið við að um nafnliði sé að ræða, eins og hlýtur að vera í "topic-drop". Þannig eru setningarnar í (31) alveg eðlilegar þótt sleppt sé því sem er innan sviga (sjá Eirík Rögnvaldsson 1993):

- (30) a. (Hefur þú) gert eitthvað skemmtilegt nýlega?
- b. (Hefur) komið nokkur póstur í dag?
- c. (Ertu að) hugsa um að fara á fyllirí í kvöld?

Fleiri ástæður eru til að efast um að hægt sé að skýra öll dæmi um frumlagnúlliði án undanfara sem "topic-drop". Cardinaletti (1990; sjá einnig Rizzi 1992) bendir á að enda þótt frumlagnúlliðir í þýsku t.d. geti verið af öllum persónum eru andlagsnúlliðir eingöngu þriðja persóna. Sama máli virðist gegna í íslensku:

- (31) a. (Hann) þekki ég ekki.
- b. *(Þig) þekki ég ekki.

c. *(Mig) þekkir hann ekki.

Cardinaletti heldur því fram að "operators" séu í eðli sínu þriðja persóna, og því geti þeir ekki bundið breytur sem eru fyrsta eða önnur persóna. Af þessu leiðir að fyrstu og annarrar persónu frumlagsnúlliði er ekki hægt að flokka sem "topic-drop"; þeir geta ekki verið breyta sem sé bundin af "null operator" (sjá einnig Eirík Rögnvaldsson 1993). En ýmsir frumlagsnúlliðir í fornu máli eru einmitt fyrsta persóna:

- (32) a.
b.
c.

Þessu til viðbótar má nefna að Halldór Ármann Sigurðsson (1993) gerir líka ráð fyrir því að tengieyðing í nútímamáli sé "topic-drop", en ekki "pro-drop". Sé svo er ekki ljóst hvernig gera skuli grein fyrir setningum eins og (33):

(33) Þessa bók_i sýndi Jón_j mér t_i en gaf svo e_j Pétri t_i

Hér bindur liðurinn *þessa bók*, sem hlýtur að vera í [Spec-CP], breytur í báðum hliðskipuðu setningunum. Það þýðir að [Spec-CP] er sameiginlegur setningunum; þ.e., hér er um að ræða hliðskipun C'. En þá hefur seinni setningin engan sérstakan [Spec-CP], þar sem "null-operator", sem byndi breytu í frumlagssætinu, gæti staðið. Því verður ekki betur séð en gera verði ráð fyrir "pro-drop" en ekki "topic-drop" í (33), þótt vissulega séu skiptar skoðanir um hvort þessi setning sé góð.

Að öllu samanlögðu tel ég að ekki sé ástæða til að gera ráð fyrir tveim tegundum núlliða í forníslensku, og er þar á sama máli og Þóra. Ég er hins vegar sammála Halldóri Ármanni um það að [+AGR] hafi aldrei "borið ábyrgð á" núllfrumlögum. Það er þó varla tilviljun að núlliðir án undanfara eru bundnir við frumlagssæti aðalsetninga, og á því þarf að finna einhverja skýringu. Hana hef ég ekki að svo stöddu.

6. kafli: það

6.1 það í nútímamáli

Smáorðið *það* er mjög algengt í upphafi setninga í nútímamáli. Oft er það tilvísandi, og er þá persónu- eða ábendingarforbafn í hk.et., nf. eða þf. En mjög algengt er einnig að *það* sé merkingarsnautt, án tilvísunar, og þá stundum nefnt **leppur** (dummy, expletive). Slíkt *það* er algengt í "náttúrufarssetningum", þ.e. setningum sem varða veðurfar, birtu, tíma dagsins o.þ.h. Dæmi þess má sjá í (1):

- (1) *Veðurfarssetningar:*
- Það rignir.
 - Það er kalt í dag.
 - Það er áliðið.
 - Það dimmdi snögglega

Einnig er slíkt *það* algengt í ópersónulegri notkun ýmissa sagna sem einnig geta haft tilvísandi frumlag, eins og í (2), svo og í þolmyndarsetningum með áhrifslausum sögnum, eins og í (3):

- (2) *Aðrar ópersónulegar setningar:*
- Það á að gefa börnum brauð.
 - Það má ekki ganga á grasinu.
 - Það þarf að vökva blómin.
 - Það ber að sýna tillitssemi.
- (3) *Ópersónuleg þolmynd:*
- Það var dansað og sungið til morguns.
 - Það var æpt á mig.
 - Það var beðið eftir honum.
 - Það var talað við hana.

Í framantöldum dæmum tekur sögnin ekkert yfirborðsfrumlag. En *það* er einnig oft notað þótt frumlag sé í setningunni, eins og sést í (4):

- (4) *Tilvistarsetningar:*
- Það eru mýs í baðkerinu.
 - Það eru komnir gestir.
 - Það kom maður til mín í gær.

- d. Það sökk bátur í höfninni í nótt.

Um þetta segir Jakob Jóh. Smári (1920:18-19):

Aukafrumlag þetta er venjul. aðeins notað, þegar hið eiginlega frumlag er óákveðið (án greinis) og helzt með sögnum, er merkja veru eða hreyfingu. Er þá aukafrumlagið fremst, þá sögnin og loks hið eiginlega frumlag.

Einnig má þó finna dæmi um *það* með öðrum sögnum, þ. á m. áhrifssögnum, eins og sést í (5):

(5) *Setningar með áhrifssögnum:*

- a. Það hefur einhver borðað allan grautinn minn.
- b. Það getur enginn svarað þessu.
- c. Það stungu einhverjir stúdentar smjörinu í vasann.
- d. Það keypti hann eitthvert fífl.

Jakob Jóh. Smári (1920:19) bendir á að "Það kemur fyrir, að aukafrumlag sé notað, þótt hið eiginlega frumlag sé ákveðið af greini [...]". Sjá einnig Eirík Rögnvaldsson (1984) og Halldór Ármann Sigurðsson (1989).

Að lokum skal nefna setningar þar sem skýringarsetning (*að*-setning) gegnir frumlagshlutverki, en kemur aftast í sagnlið aðalsetningarinnar og í stað hennar stendur *það* í frumlagssætinu:

(6) *Fráfærslusetningar:*

- a. Það er von að Maríu hafi brugðið.
- b. Það er ólíklegt að nokkuð komi út úr þessu.
- c. Það var merkilegt að enginn skyldi taka eftir þessu.
- d. Það var einn dag að flestir voru að heiman.

Höskuldur Þráinsson (1979) hefur sýnt fram á að í slíkum setningum getur *það* verið af tvennum toga (sjá einnig Kosmeijer 1990). Stundum má líta svo á að *það* sé tilvísandi, vísi til *að*-setningarinnar, enda getur *það* þá staðið við hlið hennar í frumlagssætinu (7a) og komið á eftir sögninni (7b):

- (7) a. Það að enginn skyldi taka eftir þessu var merkilegt.
b. Merkilegt var það að enginn skyldi taka eftir þessu.

Oftast nær er *það* í slíkum setningum þó sennilega merkingarsnautt; getur þá ekki staðið með *að*-setningunni í frumlagssætinu og kemur þá aðeins fram í upphafi

setningar:

- (8) a. *Það að flestir voru að heiman var einn dag.
b. ??Einn dag var það að flestir voru að heiman.

Höskuldur segir um þetta tvöfalda eðli *það* í setningum af þessu tagi (1979:243):

In English, Icelandic, and many other languages, there are rules which move clauses to the right, and a pronoun shows up at the place where the clause originated. We have argued that in some cases this pronoun is a dummy, inserted into an NP-slot vacated by the clause, but in others it is base generated in place.

Muninum á uppruna þessara tveggja tegunda má lýsa svo, segir Höskuldur (1979:**):

- (9) a. [NP __] V ==> [NP það] V
- b. NP
- N S
- það

Um *það* í nútímamáli, notkun þess, eðli og stöðu, hefur geysimikið verið skrifað. Þar má m.a. vísa á Höskuld Þráinsson (1979), Eirík Rögnvaldsson (1984), Halldór Ármann Sigurðsson (1989), Eirík Rögnvaldsson og Höskuld Þráinsson (1990) og Kosmeijer (1991). Í þessum ritum eru settar fram talsvert mismunandi skoðanir á dreifingu og stöðu *það*, en ekki eru efni til að rekja það hér.

Hér skal þó bent á að enda þótt öll dæmin hér að framan séu um *það* í aðalsetningum, þá er það einnig algengt í flestum tegundum aukasetninga (sjá Friðrik Magnússon 1990). Hlutfallsleg tíðni þess virðist þó vera talsvert minni þar (0,9% á móti 2,9%, sbr. Þorbjörgu Hróarsdóttur og Halldór Ármann Sigurðsson 1994; Sigurð H. Pálsson og Halldór Ármann Sigurðsson 1994).

6.2 *það* í fornu máli

Því hefur venjulega verið haldið fram að merkingarsnautt *það* komi ekki fyrir í fornu máli. Kristín M. Jóhannsdóttir (1992) athugaði notkun *það* í Sturlungu, og sú könnun leiddi ekki í ljós nein ótvíræð dæmi um slíka notkun orðsins. Faarlund (1990:105) segir um þetta, og vitnar í óprentað erindi Höskuldar Þráinssonar (1989):

[...] Old Norse [...] lacks [...] expletives. In the concordance of the Old Icelandic saga texts now produced at the University of Iceland there are 10,255 tokens of the word *það*; of those there is not one expletive subject [...].

Faarlund (1990) ténir til ýmsar *það*-lausar setningar í forníslensku, þar sem merkingarsnautt *det* væri notað í samsvarandi setningum í "afkomandanum" (descendent language) nýnorsku. Þetta telur hann mikilvæg rök, og vísar þar til "the principle of missed opportunities" (sjá **) (1990:17):

The fact that the expletive subject is absent even in those contexts where it is more or less obligatory in the descendent language provides rather strong evidence against its existence in Old Norse.

Meðal þeirra dæma sem Faarlund nefnir eru setningar eins og (10a-b). (10a) er úr *Hrafnkels sögu Freysgoða*, en (10b) er úr nýnorskri þýðingu sögunnar.

- (10) a. Bjarni hét maður. (*Hrafnkels saga Freysgoða*, s. 1398)
b. Det var ein mann som heitte Bjarne.
c. Það var einu sinni maður sem hét Bjarni.

Í nýnorsku er hér eðlilegt að nota *det*. En þegar verið er að meta gildi þessarar röksemdar gagnvart breytingum á íslenskri setningafræði er vitaskuld eðlilegast að bera (10a) saman við íslenskt nútímamál; og þá verður útkoman önnur. Enda þótt (10c), til dæmis, sé fullgild nútímaíslenska, hefur það á sér talmálsblæ; í ritmáli væri (10a) fullkomlega eðlilegt enn í dag. Nú vitum við að nútímaíslenska hefur merkingarsnautt *það*, en þrátt fyrir það eru setningar eins og (10a) eðlilegar; og því verða slíkar setningar í fornu máli ekki notaðar sem röksemd gegn tilvist *það* á því stigi.

Reyndar myndi ekkert þeirra dæma sem Faarlund nefnir (1990:105-106) hafa *það* í venjulegu íslensku ritmáli, enda þótt flest þeirra myndu sennilega hafa það í talmáli. Í fornu máli má hins vegar finna mikinn fjölda dæma á við (11):

(11) *Fráfærslusetningar*:

- a. Það var eitt haust að þar var gildi fjölmennt ...
(*Egils saga Skallagrímssonar*, s. 373)
b. Það var snemma spáð að eg mundi verða allra manna elstur.
(*Bandamanna saga*, s. 43)
c. En það er dagsanna að faðir minn þarf ekki að skipa mér aðrar staðfestur en þá er mér var í fyrstu ætluð.
(*Íslendinga saga*, s. 437)
d. Það er nú að segja þessu næst að Oddur Þórarinsson kom til móts við

- Gissur og bundu nú félagsskap sinn. *(Íslendinga saga, s. 652)*
- e. Til þessar vistar væri eg fúsastur en það hefir orðið stundum að mein hefir þótt að hrossum mínum í búfjárhögum. *(Víga-Glúms saga, s. 1923)*
- f. Það mun mál manna Egill að gerð sjá er þú hefir gert og upp sagt sé heldur skökk. *(Egils saga Skallagrímssonar, s. 511)*
- g. Það má vera að svo færi mér ef eg væri höfðingi að mér þætti illt að deila við Hrafinkel. *(Hrafnkels saga Freysgoða, s. 1406)*
- h. Það hefir jafnan verið mál manna að Erlingur hafi göfgastur allra lendra manna verið í Noregi. *(Ólafs saga helga, s. 269)*

Í þessum dæmum er *það* í frumlagssæti, og fráfarð *að*-setning aftast í aðalsetningunni. Eins og áður er nefnt hefur Höskuldur Þráinsson (1979) hefur bent á tvenns konar hegðun *það* í slíkum setningum í nútímamáli, og sýnt hvernig beita má setningafræðilegum prófum til að átta sig á eðli þess.

Útilokað er að beita prófum Höskuldar á forníslensku dæmin. Við höfum m.ö.o. enga möguleika á að skera úr um það hvað orðið hefði um *það* í setningunum í (11) ef einhver annar liður hefði verið færður fremst. Hitt er ljóst að það er allalengt í fornu máli að *það* standi næst aftan við persónubeygðu sögnina í setningum af þessu tagi, og er því tæpast gervifrumlag þar (sjá einnig Kristínu M. Jóhannsdóttur 1992). Um setningar af þessu tagi segir Faarlund (1990:72):

The word *þat* is here base generated as the head of the phrase, and is thus not an expletive word at this point. This is shown by the fact that it may also immediately precede the clause [...], and that it may be the head of a subordinate clause which is not a subject.

(12) *Fráfærslusetningar með það á eftir sögn:*

- a. Er það gaman mitt helst að tala við vitra menn. *(Bandamanna saga, s. 38)*
- b. Og einn tíma eftir miðjan vetur var það einn morgun að húsfreyja fór til fjóss að mjólka kýr eftir tíma. *(Grettis saga Ásmundarsonar, s. 1007)*
- c. var það mál manna að hvortveggja þótti vaxa af þessum tengdum. *(Eyrbyggja saga, s. 570)*
- d. Var það þá sumra manna mál að Arnviður jarl mundi setja menn sína til að drepa menn konungsins en hafa féið að færa jarlinum. *(Egils saga Skallagrímssonar, s. 477)*

(13) *Setningar þar sem það stendur með að-setningunni:*

- a.

- b.
- c.
- d.

Þrátt fyrir þetta gæti meginhluti setninga með *það* fallið að hvorri greiningunni sem væri. Til samanburðar má hér einnig vísa til þess sem Falk (1993:256-257) segir um fyrstu stigin í þróun gervifrumlags í sænsku:

Det clearly has the function of an introduction marker, not only of a clause with a non-topical subject, but of a whole story. [...] I will not speculate here on when and why *det* was introduced as an introduction marker, [...], but the examples in [(14)] give at least a hint of why the pronoun *det* is chosen. [...]. From a function as a pure introductory element, it is not a large step to a more broad function of signaling a non-topical subject.

- (14) a. Thz sagdhe en magister aff enom stadh som thucia hetir at en brodhir ...(*Falk 1993:*
 b. Thz timde j eno lande som marchia hetir En jomfru war ther hulkin ...(*Falk 1993:25*

Þessum setningum svipar til upphafs fjölmargra frásagna í fornum textum, s.s. þessara:

- (15) a. Það var einn dag er Oddur sat yfir mat og Óspakur gegnt honum.
 (*Bandamanna saga, s. 30*)
 b. Það var einn dag er Gunnar gekk frá Lögbergi.
 (*Brennu-Njáls saga, s. 160*)
 c. Það var einn dag er Egill gekk úti með vegg og drap fæti og féll.
 (*Egils saga Skallagrímssonar, s. 515*)
 d. Það var einn dag er þeir fóstbræður bjuggust til að sækja uxann ef þeim fengist hinn þriðji maðurinn til liðs.
 (*Grettis saga Ásmundarsonar, s. 1030*)
 e. Það var eitt vor er Þorvaldur fór til Arnarfjarðar með fjölmenni.
 (*Hrafns saga Sveinbjarnarsonar, s. 236*)
 f. Það var eitt sumar er Agni konungur fór með her sinn á Finnland, gekk þar upp og herjaði.
 (*Ynglinga saga, s. 21*)

Hér er hæpið að líta svo á að *það* vísi til eftirfarandi aukasetningar. Það er einnig eftirtektarvert að enda þótt finna megi dæmi á við (16), þar sem *það* fer á eftir sögninni í setningum hliðstæðum (15), þá eru þau ákaflega fá. Í þessari notkun er *það* sem sé nær einskorðað við upphaf setninga, eins og merkingarsnautt *það* er í nútímamáli.

(16)

Fleiri dæmi má einnig nefna sem óvíst er hvernig ber að túlka, eins og t.d. eftirfarandi:

- (17) a. En það er stundum að guð hirtir hjörtu mannanna með föðurligum
bardaga (Leifar)
b. Því að það er sæligra að gefa en að þiggja. (PálPos)
c. Þær voru allar svo vænar og elskuligar að það lysti alla að horfa á þær (Dínus)

Í öllum þessum dæmum er að vísu *að*-setning eða nafnháttur sem *það* gæti vísað til, en sú greining finnst mér ekki sannfærandi. Um þetta verður vissulega ekkert fullyrt, en það er a.m.k. erfitt að útiloka að merkingarsnautt *það* komi fyrir í fornu máli. Weibelhuth (1984-85) heldur því líka fram að ekki sé ljóst hvort þýska hafi gervifrumlög; það fari eftir því hvernig *es* er greint í setningum á við (11).

Hitt er vissulega rétt að engin dæmi virðast vera um *það* með náttúrufragsögnum, í ópersónulegri þolmynd, eða í tilvistarsetningum í fornu máli, og skoðun Faarlunds (1990:71-72) á uppkomu *það* í slíkum setningum er sennileg:

The use of 'it' as an expletive in existential sentences appears in Dano-Norwegian during the fifteenth century [...]. [...] This word is the most unmarked and semantically nonspecified nominal. Thus it could also have a loose connection with the antecedent, and like any other pronoun it could appear as a clitic to the right of the finite verb.

The use of 'it' in existential sentences might have been reinforced by its use in extraposition constructions, where it was originally an anticipating pronoun referring to the sentential argument. In Old Norse such a pronoun was already very common in extraposition constructions. [...] As the requirement for a lexically filled subject position became stronger, and eventually absolute, the anticipating *þat* was reanalysed as an expletive subject.

Þróunin í sænsku virðist hafa verið svipuð, eins og fram kemur hjá Falk (1993:259):

In Old Swedish, we have seen a very restricted, functionally determined use of expletive *det* in principle only as an introductory, presentational item. In Early Modern Swedish, this use is extended to include clauses with non-topical subjects in general. The use of *það/es* in Icelandic and German can now be interpreted as a further extension, a step from "a non-topical subject" to "no topical subject"; the latter includes impersonal passives as well.

6.3 Elstu öruggu dæmi um merkingarsnautt *það*

Þótt ekki verði fullyrt að merkingarsnautt *það* komi fyrir í fornu máli virðist ljóst að það sé komið inn í málið ekki seinna en um 1500. Elstu öruggu dæmin sem ég hef fundið eru úr *Miðaldaævintýrum* (1976), sem talin eru frá því um 1500. Hér er um að ræða *það* í tilvistarsetningu (18a) og ópersónulegri þolmynd (18b):

- (18) a. Það var einn mann í Englandi sem fleiri aðrir, þó frá þessum verði nú sagt heldur en öðrum
b. Það er nú sagt af einum ríkum manni og mikilhæfum og nökkuð framferðugur til veraldligra hluta

Þessum setningum svipar mjög til elstu dæma um gervifrumlag í sænsku, að því er Falk segir (1993:255-256):

[...] topic *det* is found already in Old Swedish. Topic *det* is used with some frequency in two of the Old Swedish texts investigated [...]. Both texts are collections of short stories about miracles and omens. Almost throughout, *det* is used in presentational constructions, as an introduction to a new story, where the principal character of the story is presented. The verb is always *vara`be'*, and the NP is often completed by a relative clause, as in ([19]) [...].

- (19) Thz war een iomfru som altidh plæghadhe gerna danza (Falk 1993:256)

Í elstu prentaðri bók á íslensku *Nýja testamentinu* í þýðingu Odds Gottskálkssonar, frá 1540, koma fyrir bæði margs konar náttúrufarssetningar og tilvistarsetningar með *það*. Hér má einnig finna *það* í upphafi aukasetninga, sem sýnir ásamt öðru að notkun þess er ekki lengur bundin við einhvers konar kynningu.

- (20) a. Það verður fínt veður því að himinroði er.
b. Og þá er kveld var komið, af því það var aðfangadagur
c. Og það var aðfangadagur og þvottdagurinn tók að hefjast.
d. Það er þvottdagur.
e. Elías var maður líka svo sem vér, og hann bað bænar að það skyldi eigi rigna, og það rigndi ekki yfir jörðina í þrjú ár og sex mánaði.
f. Og þá hann kom þangað að, fann hann ekkert nema laufblöðin því að það var eigi fíknanna tími kominn.
g. Segið þér eigi sjálfir að það eru enn fjórir mánuðir til kornskurðartíma?

Forvitnilegt er að skoða hvort þróunin sé hér hliðstæð því sem gerðist í skyldum málum. Eftir að hafa rakið uppkomu hliðstæðra setninga í sænsku og þýsku segir Falk (1993:260):

A similar investigation of the history of Icelandic *það* would be interesting. If the development resembles the Swedish and German one, we would expect *það* to occur first in main clauses with non-topical subjects. Its function of signaling the absence of a topical subject and its status as an I⁰-adjoined head should be later developments. However, to the best of my knowledge, no such investigation exists.

Þróunin í íslensku virðist í fljótu bragði geta samrýmst því sem gerðist í sænsku og þýsku; af þessum elstu dæmum eru engin um ópersónulega þolmynd eða aðrar ópersónulegar setningar (aðrar en náttúrufarssetningar). Þó verður að hafa í huga að dæmin eru fá, og ekki líður langur tími milli elstu öruggu dæma um merkingarsnautt *það* og *Nýja testamentisins*, þar sem *það* er m.a. að finna í aukasetningum. Því er hæpið að draga miklar ályktanir um mismunandi stig í þróun *það* út frá þessum dæmum.

Ákaflega fá dæmi hafa fundist um merkingarsnautt *það* frá næstu öldum á eftir. Hér fara á eftir fjögur dæmi frá 17. öld, en túlkun flestra þeirra er þó óviss. Í öllum dæmunum gæti *það* verið merkingarsnautt, en einnig er hugsanlegt að það sé tilvísandi í þeim flestum, þótt sú tilvísun sé þá frekar laus í reipunum.

- (21) a. Það voru tíu ár, þau höfðu saman verið. (17f-2)
b. Við henni átti hann öll sín börn sex syni og tvær dætur víslega, sem til fulls aldurs komust. Það var einn Oddur Salómonsson, Jón Sigurður, Bjarni, Magnús, Þormóður var yngstur, stærstur og sterkastur. (17s-3)
c. Það er greint að þau hafi lagt ástir saman, Ármaður og hún, og hvort annað heimsótt. (17s-8)
d. Það er greint að einn dag hafi allt fólkið farið til hrísrifs, en hún var ein eftir heima og setti sig uppá rúm sitt. (17s-8)

Á 18. öld fjölgar dæmum lítið, en þó koma þar fyrir nokkur dæmi þar sem öruggt virðist að um merkingarsnautt *það* sé að ræða; a.m.k. (22a-c). Eftirtektarvert er að í (22b) er frumlagið (*sandinn*) ákveðið.

- (22) a. Við Ingólfshöfða í Hofspingssókn í Örafum; er helst róið til fiska, þá sjórinn er stillinn og vesturátt er, því það er þá lítið hlé við höfðann.

- (18f-3)
- b. Hér á vestursveitum varð það svo mikið, að vel sáust för, og þá hvessti sást það skafa fram af hæðunum sandinn (18f-1)
- c. Það sló að mér felmtri við þetta svar (Klím)
- d. Það stendur með berum orðum í Örvarodds sögu, að það, er Bjarmar töluðu, skildi hann og Ásmundur ekki heldur enn fugla klið (FrnLög)
- e. Það skrifast að þar hafi mikið manntjón orðið ár 1573, hafi drukknað 53 menn. (18f-3)
- f. Hann brá sér til, plokkaði upp einhverja urt, og lagði uppá sár mitt. Það tók óðara verkinn burt, og dró úr bólguna. (Klím)

Hér verður þó að hafa í huga að það er margfalt sjaldgæfara í ritmáli en talmáli nú á tímum. Ef gert er ráð fyrir því að hið sama hafi gilt á fyrri málstigum þarf fæð dæma um það ekki að koma á óvart; fáir varðveittir textar frá 17. og 18. öld eru talmálslegir að stíl.

6.4 Breytingaskeið á 19. öld

Ef marka má þá texta sem skoðaðir hafa verið virðist verða gagnger breyting á notkun merkingarsnauðs það í upphafi 19. aldar. Þá er skyndilega ekki lengur neinn hörgull á dæmum um ýmsar tegundir þess, og hér koma fyrstu öruggu dæmin um merkingarsnautt það í öðrum ópersónulegum setningum en þeim sem varða náttúrufar:

(23) *Dæmi frá fyrri hluta 19. aldar:*

- a. Slæmt er nú ekki að geta orðið við bón þinni, en það tjáir ekki um það að tala, því soddann Patientar eru með öllu ólæknandi (BrPét)
- b. Slæmt þykir mér að heyra ævisögu þína einkum það að Musa þína er sáluð, ég trúi ekki að það sé ekki einhver lífsandi eftir í henni enn (BrPét)
- c. Töflurnar hans Ursíns míns eru farnar að mást, segir hann, og hann er hræddur um, að það muni þurfa að skíra þær upp. (BrPét)
- d. Magurt þótti mér ljónið vera Jónas minn í dýragarðinum í Lundúnaborg, það var orðið eins lúalegt á því hárið og á honum Finni mínum. (BrPét)
- e. Það var fundur í bókmenntafélaginu í fyrradag. (BrPét)
- f. og svo skal ég segja okkur, að það yrði að koma þér í álit hjá Rentukammerinu, og hvað veit hvað það kann að gjöra á síðan. (BrPét)

- g. Það stendur að sönnu skrifað á dálitlum seðli. (BrPét)
- h. Það þurfti að skíra töflurnar. (BrPét)
- i. Það eru ekki neinar nýlundur að skrifa héðan, sem merkilegar sé. (BrPét)
- j. Það er annars ekki þessi virði púltið, sem flutningurinn á því kostar (BrPét)
- k. og það sýnir líka best raun vitni um (BrPét)
- l. en það ætlast ég til, að þú það fyrsta sundið er fært, fáir þig lausan snöggvast (19f-1)
- m. Þú þekktir, að það var ei svo gott að ráða við hana. (19f-2)
- n. Nú vonast Jón Einarsson eftir að verða hreppstjóri, og mátt þú trúá, að það eru á honum vangaveltur núna. (19f-2)
- o. Það er of langt að skrifa þær hér allar, það er nóg, ef ég kem með eina, sem hann gerði um Mde Elínu, þegar hún datt úr stiganum í fyrra. (19f-2)
- p. en sjávar gangur hefur að mestu plássið brotið, svo það er ómögulegt það að mæla (19f-3)
- q. Það var heldur ekki annars kostur en að læðast um nótt (19f-4)
- r. Það gengur ei svo gleðilega út fyrir mér, þegar ég fer að hugsa til að gifta mig. (19f-6)
- s. Hún sagði þá strax, það þarf ekki að gefa því svar, hann gefi ekkert um sig. (19f-6)
- t. Það er hætt einu auganu nema vel fari, þó lakara væri en Didda mín er. (19f-6)

Flest þessara dæma eru úr sendibréfum. Þorbjörg Hróarsdóttir (1995) hefur einmitt kannað notkun merkingarsnauds *það* í bréfum og tímaritum frá þessum tíma, og segir:

Helstu niðurstöður eru þær að *það*-innskot er komið inn í mál nokkurra bréfitara sem eru fæddir um 1730 [...]. Tíðni leppsins verður aftur á móti ekki veruleg fyrr en í máli þeirra sem eru fæddir eftir 1800 (1810-1830). Þróun breytingarinnar fylgir nokkurn veginn S-laga mynstri [...].

Aðrar markverðar niðurstöður eru þær að tíðni *það*-innskots er mun lægri í aukasetningum en aðalsetningum [...]. *það*-innskot í tilvistarsetningum og ópersónulegum setningum hefur [...] frá upphafi og út allt tímabilið sem var athugað langmesta tíðni allra tegunda.

Þessi niðurstaða Þorbjargar er örugglega rétt svo langt sem hún nær. Það verður hins vegar að taka tillit til þess að á fyrri hluta 19. aldar fara að koma til annars konar textar en áður; óformleg sendibréf, sem ætla má að standi nær talmáli en flestir eldri textar sem varðveittir eru. Niðurstöður Þorbjargar um elstu aldurshópna byggjast

aðallega á opinberum bréfum embættismanna, en í yngri hópunum notar hún aðallega einkabréf, og það skýrir sennilega að nokkru leyti þá snöggu aukningu á notkun merkingarsnauds *það* sem lesa má úr niðurstöðum hennar.

Á hinn bóginn er útilokað að segja til um það hversu mikil áhrif mismunandi texta eru. Mér finnst eðlilegast að gera ráð fyrir að merkingarsnautt *það* hafi lifað í talmáli allt frá því að fyrstu dæmi um það finnast, um 1500 eða fyrr, og tíðni þess hafi verið talsvert meiri en fram kemur í rituðum textum. Mér þykir þó líklegt að tíðni *það* hafi aukist í upphafi 19. aldar, þannig að sá munur sem Þorbjörg fann stafi ekki eingöngu af tilkomu talmálskenndra texta. En um þetta er vissulega erfitt að fullyrða nokkuð.

6.5 *það* orðið fast í sessi

Hvernig sem þessu er varið þá er ljóst að á fyrsta þriðjungi 19. aldar festir merkingarsnautt *það* sig í sessi, og um miðja öldina eða fyrr virðist notkun þess vera komin í svipað horf og í nútímamáli; sömu tegundir koma fyrir, og bæði í aðal- og aukasetningum. Hér fara á eftir nokkur dæmi sem sýna þetta.

(24) *Dæmi úr Manni og konu og Mannamun, frá 3. fjórðungi 19. aldar:*

- a. Það er logn og blíða og rennihjarn.
- b. Það veitir ekki af að búa vel að hálsinum á sér í hörkunum.
- c. Það er margt undarlegt, sem við ber, ég hef líka heyrt annan viðburð svipaðan þessu
- d. Það var um haustið, hálfum mánuði eftir göngur, fimm heldur en sex árum eftir það, að hann Einar heitinn stutari varð úti.
- e. Það líður heldur ekki á löngu, að ofsaveður brestur á, svo fella má segl og leggja til drifs.
- f. Það leið ekki á löngu, þangað til ég þekkti skipið skammt undan landi.

(25) *Önnur dæmi frá seinni hluta 19. aldar:*

- a. Þá bar svo til, að það kom dúfa fljúgandi inn í salinn og settist á höfuð Fabians. (Alman)
- b. Það sýnist svo, sem forsetinn hafi viljað véfengja það sem ég hef borið fyrir mig úr alþingis-tilskipuninni. (JónSig)
- c. Það eru til margir þrætugjarnir menn, sem höfða mál út úr litlu efni (JónSig)
- d. en þegar að á að herða, þá finnst mér eins og ég ætti að stíga í stól, að það komi kökkur fyrir brjóstið á mér, og ég þurfi eitthvað að hressa mig á (JónSig)
- e. Það eru jafnvel dæmi til þess, að fjöggra ára gömul börn hafi verið brennd

- fyrir galdur. (Galdur)
- f. Það var ekki heldur að búast við því. (Galdur)
- g. Það var þá hálshöggvin kona fyrir fjölkyngi. (Galdur)
- h. En mér fannst, meðan ég átti heima þar í sókninni 1840-1844, að það mætti þó eitthvað gera (PálMel)
- i. En það var einhver innri rödd sem knúði mig áfram. (PálMel)
- j. Það var margt á þingi, sem ekki var að mínu skapi. (PálMel)
- k. Það var snjócoma mikil og ófærð (PálMel)
- l. Þegiðu, það skriplaði á skötu. (Sagnkv)
- m. Strax þegar fólkið var háttað, skall á ofsaveður, svo það brakaði í hverju tré, og var eins og allt ætlaði ofan að ganga. (Sagnkv)
- n. Það er ekki svo langt þangað, að ég nái ekki háttum (Sagnkv)
- o. Það varð að bera Eilíf í fjórum skautum heim (PorGj)
- p. Það var svo sem engin meaning í því að tigla honum mikið þegar ekki var hægt að brúka hann. (PorGj)
- q. Það er komin upp Sturlungaöld að nýju í landi voru (BrynjSv)
- r. Það verða einatt Hálfðanarheimtur á þessum bréfum (BrynjSv)
- s. Það var eins og hann hitti á óskastundina (BrynjSv)
- t. Það gengu jafnvel sögur af því að hann hefði stundum barið þá sem leituðu hans svo að á þeim hefði séð. (GestP)
- u. Það var mikill alvörusvipur á læknum (GestP)

Í upphafi kaflans er sagt að þótt merkingarsnautt *það* sé ákaflega algengt í nútímamáli. Þetta á þó einkum við um talmálið, eins og áður er vikið að; í ritmáli er tíðni þess margfalt minni. Stundum hefur jafnvel verið amast við notkun þess; þannig segir Jakob Jóh. Smári (1920:19): "Fallegast mál er að nota þetta aukafrumlag sem minst." Margir kannast líka við það að svipuðum sjónarmiðum hafi verið haldið að þeim í skóla.

Þetta veldur því að erfitt er að rekja uppkomu og þróun merkingarsnauðs *það* á fyrri málstigum, þar sem aðeins er hægt að byggja á rituðum textum. Sú hætta er veruleg að við ofmetum þær breytingar sem hafa orðið á notkun þess, vegna þess að við berum ritmál fyrri tíðar saman við nútíma talmál. Slíkur samanburður er ævinlega varasamur, en sennilega óvída eins hæpinn og á þessu sviði.

7. kafli: Nafnliðarfærslur

7.1 Eðli nafnliðarfærslna

Í flestum málum eru til **venslabreytandi reglur**; setningafræðileg ferli sem breyta venslum nafnliða við umsögn. Það gerist á þann hátt að nafnliður er tekinn úr upprunastað sínum í grunngerð (D-gerð) setninga og fluttur inn í rökliðarbás sem er tómur í grunngerðinni. Með rökliðarbás er átt við frumlags-eða andlagsbás, því að frumlag og andlag eru rökliðir umsagnar; þ.e., þátttakendur, ef svo má segja, í þeirri athöfn eða ástandi sem umsögnin segir frá eða lýsir. Yfirleitt er reyndar aðeins gert ráð fyrir að hægt sé að færa lið inn í frumlagsbás, en ekki andlagsbás, af ástæðum sem óþarft er að fara út í hér. Í yfirborðsgerð (S-gerð) setningarinnar tekur liðurinn svo að sér það hlutverk sem tengist stöðu hans þar, en missir hlutverkið sem honum var ætlað í grunngerðinni.

Slík ferli eru oft nefnd **nafnliðarfærslur** (NP-movement); undir það falla einkum **þolmynd** og **(frumlæg) frumlagslyfting**. Í þolmynd færast grunngerðarandlagið inn í tóman frumlagsbás, og verður að yfirborðsfrumlagi, eins og sýnt er í (1). Í frumlagslyftingu, sem einkum kemur fyrir með sögnunum *sýnast* og *virðast*, færast frumlag aukasetningar inn í tóman frumlagsbás móðursetningar, eins og sést í (2).

- (1) a. ___ var barinn Sveinn
b. Sveinn_i var barinn t_i
- (2) a. ___ virðist [Sveinn hafa lesið bókina].
b. Sveinn_i virðist [t_i hafa lesið bókina].

Ýmis rök má færa fyrir þeirri afleiðslu sem hér er sýnd. Þar má í fyrsta lagi nefna merkingarleg rök; grunngerðarandlagið hefur sömu merkingarlegu vensl við sögnina þótt það sé komið í frumlagssætið. Þetta er yfirleitt skýrt með því að segja að umsögnin úthluti merkingarhlutverkum (GERANDI, POLANDI o.s.frv.) til rökliða sinna í grunngerðinni, og þeir haldi þeim þótt þeir endi einhvers staðar annars staðar í yfirborðsgerðinni. Ef við skoðum germyndina *Jón barði Svein* og þolmyndina *Sveinn var barinn* þá er ljóst að *Jón* er frumlag í fyrri setningunni en *Sveinn* í þeirri seinni; en það er jafnljóst að þótt *Sveinn* sé kominn í frumlagssætið heldur hann áfram að vera þolandi verknaðarins. Á sama hátt hefur *Sveinn* greinilega sömu merkingartengsl við umsögn aukasetningarinnar í (2a) og (2b), þótt setningafræðileg staða hans sé ólík.

Einnig má nefna beygingarleg rök. Það er alkunna að germyndarandlag í þolfalli

verður að nefnifallsfrumlagi í þolmyndinni; en germyndarandlag í þágufalli eða eignarfalli heldur hins vegar sínu falli. Þannig fáum við *Jón hjálpaði Sveini* og *Sveini var hjálpað*, og *Jón saknaði Sveins* og *Sveins var saknað*. Þetta er einnig skýrt svo að þágufalli og eignarfalli sé úthlutað þegar í djúpgerð, og liðirnir sem fá þau föll, djúpgerðarandlögin, haldi þeim þótt staða þeirra breytist í yfirborðsgerðinni. Nefnifalli og þolfalli er hins vegar úthlutað í yfirborðsgerð. Andlag sagnar eins og *berja* tekur því ekki með sér neitt fall þegar það er flutt í frumlagssæti í þolmyndinni, en fær þar nefnifall eins og frumlögum er eðlilegt; andlög sagna eins og *hjálpa* og *sakna* taka hins vegar fallið með sér, og geta því ekki fengið nefnifall þótt þau flytjist í frumlagssætið. Hliðstæðum rökum má beita við frumlagslyftingu, þar sem aukafallsfrumlagi er lyft:

- (3) a. ____ virðist [Sveini leiðast bókin.]
b. Sveini_i virðist [t_i leiðast bókin.]

Þágufall frumlagsins í (3b) hlýtur að vera komið úr aukasetningunni, enda úthlutar *virðast* ekki þágufalli til frumlags síns, eins og (2b) sýnir. Setningar af þessu tagi eru því sterk rök fyrir því að lyfting verði með sögnum eins og *virðast*.

Ekki eru þó allar setningar með hjálparsögninni *vera* og lýsingarhætti þátíðar myndaðar á þann hátt sem lýst er hér að framan, heldur eru þær af tvennum toga. Annars vegar er um að ræða setningarlega þolmynd, þar sem verið er að lýsa ferli, eins og í (1); hins vegar orðmyndunarlega þolmynd, þar sem lýst er ástandi. Í síðarnefndu tegundinni er ekki gert ráð fyrir neinni nafnliðarfærslu. Mun þessara ferla má skýra með parinu í (4) (sbr. líka Höskuld Þráinsson 1990; Halldór Ármann Sigurðsson 1989; Wasow 1977):

- (4) a. Hliðinu var lokað.
b. Hliðið var lokað.

Sögnin *loka* stjórnar þágufalli, og eins og áður segir á grunngerðarandlag í þágufalli að halda falli sínu þótt það sé fært í frumlagssæti. Fyrri setningin er því eins og við er að búast; eðlileg þolmynd. Í seinni setningunni er frumlagið á hinn bóginn í nefnifalli, ekki þágufalli eins og við væri að búast samkvæmt framansögðu; en samt er sú setning augljóslega fullkomin íslenska líka.

Þegar að er gáð er augljóst að merkingarmunur er á setningunum. Fyrri setningin lýsir atburði; breytingu á stöðu hliðsins, frá því að vera opið yfir í að vera lokað. Þess vegna er hægt að hafa geranda með í fyrri setningunni, eins og (5a) sýnir, þótt það fari reyndar sjaldnast vel í íslensku (sbr. Höskuld Þráinsson 1990):

- (5) a. Hliðinu var lokað af Jóni.

b. *Hliðið var lokað af Jóni.

Seinni setningin lýsir aftur á móti ástandi, og þar er þetta alls ekki hægt, eins og (5b) sýnir, enda hefur ástand engan geranda. Í þeirri setningu er *lokað* eins og hvert annað lýsingarorð; setningin er sambærileg við *Hliðið var rautt* eða eitthvað slíkt.

Gert er ráð fyrir að myndun lýsingarorðsins *lokaður* af sögninni *loka* sé orðmyndunarlegs eðlis, og fari því fram í orðasafninu; áður en orðið er sett inn í setninguna. Þeirri breytingu fylgi breyting á rökformgerð orðsins, þannig að andlagið (innri rökliðurinn) sé gert að frumlagi (ytri röklið). Vegna þess að sú breyting er gerð í orðasafninu, áður en orðinu er stungið inn í setninguna, er *hliðið* aldrei andlag í seinni setningunni, og fær því aldrei andlagsfall, heldur eðlilegt frumlagsfall.

7.2 Rök gegn nafnliðarfærslu í fornu máli

Til skamms tíma efuðust menn ekki um að þolmynd kæmi fyrir í forníslensku, enda er um hana fjallað í sérstökum kafla hjá Nygaard (1905:174-179). Það er líka fljótlegt að finna fjölda dæma þar sem hjálparsögnin *vera* stendur með lýsingarhætti þátíðar af aðalsögn; nokkur slík eru tínd til í (6).

(6) a.

b.

c.

d.

e.

Fyrir nokkrum árum benti þó Dyvik (1980) á að hjá Nygaard (1905) virtist hugtakið þolmynd (passiv) vera merkingarlegs eðlis, en ekki setningafræðilegs, enda tekur Nygaard með ýmis dæmi af öðrum toga þar sem gerandi er ekki nefndur (eða kemur aðeins fyrir í forsetningarlið), s.s. (7):

(7) a. Þormóður kvað mjög hátt, svo að heyrði um allan herinn

b. Þessi tíðindi spyrjast brátt

Dyvik velti fyrir sér hvernig skilgreina bæri þolmynd, og komst að þeirri niðurstöðu að því aðeins væri hægt að tala um (setningafræðilega) þolmynd að hún greindist á

einhvern formlegan hátt frá sambandi sagnar (*vera* eða *verða*) og lýsingarorðssagnfyllingar (þ.e. orðmyndunarlegri þolmynd). Hann segir (1980:**):

‘Passiv’ berøver verbet evnen til á dele ut én av sine roller, nemlig den *subjektet* ellers får. [...] Vi vil da si at et språk har ‘passiv’ bare hvis det har en (uttrykksmessig isolerbar) grammatisk kategori som er knyttet til verbet (predikatskjernen) eller til et verbalt syntagme, og som har som sitt primære innhold at den modifierer verbets relasjonelle innhold [...].

Dyvik tók síðan til athugunar ýmsar röksemdir sem beitt hefur verið til að afmarka þolmynd í þessum skilningi. Hann benti á að forsetningarliður með *af* er ekki öruggt merki um setningarlega nafnliðarfærslu, því að *af* getur haft fleiri hlutverk en standa með geranda. Því til sannindamerkis benti Dyvik á eftirfarandi setningar:

- (8) a. Ek em af ollum gleymdr.
b. En af honum eru allir hlutir skapaðir.
c. ... ok þá hluti halda úbrigðilega sem af konungum eru kirkjunni gefnir.

Dyvik leitaðist við að færa að því rök að í öllum slíkum setningum væri um að ræða lýsingarlega eða orðmyndunarlega þolmynd (adjectival passive, lexical passive) en ekki sagnarlega eða setningarlega þolmynd (verbal passive, transformational passive). Þar vísar hann til sundurgreiningar Wasows (1977), og segir (1980:100-101):

Setningene i [(8)] denoterer *statiske* situasjoner, mens de "tilsvarende" aktive setningene er dynamiske. [...] [(8)]a-c) viser at det er mulig å tilføye en agentif *af*-frase til tross for det statiske innholdet. [...] Men konstruksjoner med ‘vera’ + perfektum partisipp har ikke nødvendigvis statistisk innhold; jfr. [(9)]:

- (9) a. Ok váru þá hundarnir leystir.
b. En hann fekk sótt ok dó ok var síðan grafinn í kirkjugarði sem aðrir menn.
c. Henni var trúat sem góðri konu.

Niðurstaða Dyviks, sem hann er þó ekki of viss um, er þessi (1980:105-106):

Den noe tentative konklusjonen blir derfor at konstruksjoner med ‘vera’/‘verða’ + perfektum partisipp må analyseres som vanlige predikativkonstruksjoner. Muligheten for dynamisk tolkning av setninger som [(8)] blir et rent semantisk forhold knyttet til det produktivt avledede verbaladjektivet.

Hreinn Benediktsson (1980:115) bendir hins vegar á að ekki þurfi alltaf að reiða sig

predicate of a passive sentence is a particle, i.e. an adjective.

Faarlund viðurkennir að vísu að einstöku dæmi finnist sem ekki geti verið annað en setningarleg þolmynd, sbr. (12); en hann segir að þau séu öll í textum í lærðum stíl, þýðingum úr latínu, og því megi telja að þar sé um þýðingaráhrif að ræða, en ekki lifandi norrænt mál.

(12) a. Þá var honum Konraðr dauðr sagðr.

b. ___ sagði honum [Konraðr var dauðr].

(Faarlund 1986)

7.3 Dæmi um nafnliðarfærslu

En það er tæplega rétt að ótvíræð dæmi eins og (12) séu bundin við lærðan stíl. Í frásagnartextum má finna a.m.k. tvenns konar dæmi sem ekki falla að þeirri kenningu að þolmynd sem feli í sér nafnliðarfærslu hafi ekki verið til í fornu máli. Annars vegar eru það dæmi eins og (13), þar sem gerandinn kemur fram í forsetningarlið.

(13) a. Þá var hann beðinn *af vinum sínum* að staðfestast hér.

(*Bandamanna saga*, s. 27)

b. Því máli var vel svarað *af móður hennar*.

(*Gunnars saga Keldugnúpsfífls*, s. 1157)

c. Þá var hann tekinn *af óvinum sínum*.

(*Íslendinga saga*, s. 673)

d. ... þá var þetta kveðið *af einhverjum*.

(*Þorgils saga og Hafliða*, s. 22)

Vissulega er það rétt hjá Dyvik (1980) að forsetningarliðurinn þarf ekki alltaf að tákna geranda, en ekki verður annað séð en hann geri það í þessum dæmum. Það er líka skýr munur á þeim og (14):

(14) Þórður var hirðmaður Eiríks jarls Hákonarsonar og *af honum* vel metinn. Ekki var Þórður mjög vinsæll *af alþýðu* ...

(*Bjarnar saga Hítðælakappa*, s. 75)

Hér koma fyrir tveir forsetningarliðir með *af*. Hugsanlegt er að túlka þann fyrri þannig að hann hafi að geyma geranda, þar eð *metinn* er lh.þt. Í seinni setningunni er aftur á móti hreint lýsingarorð, *vinsæll*, þannig að slík túlkun kemur ekki til greina. Það er líka eðlilegt að skilja fyrri setninguna þannig að hún lýsi ástandi, og sé þar með orðmyndunarleg þolmynd. En dæmin í (13) eru greinilega annars eðlis, og hljóta að lýsa atburði.

Önnur tegund þolmyndarsetninga sem ekki fellur að hugmyndum Faarlunds eru setningar eins og í (15). Þar fer saman þolmynd í aðalsetningu og (andlæg) frumlagslyfting, þannig að yfirborðsfrumlag aðalsetningarinnar er djúperðarfrumlag aukasetningarinnar, og þiggur þaðan merkingarhlutverk sitt. Slíkt er algerlega andstætt lýsingarlegri þolmynd, sem er staðbundin (local; sbr. Wasow 1977).

- (15) a. ... jöklar eru mjög miklir sagðir á Grænlandi. (*Grænlandinga saga*, s. 1098)
 b. Sá var honum sagður frændi Sörla. (*Íslendinga saga*, s. 256)
 c. Eigi mun það aukið þó að hann sé sagður ríkastur maður á Íslandi. (*Bandamanna saga*, s. 14)
 d. Þorkell Gellisson var hið mesta nytmenni og var sagður manna fróðastur. (*Laxdæla saga*, s. 1654)
 e. Konungur [...] kvað Þorstein sagðan góðan dreng ... (*Þórarins þáttur Nefjólfssonar*, s. 2256)
 f. ... því að hann var sagður margkunnandi. (*Þorleifs þáttur jarlaskálds*, s. 2268)
 g. Er oss Þorvarður sagður hinn mesti ofsamaður ... (*Þorgils saga skarða*, s. 707)
 h. Eru þér nú sagðir draumarnir allir. (*Laxdæla saga*, s. 1580)
 i. Mér ertu sagður stórlátur og féggjarn ... (*Vopnfirðinga saga*, s. 1989)
 j. Ekki er hann sagður mikilmenni. (*Reykðæla saga*, s. 1743)

Hér má einnig benda á setningar eins og (16), þar sem um er að ræða (frumlæga) frumlagslyftingu; grunnperðarfrumlag aukasetningarinnar er gert að yfirborðsfrumlagi aðalsetningarinnar.

- (16) a. Árna kvaðst það illt þykja. (*Svínfellinga saga*, s. 565)
 b. Honum kvaðst illa hug um segja (*Reykðæla saga*, s. 1777)
 c. Henni kvaðst harðla gott þykja hann að finna ... (*Finnboga saga ramma*, s. 654)
 d. Þeim kvaðst þykja sér vandalaust að vísa af höndum öllum illmennum. (*Hrafns saga Sveinbjarnarsonar*, s. 2158)
 e. Þeim kvaðst svo að hyggjast að eigi mundi annar maklegri að njóta þessarar konu (*Fljótsdæla saga*, s. 684)
 f. Honum kveðst það lög sýnast að nokkuð hefði fyrir komið (*Grettis saga Ásmundarsonar*, s. 966)
 g. Honum kveðst meira um að halda fram og svo var gert. (*Grænlandinga þáttur*, s. 1111)
 h. Honum kveðst þykja horfa óvænlega þar sem kappgjarnir áttu hlut í.

- (*Harðar saga og Hólmverja, s. 1261*)
- i. Hrafni Oddssyni kvaðst það vel líka ... (*Íslendinga saga, s. 666*)
- j. En henni lést agasamlegt þykja og kvað eigi kvinna vist þar vera.
(*Hákonar saga herðibreiðs, s. 810*)
- k. Lést honum og það mestu þykja skipta. (*Íslendinga saga, s. 374*)+

Hér hlýtur aukafallið á frumlaginu að vera ættað úr aukasetningunni; *kveðast* og *látast* taka annars frumlag í nefnifalli, en virðast hér vera lyftingarsagnir. Útilokað virðist að greina þessar setningar öðruvísi en svo að þar sé um nafnliðarfærslu að ræða, en slíkt á ekki að geta gerst í "non-configurational" máli, eins og áður segir.

Að öllu samanlögðu sýnist mér ljóst að engar forsendur eru fyrir öðru en telja að setningarleg nafnliðarfærsla hafi verið til í fornu máli, rétt eins og í nútímamáli. Þótt þolmynd sé vissulega oft orðmyndunarleg (lexíkölsk) bæði að fornu og nýju virðist útilokað að lýsa ýmsum setningum í fornum frásagnartextum á viðunandi hátt án þess að gera ráð fyrir setningafræðilegri þolmynd, færslu grunngerðarandlags í tóman frumlagsbás. Frumlagslyftingarsetningum, þar sem yfirborðsfrumlag móðursetningar stjórnast merkingarlega og jafnvel beygingarlega af umsögn dóttursetningar, er líka útilokað að lýsa nema með nafnliðarfærslu.

8. kafli: Aukafallsfrumlög

8.1 Frumlög og frumlagseinkenni

Það hefur verið almenn skoðun meðal málfræðinga undanfarin ár að nútímaíslenska hafi frumlög í öðrum föllum en nefnifalli. Þessu var fyrst haldið fram í grein Andrews (1976), og hefur síðan verið tekið upp og rökstutt frekar í fjölda rita, t.d. hjá Höskuldi Þráinssyni (1979) og Halldóri Ármanni Sigurðssyni (1989).

Hér er um tvennt að ræða; annars vegar eru sagnir sem áður voru kallaðar "ópersónulegar", vegna þess að þær standa alltaf í 3. persónu eintölu og taka ekki með sér neinn nefnifallslið, eins og í eftirfarandi dæmum:

- (1) a. Mig vantar peninga.
b. Mér kólnar.
c. Mín er saknað.

Hins vegar eru svo sagnir sem taka með sér tvo nafnliði (rökliði); annan í nefnifalli en hinn í þágufalli, og þágufallsliðnum er "eðlilegt" að standa fremst:

- (2) a. Mér líkar hesturinn vel.
b. Mér leiðist maðurinn.

Í hefðbundinni setningafræði eru slíkar sagnir venjulega ekki taldar ópersónulegar, heldur talið að nefnifallsliðurinn sé frumlag, og þágufallsliðurinn andlag. Til þess bendir vissulega það að sögnin getur samræmst þessum nefnifallslið í tölu (sbr. Höskuld Þráinsson 1979, Halldór Ármann Sigurðsson 1990-91):

- (3) a. Mér líka hestarnir vel.
b. Mér leiðast mennirnir.

Þetta er þó ekki nóg. Þegar betur er að gáð kemur nefnilega í ljós að sagnir af þessu tagi greina sig yfirleitt frá persónulegum sögnum á tvennan hátt. Í fyrsta lagi er samræming í tölu við nefnifallsliðinn sjaldnast skyldubundin; einna helst þó með sögnunum *líka* og *leiðast* (sbr. Halldór Ármann Sigurðsson 1990-91). Yfirleitt getur sögnin vel staðið í eintölu þótt nefnifallsliðurinn sé í fleirtölu:

- (4) Mér finnst þeir góðir.

Í öðru lagi er samræming við nefnifallsliðinn, þar sem hún er notuð á annað borð,

algerlega bundin við tölu; sögnin stendur aldrei í 1. eða 2. persónu í slíkum dæmum, enda þótt nefnifallsliðurinn geri það (sbr. Eirík Rögnvaldsson 1983):

- (5) a. *Mér líkið þið vel.
b. *Honum leiðumst við.

Reyndar er málið flóknara en þetta. Helgi Bernóðsson (1982) hefur leitt að því sannfærandi rök að sumar sagnir af þessu tagi, þ.e. sem taka þágufalls- og nefnifallslið, séu tvöfaldar í roðinu; sá liður sem standi á undan sögninni hagi sér eins og frumlag, hvort sem það sé nefnifalls- eða þágufallsliðurinn. Ekki er þó ástæða til að fara nánar út í þetta hér.

Í eldri skrifum um forníslensku (sem og nútímamál) voru setningar af því tagi sem fjallað hefur verið um hér að framan taldar frumlagslausar, vegna þess að ekki var talið að frumlag gæti verið í öðru falli en nefnifalli. Nygaard (1905:6-7) segir t.d.:

I visse tilfælde sættes et prædikat i 3die pers. ental for at udtrykke, at noget paa en vis tid indtræder eller finder sted, saaledes at der ikke kan tænkes paa noget udenfor liggende subjekt, hvorom prædiketet udsiges, men subjekts- og prædikatsforestillingen er smeltet sammen og indesluttet i det enkelte led. Om saadanne udsagn kan bruges benævnelsen *subjektløse sætninger+.

Þannig er steyppt saman í einn flokk tvenns konar setningum sem nú þykir eðlilegra að halda aðskildum; annars vegar setningum án nokkurs rökliðar, einkum setningum með ýmsum veðurfarssögnum, og hins vegar setningum án nefnifallsrökliðar. Þetta má sjá í eftirfarandi dæmum um "subjektløse sætninger" frá Nygaard (1905:7-8):

- (6) a. þá var myrkt af nótt
b. dunar í skóginum
- (7) a. tók honum at kolna
b. batnaði Agli
c. bættist honum harms sins
d. þar hafði slátrat verit uxa einum
e. er Sigvalda lítt við orrostuna getit
f. honum hafði orðit ákafliga heitt um daginn
g. feitt er mér enn of hjartarætr.

Í dæmunum í (6) er enginn nefnifallsrökliður; þær eru, samkvæmt nútímaskilningi, hinar raunverulegu ópersónulegu setningar. Í (7) er aftur á móti rökliður með öllum

sögnunum, enda þótt hann sé ekki í nefnifalli.

Væru setningarnar í (7) úr nútímamáli mætti beita ýmsum prófum á aukafallsnafnliði þeirra, og niðurstaðan yrði væntanlega sú að þeir höguðu sér setningafræðilega eins og frumlög. En þar með er auðvitað ekki sagt að sama hafi gilt um forníslensku; vel er hægt að hugsa sér að setningafræðileg staða liða af þessu tagi hafi þar verið önnur.

Sá sem einna mest hefur fjallað um þetta atriði er Jan Terje Faarlund. Hann hefur reyndar sett fram mismunandi skoðanir á málinu; þannig taldi hann eitt sinn (1980) að eðlilegt væri að nota hugtakið frumlag um aðra liði en nefnifallsliði:

If we want, then, to operate with the term `subject' for a language like Old Norse, it is meaningful only to the extent that we are willing to abandon the rule that says that "the subject is in the nominative". That rule at best expresses a tautology, and therefore it is uninteresting as a grammatical statement. It seems, however, that it may still be fruitful to use the term `subject' for a NP that has a particular grammatical relationship to the verb and the rest of the sentence, and that has a certain role in the information structure of the sentence. This grammatical category can then be expressed by different surface cases, as is also the case with other grammatical categories, such as adverbials and direct objects.

Síðar virðist hann þó hafa skipt um skoðun, og vill nú skilgreina frumlag út frá nefnifalli, eins og fram kemur í eftirfarandi tilvitnun:

For Old Norse, I defined `subject' pretheoretically as a nominative NP, and the study of subject properties in Old Norse above did not give us any reason to establish a subject category on any other basis. (Faarlund 1987a:40)

8.2 Aukafallsfrumlög?

Áður en lengra er haldið er rétt að skoða dæmi um setningar án nefnifallsfrumlags í fornu máli. Þau eru mýmörg, og er hér skipt í nokkra flokka:

(8) *Setningar með dreyma/ugga/vanta:*

- a. En mig má mjög ugga að eigi sé vís gistingin (*Íslendinga saga, s. 655*)
- b. Enn dreymdi Jóreiði að þessi kona kom að henni.
(*Íslendinga saga, s. 675*)
- c. Sturla sagði svo að hann hefði dreymt um nóttina
(*Íslendinga saga, s. 319*)

- d. og aftur mundi eg setjast ef mig hefði þvílíkan draum dreynt.
(*Flóamanna saga*, s. 747)
- e. "Það dreymdi mig faðir að mér þótti Þórný systir mín gefa mér osthleif og voru af bárunar."
(*Flóamanna saga*, s. 771)
- f. Þá dreymdi hann, að maður kom að honum og bað hann upp standa og fara braut sem skjótast;
(*Landnáma*, s. 299)
- g. En þó vantar Odd ekki sláturfé.
(*Bandamanna saga*, s. 30)
- (9) *Setningar með líka/leiðast*
- a. Oddi líkar vel við hann.
(*Bandamanna saga*, s. 3)
- b. Og nú leiðist honum þessi athöfn.
(*Bandamanna saga*, s. 26)
- c. Þorgils líkar illa við Eirík.
(*Flóamanna saga*, s. 757)
- d. Líkar Eyjólfu nú stórilla þetta allt saman.
(*Gísla saga Súrssonar*, s. 946)
- e. Seint leiðist þér að biðja griða til handa Gretti ...
(*Grettis saga Ásmundarsonar*, s. 992)
- f. Eigi leiðist þeim að vér eigumst við glettni.
(*Sturlu saga*, s. 65)
- (10) *Setningar með þykja/finnst*
- a. Þar sá hann mey fagra þá er honum fannst mikið um.
(*Egils saga Skallagrímssonar*, s. 406)
- b. Og nú finnst mönnum orð um hve skrautlegur flokkur þeirra var ...
(*Gísla saga Súrssonar*, s. 856)
- c. Finnst þeim Írum nú mikið um hversu víglegir þessir menn eru.
(*Laxdæla saga*, s. 1564)
- d. Segir hún jarli að henni þykir óvænt horfa um sættirnar.
(*Ólafs saga helga*, s. 328)
- e. Þótti honum sem var að Þorkell var vitur maður, skörungur mikill.
(*Ólafs saga helga*, s. 367)
- f. Þykir mönnum þar til gleði gott að drekka mörgum saman.
(*Ólafs saga helga*, s. 378)
- (11) *Aukafallsliður með vera + no. og lo.:*
- a. þeim var óþokki mikill á allri skipan Hákonar konungs.
(*Þorgils saga skarða*, s. 592)
- b. Var honum féskortur mikill en uggði nú um frændur sína og vini
(*Íslendinga saga*, s. 567)
- c. Var honum draumur sá ekki mjög skapfelldur.
(*Bárðar saga Snæfellsáss*, s. 47)
- d. Honum varð laus öxin og féll hún niður.
(*Bjarnar saga Hítðalakappa*, s. 101)

- e. En með því að þeim var lengra lífs auðið kom Þorkell þeim á kjöl. (Þórðar saga hreðu, s. 2016)
- f. Henni var þá hinn fjórtándi vetur. (Þorgils saga skarða, s. 627)

(12) *Aukafallsliður með vera + lo. í hk.:*

- a. Honum var vant nú sex tuga geldinga (Bandamanna saga, s. 30)
- b. Og er Gissuri hafði heldur svalað ... (Íslendinga saga, s. 638)
- c. var honum þá erfitt mjög bæði af reyk og hita (Íslendinga saga, s. 638)
- d. Gerði honum kalt mjög ... (Íslendinga saga 192:273)
- e. Henni verður þá kalt og kynlegt við. (Þorsteins þáttur uxafóts, s. 2313)
- f. Kerling fær ekki sofnað um nóttina, svo var henni bimbult. (Gísla saga Súrssonar, s. 871)
- g. Var honum orðið heitt. (Hávarðar saga Ísfirðings, s. 1331)
- h. Og er hann kemur á bæinn gengur hann til baðstofu því að honum var kalt orðið. (Svínfellinga saga, s. 556)
- i. En er hann kom af Leiruvogsá þá gerði honum kalt mjög og stirðnaði hann. (Kjalnesinga saga, s. 1445)
- j. Sámur gengur heim til búðar sinnar og var þeim frændum þungt í skapi (Hrafnkels saga Freysgoða, s. 1403)

(13) *Aukafallsliður með vera + lh.pt.:*

- a. Þorvaldur spyr hver fyrir skipunum réði en honum var sagt að Eyvindur Þórarinsson réð fyrir. (Hrafn saga Sveinbjarnarsonar, s. 239)
- b. Konungur segir að það var illa orðið er honum var mein gert. (Ólafs saga helga, s. 510)
- c. En er hann kom til konungs var þeim skipað í gestaskála og veitt þeim hið stórmannlegasta. (Egils saga Skalla-Grímssonar, s. 384)
- d. Honum var þar vel fagnað. (Bjarnar saga Hítðælakappa, s. 82)
- e. Ásbjörn kom heim og var honum sagt frá þessu. (Finnboga saga ramma, s. 631)
- f. Honum var kostur á boðinn hvað til gamans skyldi hafa, sögur eða dans um kvöldið. (Þorgils saga skarða, s. 734)
- g. Honum var sagt að til væri saga Tómass erkibiskups (Þorgils saga skarða, s. 734)
- h. Þeim var sprottið hár úr kalli. (Þorsteins þáttur uxafóts, s. 2312)
- (Þórðar saga hreðu, s. 2013)

(14) *Aukafallsliður með vera + ao.:*

- því að honum var vel í geði til Freysteins (Þorsteins þáttur uxafóts, s. 2310)

Rétt er að benda á að í sumum tilvikum er fallnotkun með sögnum á reiki, og

stöku sagnir geta tekið bæði nefnifalls- og þolfallsliði. Þannig er a.m.k. um *dreyma* og *ugga*:

(9) *Nefnifall í stað þolfalls með dreyma/ugga/langa*:

- a. Þá dreymdi mig hin sama kona og fyrr (*Laxdæla saga*, s. 1615)
- b. En ekki vita þá draumar þeir er mig hafa dreymt í nótt ef þér eruð þá jafnfúsir. (*Þorgils saga skarða*, s. 722)
- c. Sá maður dreymir mig jafnan (*Hallfreðar saga vandræðaskálds*, s. 1206)
- d. og nú dreymdi mig sú hin verri konan. (*Gísla saga Súrssonar*, s. 931)
- e. Um veturinn eftir bardagann í Víðinesi voru dreymdir draumar margir. (*Íslendinga saga*, s. 221)
- f. að þá sæki þig heim reiðin er þú langar til en mér þætti best að við bærisk. (*Hreiðars þáttur heimiska*, s. 2170)
- g.
- h.

Hér er þó athyglisverður munur á þessum sögnum. Með *ugga* og *langa* er það sá liðurinn sem yrði talinn (aukafalls)frumlag í nútímamáli sem ýmist stendur í nefnifalli eða þolfalli. Þekkt er að *dreyma* tekur stundum nefnifallsfrumlag í nútímamáli; en í fornu máli er það aftur á móti hinn þolfallsnafnliðurinn sem stendur stundum í nefnifalli.

8.3 Túlkun

Mørck (1992) hefur tekið stöðu aukafallsnafnliða í fornu máli, af því tagi sem hér hefur verið fjallað um, til nákvæmrar athugunar, og reynt að beita ýmsum frumlagsprófum á þá. Hann telur sig ekki finna nein skýr og ótvíræð frumlagseinkenni á þessum liðum; hins vegar telur hann þá greinast frá nefnifallsfrumlögum á a.m.k. þrennan hátt:

Med en gang kan vi slå fast at nominativledd skiller seg ut i norrønt ved å ha noen subjektsegenskaper som ingen av de andre leddtypene ser ut til å ha: For det første kongruerer ikke verbalet med ledd i andre kasus enn nominativ, for det andre er det bare nominativledd som kan gjennomgå lik-NP-stryking, og for det tredje kan nominativledd strykes friere enn andre ledd i imperativsetninger.

Niðurstaða Mørcks er því þessi:

[...] vi har endt opp med en tradisjonell definisjon av subjektet som innebærer at dette leddet blir avgrensa til å omfatte bare nominativledd [...].

Fyrsta atriðið sem Mørck nefnir er auðvitað óumdeilt og óumdeilanlegt; sagnir samræmast eingöngu nefnifallsliðum. Það er reyndar ekki bundið við íslensku, heldur mjög algengt og jafnvel algilt (sbr. Kiparsky & Kiparsky 1970; Höskuld Þráinsson 1979). Vilji menn binda skilgreiningu frumlags við þetta, er auðvitað ljóst að aukafallsfrumlög eru ekki til, hvorki að fornu né nýju. Ef við föllumst hins vegar á þá almennu skoðun að til séu aukafallsfrumlög í nútímaíslensku skiptir þetta atriði engu máli í forníslensku, því að engin breyting hefur orðið á því.

Annað atriðið sem Mørck nefnir, "lik-NP-stryking", er það sem eitt sinn var kallað "equi-NP-deletion" (sjá t.d. Höskuld Þráinsson 1979). Það felst í því að nafnháttarsetning sem er fylliliður með tilteknum sögnum, og hefur ekkert frumlag á yfirborðinu, er skilin svo að frumlag hennar sé hið sama og frumlag eða andlag aðalsetningar. Áður var gert ráð fyrir því að í djúpperð hefði nafnháttarsetningin sérstakt frumlag, sem síðan væri "eytt" vegna samvísunar við frumlag eða andlag móðursetningarinnar. Nú er hins vegar gert ráð fyrir sérstakri tegund núlliða, PRO, í frumlagssæti slíkra nafnháttarsetninga, og sagt að PRO sé valdað (controlled) af frumlagi eða andlagi móðursetningarinnar. Dæmigerðar sagnir sem taka með sér slíkar nafnháttarsetningar í nútímamáli eru *reyna* og *skipa*:

- (10) a. Ég_i reyndi [að PRO_i lesa bókina].
b. Ég skipaði Jóni_i [að PRO_i lesa bókina].

Hér er sýnd samvísun milli frumlags móðursetningarinnar og PRO í (10a), vegna þess að frumlag sagnarinnar *lesa* vísar til frumlags móðursetningarinnar; í (10b) er aftur á móti samvísun milli andlags móðursetningarinnar og PRO, því að það er *Jón* sem á að lesa bókina, ekki *ég*.

Mørck (1992) heldur því fram að engin dæmi séu um það í fornu máli að PRO í setningum af þessu tagi standi fyrir aukafallsnafnlið, og segir:

Både i det norrøne og i det mellomnorske materialet har jeg lett spesielt etter infinitivledd med verb som kan knytte til seg et potensielt oblikt subjekt, for å prøve å finne ut om et slikt oblikt ledd kan bli fjerna ved lik-NP-stryking på samme måte som et nominativledd. Men jeg har ikke funnet noen eksempel som tyder på det, så jeg meiner at vi får holde fast ved at lik-NP-stryking bare virker på nominativledd, inntil noe anna kan dokumenteres. [...] Vi kan [...] nøye oss med å registrere at nominativledd ser ut til å stå i ei særstilling med omsyn til muligheten for å gjennomgå lik-NP-stryking, og behøver ikke å bry oss om årsaken til dette. [...] Muligheten til å kunne gjennomgå lik-NP-stryking

kan f.eks. vanskelig settes opp som det eneste nødvendige og tilstrekkelige subjektstjennemerket, for det er nokså sjelden at et nominalt ledd er strøket ved denne transformasjonen. (Mørck 1992)

Ég hef ekki heldur fundið nein dæmi af þessu tagi; en ég held að við því sé ekki að búast, og það mæli á engan hátt gegn því að aukafallsfrumlög hafi verið til í fornu máli. Eins og Mørck bendir á í tilvitnuninni hér að framan er þessi formgerð ekki mjög algeng, ekki heldur þegar nefnifallsliðir eiga í hlut. Ég hef áður bent á þetta (1991):

Examples of control verbs with quirky subjects are difficult to find, even in Modern Icelandic. It also turns out that many of the typical control verbs of Modern Icelandic, such as *reyna* 'try', *skipa* 'order', *vonast til* 'hope (for)', etc., either do not exist in Old Icelandic, or they are not control verbs at all.

Þar að auki eru merkingarlegar ástæður fyrir því að ekki er hægt að búast við mörgum dæmum um PRO í stað aukafallsnafnliða. Merking flestra þeirra sagna sem taka með sér fyllisetningar með PRO er þess eðlis að frumlag þeirra (þ.e. PRO) þarf að vera gerandi; en aukafallsfrumlög eru aldrei gerendur, og gerandi verður alltaf að vera í nefnifalli.

Í nútímamáli eru þó hægt að finna dæmi þar sem PRO stendur fyrir nafnlið í aukafalli. Höskuldur Þráinsson (1979) tekur þó fram að sumir málnotendur felli sig ekki við setningar eins og (11):

(11)

Ef sú staðreynd að sumum finnst slíkar setningar vondar í nútímamáli er látin koma í veg fyrir að viðkomandi aukafallsnafnliðir séu taldir frumlög, þá er auðvitað engin ástæða til að gera ráð fyrir að þeir hafi verið frumlög í fornu máli. En ef menn telja rökin fyrir því að þessir liðir séu frumlög í nútímamáli yfirgnæfandi, og skýra það á annan hátt að setningar eins og (11) eru stundum óeðlilegar (t.d. með því að þar glatist viðbótarupplýsingar sem felast í aukafallinu, sbr. Höskuld Þráinsson 1979), þá ætti það sama líka að geta gilt um fornmál.

Þriðja atriðið sem Mørck (1992) nefnir í tilvitnuninni hér að framan eru boðhátтарsetningar. Hann bendir á að frumlagi boðhátтарsetninga er mjög oft sleppt í fornu máli, eins og þessar setningar sýna:

(12) a.
b.
c.

Um þetta segir Mørck:

Alle de norrøne og mellomnorske imperativsetningene som jeg har vært borti, har et verbal som tar eller kan ta et nominativledd, og jeg har ikke noen eksempel på imperativsetninger med et verbal som tar eller kan ta et potensielt oblikt subjekt. Det kan bety at det ikke fins imperativsetninger med uttrykt eller utelatt potensielt subjekt, men det kan også være at jeg tilfeldigvis ikke har kommet over noen slike setninger.

Hér þarf enn að gæta að merkingu þeirra sagna sem um ræðir. Aukafallsnafnliðurinn sem yrði greindur sem frumlag í nútímamáli er í flestum tilvikum skynjandi/reynandi (experiencer). Þetta eru sem sé yfirleitt sagnir sem tákna skynjun, tilfinningar o.þ.h.; og slíkar sagnir, eins og t.d. *dreyma, langa, líka* o.s.frv., er af merkingarlegum ástæðum varla hugsanlegt að nota í boðhætti. Þess vegna skiptir þetta atriði engu máli, að því er ég best fæ séð.

Ég tel því að Mørck hafi ekki fært nein sannfærandi rök gegn því að aukafallsfrumlög hafi einnig verið til í forníslensku. En þótt ég hafi hafnað meginniðurstöðu hans hef ég ekki með því sýnt fram á að aukafallsfrumlög hafi verið til í fornu máli; og nú skal það athugað nánar.

8.4 Frumlagspróf

Í umræðu um það hvaða liðir séu frumlög og hverjir ekki hafa verið nýtt ýmis frumlagspróf, eins og vikið var að hér að framan. Ýmsum þeirra er t.d. beitt hjá Helga Bernódussyni (1982), en fleiri hafa bæst við smátt og smátt. Þannig nefnir Halldór Ármann Sigurðsson (1989) ein 11 slík próf, og beitir þeim á aukafallsfrumlög í nútímamáli:

- (13) 1. Topicalization
2. Non-topicalization
3. Position in subordinate clauses
4. AcI (Raising to object)
5. NcI (Raising to subject)
6. Reflexivization
7. Control
8. Extraction
9. Heavy Subject Shift
10. Cliticization

11. Conjunction Reduction

Halldór segir að "the evidence for the subjecthood of oblique subjects is overwhelming", þótt hann bæti því við að sum prófanna "probably do not test subjecthood, but rather some properties that are most typical of subjects" (1989:209).

Eins og áður er bent á er erfitt að beita ýmsum prófum af þessu tagi á önnur málstig en nútímamál; mörg þeirra eru háð því að völ sé á málnotendum sem geti dæmt setningar góðar eða vondar eftir atvikum. Helgi Bernóðsson (1982) gerði þó tilraun til að beita frumlagsprófum á aukafallsliði í fornu máli. Hann notaði þrjú próf; afturbeygingu, tengieyðingu, og andlæga frumlagslyftingu. Honum virtust prófin gefa sömu niðurstöðu og þegar þeim er beitt á nútímamál. Þó hélt Helgi því ekki fram að þessi próf sönnuðu að umræddir liðir hefðu verið frumlög í fornu máli; hann benti aðeins á að hegðun þeirra mælti ekki gegn því að svo hefði verið.

Halldór Ármann Sigurðsson (1983) tók þetta mál einnig til skoðunar í orðaraðarathugun sinni, því að hann þurfti að taka afstöðu til þess hvort telja bæri aukafallsliði af þessu tagi með frumlögum. Hann benti á að a.m.k. tvö þeirra prófa sem Helgi beitti eru ónothæf á fornmál, vegna þess að þau byggjast á atriðum sem vitað er að voru með öðru móti í fornmáli en í nútímamáli. Þar er um að ræða afturbeygingu og tengieyðingu.

Í nútímamáli gildir sú regla um afturbeygingu að innan einfaldrar setningar verður að vísa til frumlags með afturbeygðu fornafni; ekki er hægt að nota persónufornafn. Þetta er sýnt í (14):

- (14) a. Jón_i rakaði sig_i/*hann_i
b. María_i elskar börnin sín_i/*hennar_i

Sama máli gegnir um aukafallsfrumlög, eins og Helgi Bernóðsson (1982) sýndi fram á:

- (15) a. Jón_i leiðist heima hjá sér_i/*honum_i
b. Maríu_i dreymdi móður sína_i/*hennar_i

Helgi benti nú á að sama máli virtist gegna um forníslensku; til aukafallsnafnliða, sem yrðu greindir sem frumlög í nútímamáli, er vísað með afturbeygðu fornafni en ekki persónufornafni ef ekki er um vísun yfir setningaskil að ræða. Nokkur dæmi þess má sjá hér:

- (16) a.
b.
c.

Halldór Ármann Sigurðsson (1983) taldi hins vegar að þessi röksemd segði lítið, vegna þess að reglur um afturbeygingu virðast hvort eð er hafa verið talsvert aðrar í fornu máli en í nútímamáli. Setning eins og (17), þar sem vísað er til andlags en ekki frumlags, fær þannig talsvert misjafna dóma hjá málnotendum; sumir telja afturbeygt (eignar)fornafn hugsanlegt, en aðrir alls ekki. Enginn virðist þó telja afturbeygingu skyldubundna hér:

(17) Ég rétti Jóni_i fötin %sín_i/hans_i

Í fornu máli er á hinn bóginn mun algengara en nú að afturbeygt fornafn vísi til annars liðar en frumlags (sjá Friðrik Magnússon 1985). Þannig er langoftast notuð afturbeyging í setningum með *þakka*, eins og (18a); og jafnvel eru dæmi um að vísað sé í nafnlið í forsetningarlið, eins og í (18b):

- (18) a. Jarl þakkaði honum_i orð sín_i (*Þorsteins saga Síðu-Hallssonar*, s. 2062)
b. Það er mér sagt að þú grípir fyrir mönnum_i góss sitt_i
(*Grettis saga Ásmundarsonar*, s. 1039)

Ef notkun afturbeygðs fornafns (í stað persónufornafns) var nánast skyldubundin í einstökum tilvikum þegar vísað var til liðar sem var óumdeilanlega andlag (eins og virðist t.d. hafa verið með *þakka*) þá er auðvitað ekki hægt að beita því sem frumlagseinkenni, eins og Halldór bendir á. Það þýðir þó auðvitað ekki að hegðun afturbeygingar mæli gegn því að aukafallsnafnliðir hafi verið frumlög í fornu máli; hún bara styður það ekki.

Nýlega hefur þó Kristoffersen (1993) haldið fram hinu gagnstæða. Hann segir að í öllum tilvikum þar sem afturbeyging er notuð í vísun er til aukafallsnafnliðar sem nú væri greindur sem frumlag sé um afturbeygt eignarfornafn (*sinn/sín/sitt*) að ræða, en ekki afturbeygða fornafnið *sig* (/sér/sín). Hann telur að sú staðreynd að ekki finnist dæmi um hið síðarnefnda bendi til þess að viðkomandi aukafallsnafnliðir hafi ekki verið frumlög í fornu máli.

Við þetta er tvennt að athuga. Í fyrsta lagi er þess ekki að vænta að mörg dæmi finnist af þeirri tegund sem Kristoffersen ræðir um. Stór hluti þeirra sagna sem taldar eru taka aukafallsfrumlög í nútímamáli eru sagnir sem taka tvo rökliði, annan í þágufalli og hinn í nefnifalli; og nefnifallsliðurinn er þá talinn andlag. En afturbeygða fornafnið hefur ekkert nefnifallsform, eins og alkunna er; þannig að ekki er við því að búast að afturbeyging finnist í slíkum dæmum.

Þær sagnir sem taka tvo aukafallsnafnliði eru fáar, og fæstar þess eðlis að búast megi við vísun milli liðanna tveggja; sagnir eins og t.d. *dreyma* og *vanta*. Helst mætti búast við að finna dæmi þar sem afturbeygða fornafnið væri í forsetningarlið,

eða þar sem sögnin tekur með sér aukasetningu með sögn sem einnig tekur aukafallsnafnlið í frumlagssæti, sem vísar í aukafallsnafnlið móðursetningarinnar. Dæmi um hið síðarnefnda a.m.k. eru fjölmörg:

- (19) a. Nú megum vér og það sjá að Þorgilsi_i þykir sér_i eigi lið veitt með fullu nema honum sé vígsgengi veitt. (*Þorgils saga og Haflíða*, s. 36)
- b. Þá skal hann ganga til húss, þar er honum_i þykir sér_i óhætt vera, (*Grágás*, s. 286)
- c. En þeim_i þykja áður brotin lög á sér_i. (*Eyrbyggja saga*, s. 622)
- d. segir að honum_i þótti maður koma að sér_i ógurlegur (*Sneglu-Halla þáttur*, s. 2215)
- e. Synir Ósvífurs_i fýsa þessa mjög, þykir sér_i mikil slægja til mægða við Bolla. (*Laxdæla saga*, s. 1601)
- f. ef honum_i þykir sér_i það nokkuð fullting. (*Egils saga Skalla-Grímssonar*, s. 467)
- g. og er það eigi kynlegt að slíkum mönnum_i þyki allt lágt hjá sér_i. (*Laxdæla saga*, s. 1611)

Mér sýnist því ekkert í hegðun afturbeygingar í fornu máli mæla gegn því að þeir aukafallsnafnliðir sem greindir yrðu sem frumlög í nútímamáli hafi þegar öðlast slíka stöðu þar; en vissulega er það rétt að ekki er hægt að nota afturbeygingu sem rök fyrir frumlagseiginleikum þeirra.

Eins og áður hefur komið fram er í nútímamáli hægt að nota núllið í frumlagssæti hinnar seinni af tveim hliðskipuðum setningum, að því tilskildu að hann hafi sömu tilvísun og frumlag fyrri setningarinnar í hliðskipuninni. Eins og oft hefur verið bent á (sjá t.d. Eirík Rögnvaldsson 1982) gegnir sama máli þótt sögnin í annarri hvorri setningunni taki aukafallsfrumlag. Þetta er sýnt í (20):

- (20) a. Ég_i var svangur og ____i langaði í mat
b. Mér_i leiddist og ____i fór því heim

Þetta er oft notað sem ein helsta röksemdin fyrir því að aukafallsnafnliðir geti í raun verið frumlög; eins og áður kom fram er notkun núlliða í nútímamáli algerlega háð því að núlliðurinn gegni sama setningafræðilegu hlutverki og liðurinn sem hann vísar til.

Helgi Bernóðusson (1982) sýnir fram á að setningar á við (20) eru vissulega til í formáli (sjá enn fremur Þóru Björk Hjartardóttur 1987):

- (21) a.
b.

En eins og Halldór Ármann Sigurðsson (1983) bendir á verða slíkar setningar ekki notaðar sem rök fyrir frumlageðli aukafallsnafnliða í fornu máli. Það stafar af því, að eins og áður er komið fram var dreifing núlliða þá miklu fjölbreyttari en nú, og núlliðir ekki bundnir við það af hafa samvísandi undanfara í sömu setningafræðilegu stöðu. Við getum rifjað upp tvö slík dæmi (frá Höskuldi Þráinssyni og Þóru Björk Hjartardóttur 1986); í (22a) vísar frumlagnúlliður til andlags, en í (22b) er þessu öfugt farið:

- (22) a. Hann höggur sverðinu_i ... og kom _____i í þvertréið
(*Brennu-Njáls saga*, s. 250)
b. ... og er Egill_i sá skipið, þá kenndi hann _____i þegar
(*Egils saga Skalla-Grímssonar*, s. 452)

Þetta frumlagspróf er því ónothæft í fornu máli, þótt það mæli ekki gegn tilvist aukafallsfrumlaga þar frekar en afturbeygingin.

Eitt þeirra frumlagsprófa sem Helgi Bernóðusson (1982) beitir virðist þó vera hægt að nota. Það er svokölluð andlæg frumlagslyfting (subject-to-object raising, sjá einkum Höskuld Þráinsson 1979) eða afbrigðileg fallmörkun (exceptional case marking). Með því er átt við það þegar frumlag fyllisetningar (með ákveðnum sögnum) fer að haga sér eins og andlag; fer að standa í þolfalli (ef um nefnifallsfrumlag var að ræða) og hættir að stjórna persónu og tölu sagnar. Þetta er sýnt í (23b):

- (23) a. Ég tel [að Sveinn hafi lesið bókina].
b. Ég tel [Svein hafa lesið bókina].

Í (23b) kemur fram að sá liður sem samsvarar frumlagi aukasetningarinnar í (23a), *Sveinn*, fær dæmigert andlagsfall, þ.e. þolfall; og sögnin í aukasetningunni stendur í nafnhætti, í stað persónuháttar í (23a). Samt sem áður virðist ljóst að *Sveinn* hefur sama merkingarhlutverk í (23b) og í (23a); er í báðum tilvikum gerandi með sögninni *lesa*.

Höskuldur Þráinsson (1979) hefur fjallað ítarlega um þessa setningagerð, og fært að því rök að eingöngu frumlög geti breytt um stöðu á þennan hátt. Þó er ljóst að aukafallsnafnliðir haga sér að mörgu leyti eins:

- (24) a. Ég tel [að Sveini leiðist bókin].
b. Ég tel [Sveini leiðast bókin].

Þetta dæmi er frábrugðið (23) að því leyti að aukafallsnafnliðurinn í aukasetningunni

(*Hrafns saga Sveinbjarnarsonar*, s. 242)

- e. Þá er Gregoríus kom að ánni mælti hann, lést illur sýnast ísinn,
(*Hákonar saga herðibreiðs*, s. 809)

Hér er sögn aukasetningarinnar í nafnhætti sem fyrr; og í öllum tilvikum mætti búast við að hún tæki með sér nafnlið í aukafalli (þolfalli eða þágufalli). Svo bregður hins vegar við að hér er enginn nafnliður á undan sögninni, hvorki í aukafalli né nefnifalli. Það skýrist þegar athugað er að sögn aðalsetningarinnar er alls staðar í miðmynd (*kveðast* í (26a-d), *látast* í (26e)). Miðmyndarendingin er orðin til úr afturbeygða fornafninu, þannig að hér virðist mega líta svo á að þessar setningar séu í raun hliðstæðar við setningarnar í (25).

E.t.v. mætti halda því fram að setningar af þessu tagi séu ekki örugg vísbending um frumlagseðli aukafallsnafnliðanna, heldur sé hægt að fara svona með þann nafnlið aukasetningarinnar sem er mest áberandi (prominent); það sé nefnifallsfrumlag ef það er fyrir hendi, en sé ekki um neitt slíkt að ræða geti annar liður hagað sér á þennan hátt. Þetta er vissulega hugsanlegt; en þá má í staðinn spyrja hvaða ástæða sé til að halda slíkum liðum aðgreindum frá frumlögum.

Annað próf, þessu skylt, er það sem kalla mál frumlæga frumlagslyftingu (subject-to-subject raising, sjá Höskuld Þráinsson 1979); það 5. af prófum Halldórs Ármanns Sigurðssonar (1989) í (13) hér að framan. Þetta felst í því að frumlag fyllisetningar er fært í frumlagssæti móðursetningarinnar; það er því aðeins hægt að sögn móðursetningarinnar úthluti engu ytra merkingarhlutverki til frumlagssætis síns, og það sé því autt í grunngerð (d-gerð). Þær sagnir sem hér um ræðir eru í nútímamáli einkum *sýnast* og *virðast*:

- (27) a. ___ virðist [Sveinn hafa lesið bókina].
b. Sveinn_i virðist [t_i hafa lesið bókina].

(27a) táknar hér grunngerð setningarinnar, en í (27b) hefur frumlag aukasetningarinnar verið fært í frumlagssæti aðalsetningarinnar, og skilur eftir sig spor á upphafsstað sínum, eins og sammerkingin sýnir. Þannig er einnig hægt að fara með aukafallsfrumlög í nútímamáli:

- (28) a. ___ virðist [Sveini leiðast bókina].
b. Sveini_i virðist [t_i leiðast bókina].

Þágufall frumlagsins í (28b) hlýtur að vera komið úr aukasetningunni, enda úthlutar *virðast* ekki þágufalli til frumlags síns, eins og (27b) sýnir. Setningar af þessu tagi eru því sterk rök fyrir því að "lyfting" verði með sögnum eins og *virðast*.

Eftir því sem ég best veit hefur þessu prófi yfirleitt ekki verið beitt á

forníslensku; eitt af því sem gerir það erfitt er að *sýnast* og *virðast* haga sér þar öðruvísi en í nútímamáli. Samt sem áður er hægt að finna allnokkur dæmi sem virðast vera sama eðlis og (28):

- (29) a. Árna kvaðst það illt þykja. *(Svínfellinga saga, s. 565)*
b. Hrafni Oddssyni kvaðst það vel líka ... *(Íslendinga saga, s. 666)*
c. Henni kvaðst harðla gott þykja hann að finna ...
(Finnboga saga ramma, s. 654)
d. Þeim kvaðst þykja sér vandalaust að vísa af höndum öllum illmennum.
(Hrafns saga Sveinbjarnarsonar, s. 2158)
e. Þeim kvaðst svo að hyggjast að eigi mundi annar maklegri að njóta þessarar konu
(Fljótsdæla saga, s. 684)
f. Honum kveðst það lög sýnast að nokkuð hefði fyrir komið
(Grettis saga Ásmundarsonar, s. 966)
g. Honum kveðst meira um að halda fram og svo var gert.
(Grænlandinga þáttur, s. 1111)
h. Honum kveðst þykja horfa óvænlega þar sem kappgjarnir áttu hlut í.
(Harðar saga og Hólmverja, s. 1261)
i. Honum kvaðst illa hug um segja *(Reykðæla saga, s. 1777)*
j. En henni lést agasamlegt þykja og kvað eigi kvinna vist þar vera.
(Hákonar saga herðibreiðs, s. 810)
k. Lést honum og það mestu þykja skipta. *(Íslendinga saga, s. 374)*

Hér stendur (yfirborðs)frumlag aðalsetningarinnar alls staðar í þágufalli, þótt sögn aðalsetningarinnar taki annars ekki þágufallsfrumlag. Ekki virðist önnur leið til að skýra þágufallið en sú að telja það komið úr aukasetningunni, enda "vantar" alltaf þágufallslið í aukasetninguna. Nú er í sjálfu sér vel hugsanlegt að færa aðra liði en frumlag úr aukasetningu fremst í aðalsetningu (með kjarnafærslu); en það ætti ekki að hafa þau áhrif að sögn aukasetningarinnar stæði í nafnhætti í stað persónuháttar, eins og hér gerist. Ég tel því að setningar eins og (29) styrki mjög kenninguna um tilvist aukafallsfrumlaga í fornu máli.

Hér að framan var bent á hvernig mætti nota stöðu aukafallsnafnliða í setningum með hjálparsögnum sem vísbendingu um frumlagseiginleika þeirra; en jafnframt var sýnt að vegna þess að upplýsingar um ótækar setningar skortir er mjög erfitt að túlka vitinsburð orðaraðar að þessu leyti.

Eitt megineinkenni frumlaga í íslensku er auðvitað að þeim er "eðlilegt" að standa fremst í setningu. Sjaldnast er þó hægt að nota þetta sem röksemd fyrir því að tiltekinn liður sé eða sé ekki frumlag, því að auðvitað er hægt að færa aðra liði fremst í setningu með kjarnafærslu. Eigi að síður mætti hugsa sér að ef í ljós kæmi að aukafallsnafnliðir eins og hér eru til umræðu stæðu oftast á eftir sögninni en

nefnifallsfrumlög gera, og oftast en aukafallsfrumlög í nútímamáli gera, þá væru það rök gegn því að greina þessa liði sem frumlög í fornu máli. Halldór Ármann Sigurðsson (1983) segir það sína tilfinningu að svona sé málum einmitt háttað. Það væri þó mjög erfitt að meta gildi slíks munar, ef sannreyndur væri, vegna þess að staða nefnifallsfrumlaga miðað við sagnir er líka mismunandi eftir sögnum, eins og nefnt er hér að framan (sbr. Platzack 1985).

Þó eru til ákveðnar setningagerðir þar sem frumlagið er undantekningalítið í fyrsta sæti. Þannig er um setningar sem tengdar eru með aðaltengingunni *en*, eins og áður er nefnt. Þó er nokkuð um dæmi þess að sagnir sem taka aukafallsfrumlag í nútímamáli fari næst á eftir *en*, en aukafallsnafnliðurinn komi þar á eftir. Það mætti hugsa sér að þetta benti til þess að þessir aukafallsnafnliðir hafi ekki gert eins sterka kröfu til fyrsta sætisins í fornu máli, og það bendi aftur til minni frumlagseiginleika þeirra. En eins og áður er rakið er sennilega hæpið að leggja þetta út á þann veg, vegna þess að svipuðu máli virðist gegna um nokkrar aðrar sagnir af svipuðu merkingarsviði, sem þó taka nefnifallsfrumlög.

- (32) a. Það þykir mér ráð að vér höldum að landi (Víglundar saga, s. 1967)
b. Það dreymdi mig að eg þóttist kominn til Hvítár ...
(Þórðar saga hreðu, s. 2016)
c. En það dreymdi mig nú að eg þóttist ganga að húsi einu
(Gísla saga Súrssonar, s. 876)

Staða og eðli það er langt frá því að vera alltaf ljós í nútímamáli. Óvíst er að það sé nokkru sinni notað sem gervifrumlag í fornu máli; t.d. er það aldrei notað í frumlagsstöðu veðurfarssagna, í ópersónulegri þolmynd, eða í setningum með frumlagsfrestun. Það er hins vegar notað með fráfærslu, en þar væri hægt að halda því fram að það væri tilvísandi og tengdist fráfærðu setningunni á einhvern hátt; Höskuldur Þráinsson (1979) taldi það í slíkum tilvikum geta verið haus samsetts nafnliðar, sem hefði fráfærðu setninguna á hægri grein í grunngerð (djúpperð). Því mætti e.t.v. greina setningarnar í (32) svo að þar væri beitt kjarnafærslu á vinstri grein þessa samsetta nafnliðar, og það kæmi í veg fyrir að aukafallsnafnliðurinn sæti í fyrsta sæti.

Það vekur þó nokkrar grunsemdir að slíkt skuli vera svo algengt með þær sagnir sem taka aukafallsnafnliði. Við það bætist að setningar eins og (32) eru ekki mjög eðlilegar í nútímamáli, þótt þær séu vissulega tækar; miklu eðlilegra er að hafa aukafallsnafnliðinn þar í fyrsta sæti. Því mætti láta sér detta í hug að fjöldi slíkra setninga bendi til að aukafallsnafnliðirnir séu hér ekki frumlög, og hafi því ekki eins sterka tilhneigingu til að standa í fyrsta sæti og samsvarandi liðir hafa í nútímamáli.

En þegar betur er að gáð kemur í ljós að hér virðist hið sama vera á ferðum og á eftir *en*; setningar eins og (33) eru líka algengar:

- (33) a. Það ætla eg að þú sért hinn versti karl (Bandamanna saga, s. 37)
 b. ... það veit eg að hann er í þínum híbýlum (Fljótsdæla saga, s. 218)
 c. Það vil eg að við séum báðir saman ... (Bandamanna saga, s. 23)

Sögnin *ugga* sýnir þetta einkar vel. Eins og áður hefur komið fram tekur hún ýmist nefnifallsfrumlag eða þolfallslið, án þess að nokkur merkingarmunur sé greinanlegur; og bæði föllin koma fyrir í þeirri setningagerð sem hér um ræðir.

- (34) a. Það uggi eg að þú sért sár (Víga-Glúms saga, s. 1909)
 b. ... en það uggir mig að of lítt hafi á komið ...
 (Grettis saga Ásmundarsonar, s. 1073)

Ég stend því enn við þá niðurstöðu sem ég setti fram í grein minni um þetta efni (1991):

My conclusion is that there seems to be no reason for assuming that the status of quirky subjects is different in Old Icelandic than in Modern Icelandic. To be sure, many of the subject tests commonly used for Modern Icelandic are not available for Old Icelandic. Others are available, but do not give as conclusive evidence as they do in Modern Icelandic; for instance, the Reflexivization test and the Conjunction Reduction test. However, there are some tests left which I believe show conclusively that the oblique NPs in question had already acquired subject status in Old Icelandic.